

**KARL FERDINAND THORARENSEN**

*Dolph Lundgren vakti Rússlandsáhugann*

• á ferðinni

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



**SKUGGABANKASTJÓRNIN**

*Hægfara lækkun stýrivaxta farsælust*

MARKAÐURINN FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

**SKIPULEGGJANDI FROSTRÓSA**

*Tónleikarnir velta tugum milljóna*

FÓLK 42




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. nóvember 2009 — 261. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



### Áberandi í Hollywood-stiklu

Gísli Örn birtist sem þrjótur í Prince of Persia.

FÓLK 26

### Hlakka til morgundagsins

Úlfar og Tómas verða jólasveinar ef stýrivextir lækka ekki.

FÓLK 26



### Kortleggja mannlegt eðli

Samtök áhugafólks um atferlisgreiningu eru fimm ára um þessar mundir.

TÍMAMÓT 16



### Jafnt í Mílanó

Man. Utd og Chelsea komust áfram í Meistaradeildinni en jafntefli var í stórslag Real og AC Milan.

ÍÞRÓTTIR 21

## VEÐRIÐ Í DAG



**FREMUR STÍFUR VINDUR** Í dag verða víðast 8-15 m/s, hvassast norðvestan til og við suðausturströndina. Rigning eða slydda norðan- og austan til, en víða bjart suðvestanlands. Hiti 0-7 stig.

VEÐUR 4

# Orkuþörf álversins vanmetin

**Rangar tölur um orkuþörf álvers í Helguvík eru í ákvörðun Skipulagsstofnunar um Suðvesturlínu. Stækka þarf tvær virkjanir og reisa sjö nýjar vegna álversins. Umhverfisráðherra veltir kostnaðinum fyrir sér.**

**STJÓRNSÝSLA** Greinargerð með ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki þurfi að meta umhverfisáhrif Suðvesturlínu og annarra framkvæmda tengdum álveri í Helguvík sameiginlega byggist á röngum tölum um orkuþörf álversins. Þar segir að 360 þúsund tonna álver þurfi 435 megawött (MW) af orku. Hið rétta er að orkuþörfin er 625 MW. Hér skeikar 190 MW, en til samanburðar má nefna að Hverahlíðarvirkjun mun gefa 90 MW.

Rut Kristinsdóttir hjá Skipulagsstofnun segir það ekki breyta ákvörðun stofnunarinnar, hún hafi engan veginn staðið og fallið með orkuþörf álversins. Hún segir villuna vera í gögnum Landsnets, sem leggja mun línuna. Þar hafi verið miðað við 250 þúsund tonna álver, sem noti 435 MW. Þegar tölum um álverið var breytt í 360 þúsund tonn hafi einfaldlega gleymst að breyta hinni tölunni.

Umhverfisráðuneytið vakti athygli Landsnets og Skipulagsstofnunar á villunni. Ákvörðun stofnunarinnar er hægt að kæra til umhverfisráðherra og rennur kærufrestur út 4. desember.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir málið vera í eðlilegu ferli innan ráðuneytisins. Hún segir Skipulagsstofnun þurfa að svara því hvort réttar tölur hefðu breytt ákvörðuninni. Hvað greinargerð stofnunarinnar varðar segir hún hana mun ítarlegri en fyrri texta.

„Það liggur til dæmis fyrir að til að fullnægja orkuþörf álversins í Helguvík þarf sjö nýjar virkjanir og stækka tvær aðrar að auki. Það hlýtur meðal annars að vekja spurningar um heildarkostnað verkefnisins.“ Þess má geta að kostnaður við Hverahlíðarvirkjun eina verður um 30 milljarðar og verður hún fjármögnuð með lánum.

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur og heilbrigðisnefndin vöktu athygli á því í umsögnum sínum að vatnsvernd gæti verið í uppnámi vegna Suðvesturlínu, en hún liggur um vatnsverndarsvæði. Í bréfi borgarráðs til Skipulagsstofnunar í október voru þær áhyggjur ekki viðraðar. Þar var hins vegar minnst á þau áhrif sem seinkun línunnar gæti haft á fjárhag Orkuveitunnar.

Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar, segir að verði ákvörðun Skipulagsstofnunar endanleg gefist ekki tækifæri til að meta heildaráhrif álvers, virkjana og lína.

- kóp




**BLÓMLEG MÓTMÆLI** Garðyrkjubændur mótmæltu háu raforkuverði fyrir utan Alþingi í gær. Jóni Bjarnasyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, voru afhent blóm á leið sinni í þingsal. Garðyrkjubændur segja orkuverð sliga starfsemina og ef það lækki ekki leggi margir þeirra upp laupana. Því krefjast garðyrkjubændur orku á sama verði og stóriðjan fær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sófus hjá Nammi.is:

## Tölfföld sala eftir hrunið

**FÓLK „Það er búið að vera hreint út sagt bilun að gera,“ segir Sófus Gústavsson, framkvæmdastjóri Nammi.is.**

**Gengisfall íslensku krónunnar hefur hleypt miklu lífi í útflutning á íslenskri vöru. Vefverslunin Nammi.is fór út í það að selja nánast eingöngu sælgæti yfir í útflutning á vörum eins og lýsi, lopa og tónlist.**

**- afb / sjá síðu 26**

Börn og eldri borgarar:

## Dansa saman þjóðdansa

**MENNTAMÁL** Nokkrir eldri borgarar í Kópavogi og níu ára nemendur Kópavogsskóla ætla að hittast reglulega í vetur og dansa saman auk þess að vinna að útgáfu bókar með völdum uppskriftum, málsháttum og klippimyndum. Eldri borgararnir hafa kennt nemendum þjóðdansa.

**- gun / sjá sérblað um heilsu**

Mælingar á stofnstærð og sýkingu sumargotssíldarinnar eru enn í gangi:

# Ekki útséð með síldveiðar í ár

**SJÁVARÚTVEGUR** Starfsmenn Hafrannsóknastofnunar eru enn að fara yfir gögn til þess að geta metið stofnstærð og sýkingu í íslensku sumargotssíldinni. Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri nytjastofna hjá Hafró, segist ekki geta svarað því hvenær þeirri vinnu ljúki en eftir það verður ljóst hvort og þá hversu mikið stofninum mun leggja til að verði veitt.

Hafrannsóknastofnunin lagði til við sjávarútvegsráðherra í júní að miðað við sömu forsendur og í fyrra yrði sett á veiðibann nú. Þorsteinn segir að þrátt fyrir að enn sé sýking í stofninum bendi bergmálsmælingar nú til þess að stofninn sé sambærilegur að stærð og í fyrra. Menn hafi ekki endilega átt von á því og því hljóti það að teljast jákvætt.

Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, segir sýkinguna vissulega skelfilega. Stofnmælingin sýni hins vegar að óþarfi sé að mála skrattann á vegginn. Hún bendi til þess að mælingin í fyrra hafi hugsanlega verið röng. Hann segist vonast til þess að leyft verði að veiða 30 til 50 þúsund tonn í ár. Þrjátíu þúsund tonn myndu skila 2,5 milljörðum króna í þjóðarbúið. Í fyrra voru veitt 130 þúsund tonn og skilaði það ríflega tíu milljörðum í þjóðarbúið.

- th


ALI BABA

HOLLUR SKYNDIBITI



Shish Kebab, Falafel, Arais Makia, Kebab, Baklawa, Humus

S: 445-4445

ALI BABA Veltusund 3b, v.Ingólfstorg

349 krónur

6 tommu Pizzabátur

SUBWAY

Kafbátur mánaðarins • nóvember

18 Subway staðir um allt land

BÓKA-MARKAÐUR

Fræðirit fyrir fróðleiksfúsa er í Skeifunni 3. Opið kl. 10-18. 30-70% afsláttur.

Hið íslenska bókmenntafélag

sími 588-9060

## SPURNING DAGSINS



*Árni, er gúrkutíð á Alþingi?*

„Nei, en ríkisstjórnin vill bara ESB-gúrkur, sem eru linar, bragðvondar og hormónafullar.“

Árni Johnsen mætti með gúrku í ræðustól Alþingis í gær til að vekja athygli á málefnum garðyrkjubænda.

Dómstólum hafa borist 318 beiðnir um nauðasamninga til greiðsluaðlögunar:

# Sjö prósent beiðna hefur verið hafnað

**ALÞINGI** Af þeim 318 beiðnum sem dómstólum hafa borist um nauðasamninga til greiðsluaðlögunar hafa 215 verið samþykktar, 14 verið hafnað og 12 verið afturkallaðar. 77 eru óafgreiddar.

Þetta kemur fram í svari dómsmála- og mannréttindaráðherra við fyrirspurn Unnar Brár Konráðsdóttur.

Langflestar beiðnir hafa verið lagðar fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur, 144, og Héraðsdóm Reykjaness, 112. Tvær hafa borist Héraðsdómi Norðurlands vestra og sex Héraðsdómi Vestfjarða.

Af þeim 77 sem eru óafgreiddar er 41 hjá Héraðsdómi Reykjaness og 29 hjá Héraðsdómi Reykjavíkur.

Unnur spurði einnig um beiðnir um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. 78 slíkar hafa borist dómstólum. 42 hafa verið samþykktar, engri hafnað, sjö verið afturkallaðar og 29 bíða afgreiðslu.

Flestar hafa borist dómstólunum í Reykjavík og á Reykjanesi en engin á Norðurlandi vestra og Austfjörðum.

Tölurnar eru frá miðjum síðasta mánuði.

Þá spurði Unnur hve mörgum nauðungarsölum fasteigna hefði (frá miðjum október) verið frestað fram yfir síðustu mánaðamót og fékk þau svör að tilvikin væru yfir eitt þúsund. **- bþs**



**FRÁ ALÞINGI** Unnur Brá Konráðsdóttir vildi vita um fjölda beiðna um greiðsluaðlögun sem lagðar hafa verið fyrir dómstóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skattrannsóknarstjóri:

# Húsleitir vegna skattsvika í gær

**SAKAMÁL** Húsleitir voru gerðar á tuttugu stöðum í gær, fjórtán heimilum og sex skrifstofum einkahlutafélaga, í gær, vegna gruns um skattsvik við greiðslukortanotkun. Þetta kom fram í frétt Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Skattrannsóknarstjóri hefur undanfarið hálft ár haft þrjátíu mál til rannsóknar tengd notkun á erlendum greiðslukortum, sem skuldfærð voru erlendis en notuð hér á landi. Stöð 2 segir að um fjórtán mál hafi verið kærð til efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra. Um fimmtíu manns tóku þátt í húsleitunum í gær. **- kóp**

Mál gegn ráðherra og ríki:

# Dómari ákvað að víkja sæti

**DÓMSMÁL** Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari vék í gær sæti í máli Guðmundar Kristjánssonar gegn íslenska ríkinu og Árna M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra.

Guðmundur var einn umsækjenda um embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra en Árni M. Mathiesen, þá settur dómsmálaráðherra, skipaði Þorstein Davíðsson í embættið.

Verjendur Árna og ríkisins kröfðust þess að Sigríður viki sæti þar sem hún hafði rætt um dómaraskipan í viðtali við Ríkisútvarpið mánuði eftir embættisveitinguna.

Sigríður féllst ekki á að ummæli sín hefðu verið til þess fallin að draga mætti óhlutdrægni hennar í efa en líta verði til þess að með viðtalinu hefði hún tekið þátt í opinberri umfjöllun um dómaraskipanina. **- bþs**

Þolendur mansals:

# Heilbrigðisþjónusta tryggð

**STJÓRNSÝSLA Þolendur mansals hafa ótvíræðan rétt til heilbrigðisþjónustu á Íslandi, eftir reglugerðarbreytingu Álfheiðar Ingadóttur heilbrigðisráðherra.**

**Ráðherra breytti reglugerð um rétt þeirra sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi. Með breytingunni eiga þolendur mansals rétt til þjónustunnar, óháð greiðslugetu viðkomandi, eða samningum við önnur ríki um greiðslur fyrir veitta þjónustu. Þá eiga útlendingar sem hafa fengið dvalar- eða atvinnuleyfi hér á landi, en eru ekki sjúkratryggðir, rétt á neyðarþjónustu hér á landi.** **- kóp**

# Lonely Planet setur Ísland í toppsætið

**Umsvifamesti útgefandi ferðabóka í heiminum segir hagkvæmast fyrir ferðalanga að fara til Íslands á næsta ári. Þetta kemur fram í ferðabókinni Best in Travel 2010. Framkvæmdastjóri SAF segir nýja markaði mögulega að opnast.**

**FERÐAMÁL** Lonely Planet, umsvifamesti útgefandi ferðabóka í heiminum, setur Ísland í efsta sæti á lista yfir þá staði sem hagkvæmast er að ferðast til á næsta ári. Þetta kemur fram í nýjustu ferðabók útgefandans, Best in Travel 2010.

„Hefur þig alltaf langað að heimsækja þetta töfrandi og dularfulla land? Skoða jökla og eldfjöll og busla í heitum hverum? Hefurðu hætt við að fara vegna þess hversu dýrt það er að vera á Íslandi? Jæja, árið 2010 er rétti tíminn til að fara,“ segir í ferðabókinni.

Efnahagskreppan hefur gert það að verkum að ekki er lengur dýrt að vera ferðamaður á Íslandi og því er landið í toppsætinu yfir þá staði sem Lonely Planet telur hagkvæmast að ferðast til.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að það hafi mikla þýðingu fyrir ferðaþjónustuna að Lonely Planet skuli telja Ísland vænlegan kost fyrir ferðalanga.

„Okkur veitir ekki af svona góðri landkynningu,“ segir Erna. „Þetta er náttúrulega gríðarlega stór útgefandi og milljónir manna lesa þessar bækur þannig að það er alveg eins líklegt að þarna séu að opnast nýir markaðir fyrir íslenska ferðaþjónustu.“

Erna segir að útlit sé fyrir að fjöldi ferðamanna í ár verði svipaður og á síðasta ári, um 500 þúsund. Hún segir að þó að ferðamönnum sem hingað komi vegna ráðstefnuhalda hafi fækkað, og einnig hafi færri breskir ferðamenn komið, hafi ferðum frá Mið-Evrópulöndunum fjölgað töluvert.

Erna segist nokkuð bjartsýn fyrir næsta ár. Þó verði sífellt erfiðara að meta fjölda ferðamanna fram í tímann þar sem fólk bóki með miklu styttri fyrirvara nú en áður. **trausti@frettabladid.is**



**FERÐAMENN Í REYKJAVÍK** Vegna kreppunnar og falls krónunnar er ekki lengur dýrt að vera ferðamaður á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### RISAÚTGEFANDI FERÐABÓKA

Lonely Planet er umsvifamesti útgefandi ferðabóka í heiminum. Fyrirtækið var stofnað árið 1972 af hjónunum Tony og Maureen Wheeler. Árið 2007 keypti BBC Worldwide 75 prósenta hlut í fyrirtækinu og er það því í raun í meirihlutaeigu breska ríkisins í dag. Rúmlega 500 manns vinna hjá útgefandanum og þar af eru um 350 blaðamenn.

Fyrirtækið selur meira en sex milljónir ferðabóka á ári, framleiðir sjónvarpsþætti og gefur út tímarit.

Nafnið Lonely Planet varð til fyrir misskilning þegar hjónin voru að hlusta á lagið Space Captain með Joe Cocker. Upphaf textans við lagið er: „Once I was traveling across the sky / This lovely planet caught my eye.“ Hjónunum heyrðist Cocker hins vegar syngja „This lonely planet caught my eye.“

**LISTI LONELY PLANET**

**Hagkvæmustu áfangastaðirnir**

- Ísland
- London
- Taíland
- Suður-Afríka
- Indland
- Malasía
- Mexíkó
- Búlgaría
- Kenía
- Las Vegas



**FENGU GRÆNFÁNANN** Nemendur í Langholtsskóla með Grænfánann í þriðja sinn.

Tímamót í Langholtsskóla:

# Krakkar fagna nýrri skólalóð

**SKÓLAMÁL Ný skólalóð við Langholtsskóla í Reykjavík var tekin formlega í notkun í gær. Við sama tækifæri fékk skólinn alþjóðlegu viðurkenninguna Grænfánann í þriðja sinn fyrir metnaðarfullt umhverfisstarf og að auki fengu nemendur grenndarskóg þar sem þeir geta stundað nám og ræktun.**

**„Nemendur fögnuðu þessum áföngum með því að mynda keðju utan um skólann sinn og síðan var Grænfáninn dreginn að húni við undirleik fjögurra blásara úr Skólahljómsveit Austurbæjar,“ segir í frétt frá menntasviði Reykjavíkurborgar. Þar kemur enn fremur fram að skólaverkefnið Á grænni grein sé alþjóðlegt og stýrt af Landvernd sem veiti Grænfánann skólum sem ná árangri í umhverfismálum.** **- gar**

Rarik um mótmæli:

# Greiða lægra verð en aðrir

**VIÐSKIPTI** Rarik sendi frá sér tilkynningu í gær í tilefni af mótmælum garðyrkjubænda. Þar segir að sérstakur raforkutaxti fyrir garðyrkjubændur stæðist ekki ákvæði raforkulaga.

Breytingar á þeim myndu aftur á móti líklega brjóta í bága við tilskipun Evrópusambandsins, að mati RARIK. Þá er bent á að með styrkjum hins opinbera greiði garðyrkjubændur mun lægra verð en önnur fyrirtæki í viðskiptum. **- bs**






Hamid Karzai, forseti Afganistan, vill fá talibana til liðs við nýja ríkisstjórn sína:

# Forsetinn heitir umbótum

**AFGANISTAN, AP** Hamid Karzai, forseti Afganistans, lofar umbótum á nýju kjörtímabili, en sagði þó ekkert um það í hverju þær umbætur yrðu fólgnar.

Hætt var við að efna til annarrar umferðar forsetakosninga eftir að mótframbjóðandinn, Abdullah Abdullah, dró framboð sitt til baka. Hann sagðist gera það vegna þess að seinni umferð kosninganna yrði hvorki frjáls né sanngjörn.

Úrvinnsla talna úr fyrri umferðinni dróst vikum saman vegna kosningasvindls.

Karzai ítrekaði í gær boð sitt til pólitískra andstæðinga sinna um aðild að nýrri ríkisstjórn, en Abdullah, sem er fyrrverandi utanríkisráðherra í ríkisstjórn Karzais, hefur sagt að hann ætli ekki að þiggja ráðherraembætti heldur berjast fyrir umbótum í stjórnarandstöðu.

Samstarfsmenn bæði Karzais og Abdullahs sögðust hins vegar hafa unnið undanfarna daga að samkomulagi um að baráttumál Abdullahs fengju hljómgrunn í nýju stjórninni.

Karzai sagðist einnig vilja fá talibana til liðs við stjórnina, svo fremi sem þeir væru reiðubúnir til að starfa með henni.



**STUÐNINGSMENN FAGNA** Hamid Karzai á sér ófáa stuðningsmenn sem fögnuðu því að hann yrði forseti áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Við viljum að bræður okkar í talibanahreyfingunni og aðrir komi aftur og gangi til liðs við okkur,“ sagði Karzai í gær. **- gb**

# Sjáðu heim sjónvarpanna í Hátækni



PIPAR\TBWA • SÍA • 91753

***Það skiptir máli að velja vandað og gott sjónvarp.***
***Hjá Hátækni færðu hágæða sjónvörp frá virtum framleiðendum.***

**PALLADINE** (Íslensk valmynd)

*Palladine 47 tommur EPT4751MD*
**Verð kr. 299.995**

*Palladine 42 tommur EPT4251MD*
**Verð kr. 199.995**

*Palladine 37 tommur EPT3751MD*
**Verð kr. 179.995**

*Palladine 22 tommur EPT2251M*
**Tilboð kr. 59.995**
Verð áður kr. 79.995

**Panasonic**
*Þú þekkir merkið*

*Panasonic 50 tommur TX-P50G10E*
**Tilboð kr. 449.995**
Verð áður kr. 549.995

*Panasonic 42 tommur TX-P42G10E*
**Tilboð kr. 299.995**
Verð áður kr. 349.995

*Panasonic 37 tommur TX-L37G10E*
**Tilboð kr. 279.995**
Verð áður kr. 299.995

*Panasonic 32 tommur TX-L32X10E*
**Tilboð kr. 159.995**
Verð áður kr. 189.995

**LG**
*Gæðamerki*

*LG 60 tommur 60PS8000*
**Verð kr. 899.995**

*LG 47 tommur 47LH3000*
**Verð kr. 369.995**

*LG 42 tommur 42SL8000*
**Verð kr. 449.995**

*LG 37 tommur 37LH3000*
**Tilboð kr. 219.995**
Verð áður kr. 239.995

**Hátækni**

**Opið:** virka daga 9.30-18 | Laugardaga 12-17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

## GENGIÐ 03.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,37 | 124,97 |
| Sterlingspund | 203,10 | 204,08 |
| Evra | 182,33 | 183,35 |
| Dönsk króna | 24,497 | 24,641 |
| Norsk króna | 21,351 | 21,477 |
| Sænsk króna | 17,346 | 17,448 |
| Japanskt jen | 1,3786 | 1,3866 |
| SDR | 196,99 | 198,17 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

235,0221

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Áframhaldandi gæsluvarðhalds krafist yfir sex mönnum í Suðurnesjamálinu:

# Ýmsar upplýsingar komnar fram

**LÖGREGLUMÁL** Gert er ráð fyrir að lögreglustjórinn á Suðurnesjum krefjist áframhaldandi gæsluvarðhalds yfir fimm Litháum og einum Íslendingi, að sögn Jóhannesar Jenssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns á Suðurnesjum. Mennirnir hafa verið í einangrun vegna rannsóknar lögreglu á skipulagðri glæpastarfsemi hér á landi, þar á meðal meintu mansali og tryggingasvikum.

Mennirnir voru í yfirheyrslum í gær. Þá hefur lögregla rætt við litháísku stúlkuna sem kom hingað til lands frá Varsjá í Póllandi í síðasta mánuði. Atburðir við komu hennar hingað leiddu til handtöku hóps manna, svo og húsleita. Auk þessa hefur lögreglan rannsakað gögn sem lagt hefur verið hald á í húsleitum.

„Rannsóknin hefur skilað ýmsum upplýsingum," segir Jóhannes, en segir ekki tímabært að greina nánar frá málinu að svo komnu, vegna rannsóknarhagsmuna.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins rannsakar lögreglan nokkur brotamál af ýmsum toga, þar á meðal fjársvikamál, sem mennirnir eru taldir tengjast með einum eða öðrum hætti. Lögregla segir rannsóknina vel á veg komna. **- jss**




**LÖGREGLAN** Lögreglan á Suðurnesjum rannsakar málið í samvinnu við lögreglu á höfuðborgarsvæðinu og Snæfellsnesi.

Dæmdir fyrir skattsvik:

# Fangelsi og háar sektir

**DÓMSTÓLAR Karlmaður á sextugsaldri hefur í Héraðsdómi Reykjavíkur verið dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi og til að greiða 93 milljónir króna í sekt fyrir skattsvik. Annar maður var í málinu dæmdur til að sæta sjö mánaða skilorðsbundið fangelsi og greiða 34 milljónir í sekt. Þriðji maðurinn sem var ákærður var sýknaður.**

**Mennirnir voru meðal annars ákærðir fyrir að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskattskýrslum og virðisaukaskatti. Málið varðaði þrjú fyrirtæki, SK Smáverk ehf., Eystrasaltsviðskipti ehf. og Perluna ehf.** **- jss**

Verður árlegur viðburður:

# Dagur átaks gegn einelti

**REYKJAVÍK Borgarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið að helga ákveðinn dag ár hvert baráttu gegn einelti í borginni. Þetta var samþykkt samhljóða á fundi í gær, að tillögu Mörtu Guðjónsdóttur, formanns mannréttindaráðs.**



**MARTA GUÐJÓNSDÓTTIR**

**Á liðnu ári ýtti borgin úr vör átaki gegn einelti á vinnustöðum og stofnunum borgarinnar. Kannanir sýna færri tilvik eineltis og betri vitund starfsmanna um málið. Mannréttindaráði hefur verið falið að móta tillögur um útfærslu verkefnisins í samráði við menntaráð og leikskólaráð.** **- kóp**

1.400 greindust í síðustu viku:

# Enn gangur í svínaflensunni

**HEILBRIGÐISMÁL** Talsverður gangur er enn í svínaflensunni hér á landi að sögn Haraldar Briem sóttvarnalæknis. Inniliggjandi á Landspítala af völdum hennar voru 35 manns fyrri hluta dags í gær. Þar af voru níu á gjörgæslu. Átta manns voru útskrifaðir og fjórir nýir komu inn.

Haraldur segir hátt í 1.400 manns hafa greinst með svínaflensu í síðustu viku. Lítið sé um innlagnir á spítala á landsbyggðinni af völdum hennar. „En við sjáum fyrir okkur að talsverður fjöldi tilfella verði greindur á næstu vikum," segir hann. **- jss**

## LEIÐRÉTTING

Birgir Ísleifur Gunnarsson gegndi embætti borgarstjóra Reykjavíkur frá desember 1972 til maí 1978.

# Fyrirtæki vega þungt í erlendum skuldum

**Heildarskuldir þjóðarinnar ná hámarki í 310 prósentum af landsframleiðslu á árinu samkvæmt áfangaskýrslu sendinefndar AGS. Einstök fyrirtæki vega þungt og bera ein áhættuna. Óróleiki stjórnmálalífs tafði endurreisnina.**

**EFNAHAGSMÁL** Erlendar skuldir þjóðarbúsins eru hærri en áður hafði verið talið en þó ekki úr takti við það sem gerist í öðrum þróuðum ríkjum. Þetta kemur fram í áfangaskýrslu sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) vegna fyrstu endurskoðunar efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og birt var í gær.

Skuldabyrðin sem bæst hefur við frá síðasta mati nemur 92 prósentum af áætlaðri þjóðarframleiðslu þessa árs, eða sem nemur 10,9 milljörðum dollara, eða um 125 milljörðum króna.

Að mati skýrsluhöfunda þýði þetta að skuldirnar nái hámarki í 310 prósentum af þjóðarframleiðslu á árinu, eða nálægt 37,1 milljarði dollara, eða 4.600 milljörðum króna.

Aukningin er til komin vegna endurmats á skuldbindingum hins opinbera og bankanna og nýrra upplýsinga um skuldbindingar íslenskra stórfyrirtækja, að því er fram kemur í skýrslunni.

Í umræðum Marks Flanagan, yfirmanns sendinefndarinnar, og Franeks Rozwadowski, fulltrúa sjóðsins hér á landi, um áfangaskýrsluna og einnig voru birtar í gær, kemur fram að þótt skuldir þjóðarinnar séu miklar þá séu þær ekki óyfirstíganlegar. Í inngangsorðum sagði Flanagan að skuldir þjóðarinnar hefðu verið „álagsprófaðar" og niðurstaða sjóðsins hafi verið sú að þær væru sjálfbærar og á traustri niðurleið. „Ég vil líka benda á að stór hluti þeirra takmarkast við þrönga fyrirtækjaafkima og því afmarkað vandamál fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki, en ekki fyrir landið í heild."

Þá áréttar Flanagan að AGS hafi ekki gert kröfu um að Icesave-deilunni yrði lokið áður en kæmi að fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunarinnar en nú er lokið. Hins vegar hafi deilan orðið til þess að fjármögnun lánapakka til Íslands hafi verið ótrygg og því hafi áætlunin tafist. Greiðsla á öðrum hluta lánafyrirgreiðslu AGS gangi því í gegn núna, en upphæðin nemur nálægt 167,5 milljónum dollara, eða tæplega 21 milljarði króna. Heildargreiðslur nemi því nú rúmlega milljarði Bandaríkjadala.

Þá árétta fulltrúar AGS að gjaldeyrishöft sem hér eru forði því að stýrivextir þyrftu að vera enn hærri til að styðja við gengi krónunnar, jafnvel 40 til 50 prósent. Núna þurfi að halda áfram að styðja við efnahag heimila og byggja upp og endurskipuleggja fyrirtæki, en frekari áföll þar gætu skilað sér í gjaldþrotum fólks sem missir vinnuna. Þá sé lag að hefja varfærið afnám gjaldeyrishafta.

**olikr@frettabladid.is**



**FRÁ FYRRI FUNDI AGS** Franek Rozwadowski, sendifulltrúi AGS á Íslandi, og Marks Flanagan, yfirmaður sendinefndar AGS á Íslandi, sitja fyrir svörum á blaðamannafundi. Sendinefndin skilaði í gær áfangaskýrslu sinni eftir dagstöf til að Seðlabanki Íslands gæti farið betur yfir upplýsingar sem fram áttu að koma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**KARADZIC MÆTTUR** Hann segist enn þurfa lengri tíma til undirbúnings. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Karadzic mætti loks:

# Kvartar undan mannréttabroti

**HOLLAND, AP** Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtogi Bosníu-Serba, mætti loks í gær til réttarhalda við stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Haag, þar sem hann hyggst sjálfur sjá um málsvörn sína.

Hann sagði í gær að dómstóllinn hefði framið mannréttindabrot með því að hefja réttarhöldin án sín.

Réttarhöldin hófust í síðustu viku, en Karadzic lét ekki sjá sig í fyrstu þrjú skiptin. Hann segist ekki hafa fengið nægan tíma til þess að undirbúa málsvörn sína, þrátt fyrir að hafa verið fjórtán mánuði í varðhaldi. **- gb**

## NÁTTÚRA

### Gæti hlaupið

Hlaup er talið yfirvofandi í Jökulsá í Fljótsdal en áin rennur undan Eyjabakkajökli við Snæfell í norðausturverðum Vatnajökli. Á heimasíðu Landsvirkjunar kemur fram að í krika vestan við skriðjökullinn hafi myndast lón vegna jökulstíflu, sem er við það að bresta. Landsvirkjun telur að hlaupið verði lítið og segir ný stíflumannvirki á Eyjabökkum ekki í hættu.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** Veðurfréttamaður

**BESTA VEÐRIÐ SUÐVESTANLANDS**

Það verður víða fremur stífur vindur á landinu í dag og úrkomusamt, en á morgun lægir heldur og dregur úr mestu vætunni. Á föstudag kemur síðan lægð að landinu úr suðvestri og útlit fyrir stífa austanátt sunnan- og vestanlands og rigningu syðra.



**Á MORGUN** 5-10 m/s.

**FÖSTUDAGUR** Stíf austanátt einkum sunnan- og vestantil.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 8° |
| Eindhoven | 10° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 11° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 11° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 1° |
| París | 11° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


TILBOÐ
BAÐ & HREINLÆTISTÆKI
YFIR 50 UPPSETTAR INNRÉTTINGAR TIL SÝNIS, EN FJÖLMARGIR VALKOSTIR Á UPPSETNINGUM EFTIR ÓSKUM HVERS OG EINS
69.900,-
CT-75 hvítt háglans 75x50 sm
Verð með ljósi, kappa, handlaug og spegli
til afgreiðslu af lager
MJÚKLOKANDI SETA
VERÐ FRÁ: 35.900,-
WC upphengt á vegg með mjúklokandi setu
VERÐ FRÁ: 49.900,-
WC innbyggt með öllu, hvítum sturtuhnappi og mjúklokandi setu
HERT ÖRYGGISGLER
VERÐ FRÁ: 24.900,-
VM 121 Sturtuhorn, heil opnun 80x80 og 90x90
VERÐ FRÁ: 7.900,-
Sturtustangarsett
VERÐ FRÁ: 6.900,-
50x41
Handlaugar á vegg
VERÐ FRÁ: 10.900,-
56x47
Handlaugar í borð
VERÐ FRÁ: 4.900,-
Christina Blöndunartæki með lyftitappa fyrir handlaug
VERÐ FRÁ: 4.900,-
Christina Blöndunartæki fyrir eldhús
VERÐ FRÁ: 39.900,-
Christina Hitastýrð blöndunartæki
Innifalið í verði: Ömmustöng, skiptir, handsturta, barki og 20 sm sturtuhlemmur
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## KJÖRKASSINN



*Treystir þú bankanum þínum?*

| | |
|---|---|
| Já | 30,9% |
| Nei | 69,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að selja grænmetisbændum raforku á stóriðjuverði?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vísir

Nýja Kaupþing gefur út yfirlýsingu um 1998 ehf. og Haga:

# Engar skuldir afskrifaðar enn

**VIÐSKIPTI** Engar skuldir hafa verið afskrifaðar hjá 1998 ehf. móðurfélagi Haga sem á Bónus. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Nýja Kaupþingi. Þar segir jafnframt að eigendur 1998, en félagið er að stærstum hluta í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, njóti engrar sérmeðferðar hjá bankanum. Þá hafi engin ákvörðun verið tekin um framtíðareignarhald félagsins.

Í yfirlýsingunni segir að upplýsingar sem birst hafi í fjölmiðlum undanfarið um uppgjör og afskriftir skulda félagsins við bankann séu úr lausu lofti gripnar. Um mál 1998 gildi það sama og önnur fyrirtæki og farið verði eftir verklagsreglum bankans í einu og öllu. Í þeim segir: „Bankinn fellir ekki niður skuldir eða breytir þeim í hlutafé nema önnur úrræði séu fullreynd eða ekki talin líkleg til árangurs. Við niðurfellingu skulda er farið að lögum og reglum um afskriftir.“

Eignarhaldsfélagið 1998 keypti svo til allt hlutafé Haga af Baugi í júlí 2008. Kaupin voru fjármögnuð með 30 milljarða króna láni frá Kaupþingi.

Ekki náðist í Jón Ásgeir Jóhannesson við vinnslu fréttarinnar, né fulltrúa Kaupþings í stjórn 1998, eða Jóhannes Jónsson sem einnig situr í stjórninni. Jón Ásgeir er einnig eigandi Fréttablaðsins. **- kóp**



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Hluthafar 1998 ehf. vinna nú að því að auka við hlutafé sitt í félaginu. Nýja Kaupþing á nú tvo fulltrúa í stjórn þess. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stafrænar myndavélar:

# Fimmtán þúsund hraðabrot

**LÖGREGLUMÁL** Alls voru 15.097 brot skráð með stafrænum hraðamyndavélum frá 1. janúar til 30. september 2009, að því er segir í tilkynningu frá Ríkislögreglustjóra. Um þúsund fleiri brot voru skráð í málaskrá lögreglunnar á fyrstu níu mánuðum ársins heldur en á sama tímabili í fyrra.

Með tilkomu stafrænna hraðamyndavéla hefur skráðum hraðakstursbrotum fjölgað til muna. Alls voru um 31 þúsund hraðakstursbrot skráð fyrstu níu mánuði ársins, þar af voru um 15 þúsund með stafrænum hraðamyndavélum, sem er nær helmingur. **- jss**

Sextugur karlmaður:

# Stakk mann með hnífi

**DÓMSMÁL** Nær sextugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir sérstaklega hættulega árás. Hann stakk annan mann með hnífi ofarlega í framanverðan brjóstkassa. Fórnarlambið hlaut þriggja sentimetra langan skurð nokkru neðan við vinstra viðbein. Atvikið átti sér stað á Akureyri í júní.

Sá sem fyrir árásinni varð krefst þess að hnífamaðurinn greiði sér tæpar 480 þúsund krónur í skaðabætur og vegna lögmannsaðstoðar. **- jss**



**Á HÓLMAVÍK** Sóknarnefndin safnar fyrir nýju orgeli.

Kaupfélag Steingrímsfjarðar:

# Borgar tíund til kaupa á orgeli

**MENNINGARMÁL Halda á sérstaka orgelviku í Kaupfélagi Steingrímsfjarðar frá og með næsta mánudegi að því er segir á fréttavefnum strandir.is.**

**„Sóknarnefnd Hólmavíkurkirkju leitar nú leiða til að fjármagna kaup á nýju orgeli og hefur fengið tilboð í nýtt orgel af gerðinni Ahlborn V, sem er rafmagnsorgel framleitt í Þýskalandi,“ segir á strandir.is.**

**Kaupfélagið mun ætla að láta tíu prósent af vörusölu í aðalverslun félagsins á Hólmavík dagana 9. til 13. nóvember renna í orgelsjóðinn. - gar**

# Samráð við UNESCO um Valhallarreitinn

**Þingvallanefnd þarf samþykki Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um uppbyggingu á Valhallarreitnum sem sögð er viðkvæm. Rætt er um að leita eftir tillögum landsmanna. Nokkrar hugmyndir hafa þegar borist nefndinni.**

**SKIPULAGSMÁL** Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, mun koma að ákvörðun um framtíð reitsins þar sem Hótel Valhöll stóð á Þingvöllum.

Hótel Valhöll gjöreyðilagðist í stórbruna 10. júlí í sumar. Rústirnar voru fjarlægðar og síðan tyrft yfir reitinn. Enn er eftir að ákveða hvað gert verður á staðnum. Þingvallanefnd ræddi málið á fundi í haust.

„Í máli nefndarmanna kom fram að öll ákvarðanataka varðandi Valhallarreitinn er viðkvæm og mikilvægt að ákvarðanir séu teknar að vel ígrunduðu máli. Sú hugmynd kom upp að landsmenn fái tillögurétt um nýtingu Valhallarreitsins,“ segir í fundargerð Þingvallanefndar.

Þingvellir fóru á heimsminjaskrá UNESCO 2004. Stofnunin gerir strangar kröfur til staða á skránni. Að því er kom fram á fundi Þingvallanefndar koma UNESCO og forsætisráðuneytið að ákvörðunum um Valhallarreitinn.

Eins og áður segir íhugar Þingvallanefnd að leita til almennings með hugmyndir að uppbyggingu á Vallarreitnum. „Allt í kringum Vallhallarreitinn er vatn, sem torveldar framkvæmdir þar í kring, engin hreinlætisaðstaða er lengur á þessum stað,“ segir í fundargerðinni

Fulltrúar arkitektastofanna VA-arkitekta og Einrúm-arkitekta hafa rætt við nefndarmenn og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir og Kjartan Ragnarsson í Landnámssetrinu í Borgarnesi vilja kynna þeim sínar hugmyndir.



**VALHÖLL BRUNNIN** Þingvallanefnd er að hefja undirbúning að því að taka ákvörðun um framtíð staðarins þar sem Hótel Valhöll stóð áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Kjartan segist reyndar telja að ekki eigi að byggja að nýju þar sem Hótel Valhöll stóð áður heldur eigi þar að ríkja ró og kyrrð. Þau Sigríður hafi hugmynd að sérstöku setri um hina viðburðaríku söguöld sem hefst með stofnun Alþingis á Þingvöllum árið 930 og sumir afmarki í hinn endann með biskupsvígslu Ísleifs Gissurarsonar árið 1056. „Þetta er langflottasta tímabil Íslandssögunnar,“ segir Kjartan sem kveður Söguáldarsetrið geta verið hjá fræðslumiðstöðinni á Hakinu. Þá hefur Þingvallanefnd fengið erindi frá Kristbirni Helga Björnssyni og Svövu Lóu Stefánsdóttur um uppbyggingu svæðis um búskaparhætti á þjóðveldisöld.

**gar@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**VALLHALLARREITURINN Í DAG** Tyrft hefur verið yfir hótelstæðið.



**MANNRÉTTINDADÓMSTÓLLINN** Dómstóllinn í Strassbourg hefur dæmt ítalska ríkið til greiðslu skaðabóta. NORDICPHOTOS/AFP

Ítalska ríkið dæmt:

# Sekt vegna krossa í skólum

**AP, EVRÓPA Mannréttindadómstóll Evrópu hefur úrskurðað að krossar í ítölskum skólastofum stangist á við trúfrelsi og frelsi til menntunar.**

**Dómstóllinn úrskurðaði í máli Soile Lautsi, ítalskrar móður, í gær. Hún kvartaði yfir því að skólayfirvöld í opinberum skóla í heimabæ hennar hafi neitað að fjarlægja krossana og myndir af krossfestingunni úr skólastofum. Lautsi taldi að skólum bæri að vera stýrt eftir veraldlegri hugmyndafræði, ekki trúarlegri. Dómstóllinn, sem í sitja sjö dómarar, dæmdu ítalska ríkið til að greiða Lautsi 5000 evrur í skaðabætur. Það var þó ekki skikkað til að fjarlægja krossana. - kóp**

Lán til barna vegna Byrs:

# Fengu alls 180 milljónir í lán

**VIÐSKIPTI** Börnin tíu, sem veitt var lán til kaupa í stofnfjárútboði Byrs, fengu alls 180 milljónir króna að láni frá Glitni. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær stangaðist lánveitingin á við lög.

Arðgreiðslurnar voru 44 prósent af hverjum hlut, en fóru til niðurgreiðslu lánanna. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2. **- kóp**




# OKKAR FRAMLAG

# OKKAR VERÐ

OKKAR VERÐ

## Verðdæmi dömu & herra

skyrtur 2.990,-
buxur 3.990,-
flíspeysur 3.990,-
softshell 5.990,-
Isotex jakkar 7.990,-
Isotex buxur 4.990,-
Undirföt /sett 3.990,-
Úlpur 7.990,-
ofl. ofl.

www.utivistogsport.is

## Verðdæmi á barnafötum

Flíspeysur 2.990,-
Softshell peysur 5.490,-
Úlpur 7.490,-
Snjóbuxur 7.990,-
Fóðraðar buxur 3.990,-
Regnbuxur 1.490,-
Flís undirföt/sett 3.490,-
Smávara ofl.ofl.

Regatta GREAT OUTDOORS™

ÚTIVIST & SPORT

verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver samdi dansana fyrir nýjasta tónlistarmyndband poppstjörnunnar Shakiru?*
2. *Hver er forseti Alþingis?*
3. *Hver er landsliðsþjálfari Austurríkis í handknattleik?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Garðyrkjubændur efndu til mótmæla til að vekja athygli á háu raforkuverði:

# Stjórnarliða greinir á um úrræði

**ALÞINGI** Garðyrkjubændur stilltu sér upp fyrir framan Alþingi í gær, gáfu íslenskt grænmæti og blóm og afhentu fulltrúum stjórnvalda áskorun um að bæta kjör þeirra. Samtök garðyrkjubænda stóðu fyrir mótmælunum og vildu með þeim vekja athygli á háu raforkuverði, sem sé að ríða þeim á slig.

Málið var tekið fyrir á þingfundi í gær að frumkvæði Sigurðar Inga Jóhannssonar, þingmanns Framsóknarflokksins. Innti hann Atla Gíslason, þingmann VG og formann sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, eftir því hvað liði úrræðum fyrir garðyrkjubændur og fór fram á að raforkuverð til þeirra yrði lækkað. Atli greip til myndmálsins og sagði búið að sá fyrir þeim breytingum hjá garðyrkjubændum en þeir ávextir væru seinsprottnir. Ofuráhersla á álbræðslu gerði að verkum að of lítið væri af orku til að bjóða garðyrkjubændum hana á góðu verði. Vildi hann þó veg garðyrkjunnar sem mestan og kallaði hana hina „grænu stóriðju“.

Nokkrir urðu til að mótmæla Atla, þar á meðal Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sem sagði alveg næga orku til í landinu. Ekki ætti að stilla málum þannig upp að álver og garðyrkja útilokuðu hvað annað. Taldi hann að búa ætti til sérstakan garðyrkjutaxta, þar sem garðyrkjubændur yrðu skilgreindir sem stórnotendur rafmagns, líkt og álver. Til þess þyrfti eingöngu pólitískan vilja. **- bþs**



**MÁLIN RÆDD** Fulltrúar garðyrkjubænda afhentu þingmönnum áskorun um að kjör þeirra verði bætt. FRÉTABLAÐIÐ / GVA


HILTON REYKJAVÍK NORDICA

**HÖFT OG HÁIR VEXTIR**
**- ER BREYTINGA AÐ VÆNTA?**

MÁR GUÐMUNDSSON, SEÐLABANKASTJÓRI, RÆÐIR STÖÐU EFNAHAGSMÁLA OG SVARAR SPURNINGUM ÚR SAL Í TILEFNI AF ÚTGÁFU PENINGAMÁLA.

MORGUNVERÐARFUNDUR KL. 8:15 - 9:45
FÖSTUDAGINN **6. NÓV** 2009

UMRÆÐUR ATVINNULÍFS AÐ LOKINNI FRAMSÖGU:

- **Margrét Guðmundsóttir** Forstjóri ICEPHARMA
- **Tómas Már Sigurðsson** Forstjóri Alcoa og formaður Viðskiptaráðs
- **Vilhjálmur Þorsteinsson** Stjórnarformaður CCP
- **Þórarinn G. Pétursson** Aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands
- **Þórður Friðjónsson** Forstjóri NasdaqOMX Ísland

Fundarstjóri er **Finnur Oddson,** framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Fundargjald með morgunverði er kl. 3.500. Fundurinn er öllum opin en æskilegt er að skrá þáttöku fyrirfram á www.vi.is eða með tölvupósti á birna@vi.is



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS




**LÉT SIG HAFA ÞAÐ** Vaclav Klaus var tregur til að undirrita sáttmálann, en lét þó verða af því í gær þegar úrskurður var fenginn frá stjórnlagadómstól Tékklands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Óvissu um Lissabonsáttmála ESB lokið

**Öll aðildarríki Evrópusambandsins hafa nú staðfest Lissabon-sáttmálann. Vaclav Klaus Tékklandsforseti undirritaði sáttmálann í gær, síðastur leiðtoga aðildarríkjanna. Hann sagðist þó enn vera algerlega andvígur sáttmálanum.**

**TÉKKLAND, AP** Vaclav Klaus, forseti Tékklands, undirritaði í gær Lissabonsáttmála Evrópusambandsins, strax eftir að stjórnlagadómstóll Tékklands hafði komist að þeirri niðurstöðu að sáttmálinn bryti ekki í bága við stjórnarskrá landsins.

Þar með hafa öll aðildarríki sambandsins staðfest sáttmálann og ekkert er því til fyrirstöðu lengur að hann taki gildi.

Klaus var tregur til að undirrita sáttmálann, og ítrekaði í gær að hann væri sannfærður um að Tékkland yrði ekki lengur fullvalda ríki þegar sáttmálinn hefði gengið í gildi.

Hann sá sér þó ekki fært annað en að undirrita, þar sem þjóðþing landsins hafði staðfest sáttmálann og stjórnlagadómstóllinn auk þess hafnað því að hann bryti í bága við stjórnarskrána. Töluverð óvissa var um framtíð sáttmálans eftir að Írar felldu hann í þjóðaratkvæðagreiðslu á síðasta ári. Í byrjun október gengu Írar aftur til atkvæðagreiðslu, eftir að Evrópusambandið hafði komið til móts við helstu óánægjuatriðin, og samþykktu þá sáttmálann.

Lech Kaczynski Póllandsforseti var, rétt eins og Klaus í Tékklandi, tregur til að undirrita sáttmálann, en gerði það þó í síðasta mánuði eftir að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar á Írlandi varð ljós.

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sagðist óskaplega ánægður með niðurstöðuna. Nú yrði hægt að hraða vali á bæði forseta leiðtogaráðsins og talsmanni utanríkismála, en þetta eru tvö ný embætti sem munu setja svip sinn á Evrópusambandið eftir að Lissabonsáttmálinn tekur gildi.

Leiðtogar annarra Evrópusambandsríkja lýstu einnig ánægju sinni með niðurstöðuna í Tékklandi.

Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, sem nú fer með formennsku í ráðherraráði sambandsins, sagðist ætla að kalla saman leiðtogafund hið fyrsta, nú þegar óvissan um Lissabon-sáttmálann væri úr sögunni.

Lissabonsáttmálanum er ætlað að einfalda ákvarðanatöku í Evrópusambandinu. Hann gengur þó skemmra en stjórnarskrársáttmálinn, sem felldur var í þjóðaratkvæðagreiðslu bæði í Frakklandi og Hollandi. **gudsteinn@frettabladid.is**


Nefnd um vist- og meðferðarheimili

**Viðtöl við einstaklinga sem dvöldu á vistheimilinu Silungapolli sem börn á árunum 1950-1969**

Með erindisbréfi, dags. 2. apríl 2007, skipaði forsætisráðherra nefnd á grundvelli laga nr. 26/2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Hlutverk nefndarinnar er að kanna hver tildrög þess hafi verið að börn voru þar vistuð, hvernig opinberu eftirliti hafi verið háttað með starfsemi viðkomandi stofnunar og hvort börn sem þar voru vistuð hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á meðan á dvöl þeirra stóð.

Um þessar mundir er vistheimilisnefnd m.a. að kanna starfsemi vistheimilisins Silungapolls sem starfrækt var á árunum 1950-1969. Af því tilefni óskar nefndin vinsamlegast eftir því að þeir sem dvöldu sem börn á vistheimilinu Silungapolli, og hafa áhuga á því að veita nefndinni viðtal og upplýsa hana um reynslu sína af dvölinni, hafi samband við nefndina fyrir 1. desember n.k. í síma 563-7016 eða á netfangið vistheimili@for.stjr.is.



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



# Hagkaups sloppurinn

## *kominn aftur!*

50 ára HAGKAUP

...fyrir íslendinga í 50 ár!



*Í tilefni 50 ára afmælis Hagkaups er Hagkaups sloppurinn nú fáanlegur aftur.*

HAGKAUPS SLOPPURINN
**3.999 kr.**

## Mest selda íslenska hönnunin!

Árið 1964 hófst framleiðsla á Hagkaups sloppnum vinsæla.

Hann er án efa mest selda íslenska hönnunin og seldust hátt á annað hundrað þúsund sloppar.

íslensk hönnun

Gildir á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP *fyrir íslendinga í 50 ár*



**LANGLEITUR** Hann var heldur langleitur, þessi hundur sem fékk að spóka sig á hundasýningu í Hyderabad á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Sérfræðingur í afbrotafræði telur mikilvægar upplýsingar fást með Schengen-aðild:

# Værum berskjaldaðri án Schengen

**LÖGGÆSLA** Með aðgangi að alþjóðlegum gagnabönkum í krafti Schengen-aðildar geta yfirvöld nálgast margvíslegar upplýsingar sem gagnast þeim í baráttunni við erlenda glæpahringi.

Þetta segir Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands og sérfræðingur í afbrotafræði.

Hann er sama sinnis og Smári Sigurðsson, yfirmaður alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra, sem lýsti skoðun sinni í blaðinu í gær.

Lögreglufélag Vestfjarða og Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, hafa efasemdir um ágæti Schengen-samstarfsins og telja það auðvelda landgöngu fólks sem hingað komi í því augnamiði að fremja glæpi.



**HELGI GUNNLAUGSSON** Prófessor við Háskóla Íslands.

Helgi hafnar þeirri kenningu að skipulögð glæpastarfsemi þrífist í skjóli Schengen-aðildar, sem í aðra röndina snýst um vegabréfalausa för fólks innan aðildarríkjanna. Þvert á móti veiti hún möguleika á samstarfi við lögregluembætti annarra ríkja. Aðildin veiti í raun og veru vernd gegn mansali og annarri skipulagðri glæpastarfsemi. Íslendingar væru berskjaldaðri án Schengen.

Helgi bendir jafnframt á að frjálsa förin sé líka ein af grunnstoðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Úrsögn úr Schengen ein og sér myndi því ekki hefta komu fólks til landsins. - bþs

Þingsályktun sex þingmanna:

# Skjálfandafljót verði friðlýst

**ALÞINGI** Sex þingmenn hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts.

Þuríður Backman er fyrsti flutningsmaður tillögunnar, sem felur í sér að friðlýsingin taki til „Skjálfandafljóts og alls vatnasviðs þess ofan Mjóadalsár í Bárðardal, að þverám meðtöldum, og verði hvers kyns röskun á náttúrulegum rennslisháttum fljótsins þar óheimil, svo og mannvirkjagerð. Skal friðun svæðisins stuðla að varðveislu landslags þess, náttúrufars og menningarminja ásamt því að það verði notað til útivistar, ferðaþjónustu, landbúnaðar og hefðbundinna nytja.“ - pg












**FROSKURINN FLEYGI** Hann er gæddur hæfileika til að láta sig svífa niður á jörðina ofan úr trjátoppunum í Panama. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Tegundum í hættu fjölgar

**Fleygur froskur í Panama, fjallamús á Madagaskar og eðlutegund sem gengur á vatni eru meðal sautján þúsund tegunda sem nú eru í útrýmingarhættu.**

**GENF, AP** Í skógum Panama fannst fyrir tveimur árum sérkennileg frosktegund sem getur flogið. Þessir froskar eru í útrýmingarhættu, rétt eins og þúsundir annarra dýra- og jurtategunda jarðarinnar.

Fjallamúsin í Madagaskar er einnig á lista Alþjóðlega dýraverndunarsambandsins, sem fylgist grannt með stöðu tegundanna. Sömu sögu er að segja um sérstæða eðlutegund á Filippseyjum, sem er gædd þeim hæfileika að geta gengið á vatni.

Í ár kannaði sambandið stöðu 47.677 tegunda, en af þeim reyndist 17.291 tegund vera í útrýmingarhættu, um 36 prósent af heildarfjöldanum. Meira en fimmta hver spendýrategund, yfir fjórðungur allra skriðdýrategunda og um sjötíu prósent jurtategunda eru á þessum „rauða lista“, sem sambandið gefur út árlega.

Aldrei hafa fleiri tegundir verið á þessum lista, en frá síðasta ári bættust 2.800 tegundir við þær sem fyrir töldust í útrýmingarhættu.

Eina spendýrið sem bættist á listann í ár er Austur-Voalavomúsin, lítið nagdýr sem hefst við í skógi vöxnu fjalllendi Madagaskar. Hún er í hættu vegna skógareyðingar, sem bændur þar stunda grimmt. Froskurinn fljúgandi er sömuleiðis í hættu vegna skógareyðingar í Panama, en vatnaeðlan á Filippseyjum er á listanum vegna þess að hún er veidd, bæði til matar og til nota sem gæludýr.

Meðal dýrategunda sem fyrir voru á listanum eru tígrisdýrin, sem líklega eru ekki nema 3.200 talsins lengur, að undanskildum þeim sem geymd eru í dýragörðum víða um heim.



**NEFAPI Á BORNEÓ** Nefaparnir á Borneó eru einungis um þúsund talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á hverju ári færist nokkur fjöldi tegunda af listanum yfir á annan lista, sem er yfir útdauðar dýrategundir.

gudsteinn@frettabladid.is

Þrjátíu ár frá töku sendiráðs:

## Stjórnvöld vara við mótmælum

**ÍRAN** Byltingarverðir í Íran hafa varað mótmælahópa úr liði stjórnarandstöðunnar þar í landi, við að efna til mótmæla í tilefni af því að á morgun verða liðin þrjátíu ár frá því er sendiráð Bandaríkjanna í Íran var hertekið.

Leiðtogar úr hópi stjórnarandstöðunnar hafa hvatt stuðningsmenn sína til að taka þátt í friðsamlegum mótmælum á morgun. Þeirra á meðal er Mir-Hossein Mousavi, sem beið lægri hlut fyrir Mahmoud Ahmadinejad í forsetakosningum í sumar.

Að minnsta kosti 30 létu lífið í mótmælum eftir forsetakosningarnar í sumar. - bs

Þýðing á svörum til ESB:

## Kostar rúmar 54 milljónir

**ALÞINGI** Það kostar 54,2 milljónir að þýða svör stjórnvalda við spurningum Evrópusambandsins vegna aðildarumsóknar Íslands. Þetta kemur fram í svari utanríkisráðherra til Ragnheiðar E. Árnadóttur. Beinar spurningar og svör eru á um 2.400 blaðsíðum og fylgigögn á tæplega 6.500 blaðsíðum. Í svarinu segir að megnið af fylgigögnunum sé til á íslensku en hluti þeirra hafi verið saminn á ensku vegna aðildarumsóknarinnar. Ætlar ráðuneytið að það tæki sex þýðendur tólf mánuði að þýða efnið. Það stendur hins vegar ekki til. - bþs



RAGNHEIÐUR E. ÁRNADÓTTIR

Píanókeppni í Salnum:

## Fjörutíu keppa í píanóleik

**MENNING** Fjörutíu nemendur keppa í píanóleik í dag og á morgun í Salnum í Kópavogi. Það er Íslandsdeild Evrópusambands píanókennara, Epta, sem stendur fyrir keppninni. Keppt er í þremur flokkum, 1. flokkur eru nemendur fjórtán ára og yngri, 2. flokkur, eru nemendur átján ára og yngri og sá þriðji er flokkur nemenda yngri en 25 ára.

Fimm nemendur komast áfram í hverjum flokki og verður leikið til úrslita á laugardag en verðlaunin verða afhent sunnudaginn 8. nóvember milli klukkan tvö og fjögur.

Þúsund krónur kostar að fylgjast með á hverjum keppnisdegi nema fyrir nemendur tónlistarskólanna sem geta fylgst með án endurgjalds. - sbt

**DÓMSTÓLAR**

### Gaf lögreglumanni kinnhest

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að slá lögreglumann, sem var að sinna skyldustörfum, með flötum lófa í andlitið. Atvikið átti sér stað á Reyðarfirði.

### Sýknaður af kynferðisbroti

Héraðsdómur Reykjaness hefur sýknað sautján ára pilt af ákæru um kynferðisbrot. Hann var ákærður fyrir að hafa haft munnmök við fjórtán ára stúlku.

### Gæsuvarðhald framlengt

Héraðsdómur Reykjaness hefur úrskurðað konu, sem grunuð er um að hafa stungið telpu með hnífi í brjóstið þann 27. september, í gæsluvarðhald til mánudagsins 30. nóvember. Gæsluvarðhaldið var framlengt að kröfu lögreglustjórans á Suðurnesjum.









139 kr/stk.

**KANILL**
malaður, 45g



139 kr/stk.

**ORGEANO**
10g



139 kr/stk.

**PAPRIKA**
50g



139 kr/stk.

**SVÖRT PIPARKORN**
50g



359 kr/pk.

**HLAUP**
500g



359 kr/pk.

**LAKKRÍSHLAUP**
blandað, 450g



239 kr/stk.

**FERSKJUR**
820g



159 kr/stk.

**EPLAMÚS**
720g



229 kr/stk.

**STURTUSÁPA**
500ml



269 kr/stk.

**HÁRFROÐA, STERK**
150ml



279 kr/stk.

**HÁRLAKK**
300ml



159 kr/pk.

**BÓMULLARSKÍFUR**
100 stk.

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

ódýrt!




229 kr/pk.
**SPAGHETTI**
1 kg



329 kr/pk.
**HRÍSGRJÓN**
forsoðin, 1kg



219 kr/stk.
**TÓMATSÓSA**
1kg



139 kr/stk.
**SVARTUR PIPAR**
malaður, 50g



219 kr/stk.
**TAUMÝKIR**
þykkni, 1 lítri



589 kr/pk.
**TÖFLUR F. UPPÞVOTTAVÉL**
40 stk.



159 kr/stk.
**UPPÞVOTTALÖGUR**
500ml



359 kr/stk.
**BÖKUNARPAPPÍR**
20m



199 kr/Pk.
**MARGNOTA POKAR**
frysti/suðu/mikro, 75 stk.



279 kr/Pk.
**SORPPOKAR 95l**
10 stk



159 kr/Pk.
**HANDSÁPA**
3 x 85g



179 kr/stk.
**TANNKREM**
125ml



299 kr/stk.
**BRÚNSÁPA**
1 lítri



329 kr/stk.
**HREINGERNINGARLÖGUR**
1250ml



399 kr/Pk.
**KATTARSANDUR**
8 lítrar

Birt með fyrirvara um prentvillur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lækkun á raforkuverði til garðyrkjubænda:

## Umhverfismál og neytendamál

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Verð á rafmagni til garðyrkjubænda hækkaði um nálægt þriðjung fyrir um ári. Ástæðan er sú að þegar innflutningstollar voru felldir niður af tómötum, gúrkum og paprikum árið 2002 tók ríkið á sig hluta af flutningskostnaði vegna rafmagns til garðyrkjubænda. Þessi ákvörðun var felld úr gildi fyrir um ári og olli það hækkuninni.

Garðyrkjubændur eru ósáttir og stilltu sér upp fyrir framan Alþingishúsið í gær til að vekja athygli á málstað sínum nú þegar veturinn er fram undan og sá tími sem raforkunotkun þeirra er mest.

Raforkuverð til garðyrkjubænda hefur verið til umræðu áður og krafa þeirra hefur löngum verið sú að greiða sama verð fyrir raforkuna og stóriðjan. Nú segjast þeir greiða hærra verð fyrir raforkuna en heimili í þéttbýli. Rafmagn er enda stærsti kostnaðarliður garðyrkjubænda þannig að verð þess skiptir sköpum í rekstri þeirra. Því óttast þeir að einhverjir muni þurfa að hætta yfir vetrarmánuðina eða jafnvel alveg.

Grænmetisrækt er mikilvægur hluti af íslenskum landbúnaði og matvælaframleiðslu. Aðstæður hér á landi til að rækta grænmeti í gróðurhúsum eru einstakar vegna þess að orkan sem notuð er losar ekki óæskileg efni út í andrúmsloftið. Íslenskir garðyrkjubændur hafa náð ljómandi árangri við að framleiða gott grænmeti sem óneitanlega er bæði bragðmeira en það innflutta gróðurhúsagrænmeti sem hér er fáanlegt og auk þess ferskara þegar það er komið á markað til íslenskra neytenda.

Möguleikinn til að framleiða algengar grænmetistegundir árið um kring, ásamt nálægð við markaðinn, þýðir að íslenskir neytendur eiga kost á að kaupa ýmsar tegundir grænmetis ferskar allt árið.

Íslenskir neytendur kunna vel að meta fjölbreytt úrval af grænmeti og ávöxtum. Til þess þarf vitanlega að flytja inn margar tegundir, ýmist hluta úr ári eða allt árið. Engu að síður er mikilvægt að hafa aðgang að íslensku grænmeti á verði sem er samkeppnishæft við innflutt grænmeti.

Það er í það minnsta heldur nöturleg staðreynd að ódýrasta grænmetið sem íslenskum neytendum stendur til boða skuli vera ræktað í gróðurhúsum sem kynt eru og lýst með orkugjöfum sem hafa til muna skaðlegri áhrif á umhverfið en þeir sem hér eru notaðir í sama tilgangi. Að því loknu er svo flogið með grænmetið yfir hafið með tilheyrandi kostnaði og skaðlegum umhverfisáhrifum. Þetta eru tegundir sem auðveldlega má rækta í íslenskum gróðurhúsum árið um kring og flytja til neytenda með minni tilkostnaði og umhverfisáhrifum.

Ráðamenn verða að sýna í verki pólitískan vilja sinn til að gera garðyrkjuna að lífvænlegum atvinnuvegi. Hátt raforkuverð má ekki sliga þessa mikilvægu atvinnugrein sem skapar atvinnu á erfiðum tímum, er umhverfisvæn og þannig framlag til þess að gera jörðina lífvænlegri til framtíðar og síðast en ekki síst mikilvægt framlag á matarborð íslenskra neytenda.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Orð

Rætt var um stöðu garðyrkjunnar á þingi í gær. Tilefnið var aðgerðir grænmetisbænda fyrir framan þinghúsið í hádeginu en þeir hafa ekki lengur efni á rafmagni. Sigurður Ingi Jóhannsson Framsóknarflokki tók málið upp og sagði það ferlegt. Við hæfi er að rifja upp hvað núverandi ráðherrar iðnaðar og landbúnaðar hafa sagt um grænmetisbændur og rafmagn. „Ég tel að það eigi að koma til móts við garðyrkjuframleiðendur í landinu og lækka raforkuverð til þeirra," sagði Katrín Júlíusdóttir fyrir þremur árum. Á sama þingfundi sagði Jón Bjarnason: „Gróðurhúsaframleiðslan ætti mikla möguleika hér á landi ef hún nyti jafnréttis við erlenda stóriðju."



### Efndir

Bæði voru í stjórnarandstöðu þegar þau upplýstu þing og þjóð um afstöðu sína til garðyrkjunnar. Nú eru þau í stjórn og rafmagnsreikningur bændanna hefur bara hækkað.

### Einfalt en erfitt að segja'ða

Og meira úr þinginu en í umræðu í gær um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustunni kom glögglega í ljós hvar ber að spara. Þingmennirnir sem tóku þátt í umræðunni höfðu þó ekki dug í sér til að segja það berum orðum heldur tíunduðu hvar ekki má spara. Og það er sem sagt í forvörnum, heilsugæslu, heilbrigðisþjónustu úti á landi og í þjónustu við börn, fatlaða og aldraða. Eftir stendur fólk frá átján til 67 ára á höfuðborgarsvæðinu, fólk sem jafnan á sér ekki málsvara, í það minnsta í röðum þingmanna.



Vitaskuld er það fólkið sem helst getur þolað niðurskurð í heilbrigðisþjónustu en ágætt væri ef stjórnmálamenn hefðu kjark til að segja það.

bjorn@frettabladid.is

## Kolastefnan

Í ályktun Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál frá 1992 var kveðið á um að ríki skyldu forðast gjörðir sem gætu haft hættuleg áhrif á loftslagið. Engu síður heldur losun gróðurhúsalofttegunda áfram að aukast.

Bandaríkin hafa reynst mesti dragbíturinn; þau neituðu að undirrita Kyoto-bókunina árið 1997 og hafa þverskallast við að koma böndum á útblástur heima fyrir. Í desember verður loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna haldin í Kaupmannahöfn. Þar er ætlunin að komast að nýju samkomulagi í stað Kyotobókunarinnar. Enn og aftur er afstaða Bandaríkjanna helsta áhyggjuefnið. Loftslagsmál eru enn mikið deiluefni í bandarískum stjórnmálum. Barack Obama hefur aftur á móti tækifæri til að brjóta pattstöðuna upp.

### Kolin ráða

Ári eftir að samningur SÞ var samþykktur reyndi Bill Clinton Bandaríkjaforseti að fá samþykkt lög um orkuskatta, sem hefðu stuðlað að því að Bandaríkin hefðu dregið úr notkun jarðefnaeldsneyta. Tillagan var ekki einungis blásin af heldur hratt hún af stað pólitískum mótvægisaðgerðum. Þegar Kyoto-bókunin var samþykkt árið 1997 hafði Clinton ekki einu sinni fyrir því að bera hana undir öldungadeild Bandaríkjaþings, þar sem hann vissi fullvel að henni yrði hafnað. George W. Bush hafnaði Kyotobókuninni alfarið í sinni forsetatíð og aðhafðist ekkert í loftslagsmálum.

Aðgerðaleysi Bandaríkjanna á sér nokkrar skýringar – þar á meðal hugmyndafræði og fáfræði gagnvart vísindum – en þegar öllu er á botninn hvolft snúast þau fyrst og fremst um eitt: kol. Hvorki fleiri né færri en 25 ríki í Bandaríkjunum framleiða kol, sem skapar ekki aðeins tekjur, störf og skatttekjur, heldur sér þeim einnig fyrir stórum hluta af orkuþörf þeirra.

Losun kolefna í kolaríkjum Bandaríkjanna miðað við höfðatölu er langt yfir meðaltal á landsvísu. Þar sem aðgerðir gegn loftslagsbreytingum beinast fyrst og fremst gegn minni kolanotkun – kolefnasríkasta eldsneytinu – óttast kolaríkin í Bandaríkjunum sérstaklega um efnahagslegar afleiðingar af útblásturskvótum (en olíu- og bílaiðnaðurinn fylgja fast á hæla þeirra).

### Þrátefli á þingi

Stjórnsýslan í Bandaríkjunum skapar líka vandamál. Til að samþykkja alþjóðlega bókun eða samning verða 67 af 100 öldungadeildarþingmönnum að greiða atkvæði með henni – sem er svo gott sem ómögulegt. Repúblikanaflokkurinn ræður yfir 40 sætum, sem eru skipuð of mörgum harðlínumönnum til að hægt sé að ná 67 atkvæða lágmarkinu. Í Demókrataflokknum má líka finna fulltrúa kola- og olíuríkja, sem ólíklegt er að styðji róttækar aðgerðir í útblástursmálum.



JEFFREY SACHS

**Í DAG** | Loftslagsmál

Hugmyndin að þessu sinni er því að reyna að komast hjá 67 atkvæða hindruninni, að minnsta kosti til að byrja með, með því að leggja áherslu á innanlandslöggjöf í stað alþjóðlegrar bókunar. Samkvæmt stjórnarskrá Bandaríkjanna þurfa landslög (ólíkt alþjóðlegum sáttmálum) aðeins hreinan meirihluta atkvæða í fulltrúadeild og öldungadeild þingsins, til að vera vísað til undirritunar forseta. Það er nokkuð öruggt að að minnsta kosti fimmtíu myndu greiða atkvæði með frumvarpi um loftslagsmál.

### Gæti orðið málþófi að bráð

Andstæðingar málsins geta hins vegar hótað málþófi, sem ekki er hægt að kveða niður nema 60 þingmenn samþykki að frumvarpið verði lagt undir atkvæði. Ef ekki getur frumvarpið dagað uppi, jafnvel þótt hreinn meirihluti sé fyrir því. Það eru góðar líkur á að 60 þingmenn gerist meðflutningsmenn... 

Stjórnmálaskýrendur vita að úrslitin munu velta á hugmyndafræði einstakra þingmanna, kosningahegðun í einstaka ríkjum og hversu mikið ákveðin ríki reiða sig á kol samanborið við aðra orkugjafa. Með hliðsjón af þessu telur einn skýrandi að 50 demókratar segi já, 34 repúblikanar segi nei, en óvíst sé um 16 atkvæði. Tíu af óvissuatkvæðunum eru demókratar, aðallega úr kolaríkjum; hin sex eru repúblikanar sem mögulega gætu lagst á sveif með forsetanum og meirhluta repúblikana í þessu máli.

### Kína, Indland og Bandaríkin

Þar til nýlega héldu margir að Kína og Indland myndu öðrum fremur láta sitt eftir liggja í samningaviðræðunum um aðgerðir í loftlagsmálum. Kína hefur hins vegar tilkynnt um stórtækar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, til dæmis á sviði sólarorku, vindorku, kjarnorku og kolefnisbindingu.

Indverjar kveðast reiðubúnir að ráðast í heildstæða aðgerðaráætlun á landsvísu í átt að sjálfbærum orkubúskap. Þetta setur aukna pressu á Bandaríkin til að bregðast við. Þegar þróunarlönd hafa lýst yfir að þau muni ekki láta sitt eftir liggja, getur verið að öldungadeild Bandaríkjaþings verði síðasta ljónið á vegi alþjóðlegs samkomulags í loftslagsmálum?

Obama hefur úrræði til að koma Bandaríkjunum í samfélag þjóðanna í loftlagsmálum. Í fyrsta lagi er hann að semja við þingmenn sem gjalda varhug við hugmyndunum, um að milda afleiðingarnar fyrir kolaríkin og auka fjárfestingar í rannsóknir og þróun á vistvænum orkugjöfum.

Í öðru lagi getur hann fyrirskipað Umhverfisverndarstofnun að taka upp stjórnsýslueftirlit fyrir kolaver og bílaframleiðendur, jafnvel þótt þingið hafi ekki samþykkt nýja löggjöf. Stjórnsýslueftirlitið gæti jafnvel reynst mikilvægara en löggjöfin.

### Bandaríkin taki á sig rögg

Pólitíkin á Bandaríkjaþingi ætti ekki að bjaga heildarmyndina: Bandaríkin hafa hagað sér með óábyrgum hætti síðan samkomulagið um loftslagsmál var samþykkt árið 1992. Þau bera höfuðábyrgð í loftlagsmálum til þessa dags en hafa komið fram án nokkurrar ábyrgðartilfinningar gagnvart eigin landsmönnum, umheiminum og komandi kynslóðum.

Þingmenn úr kolaríkjunum ættu líka að vita upp á sig sökina. Vissulega þarf að rétta ríkjum þeirra hjálparhönd, en það ætti ekki að leyfa sérhagsmunum að stefna framtíð plánetunnar sem við búum á í voða. Það er kominn tími til að Bandaríkin gangi í heimsfjölskylduna.

*Höfundur er hagfræðiprófessor og stjórnandi Earth Institute við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. ©Project Syndicate. Millifyrirsagnir eru Fréttablaðsins.*

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*






# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Svansmerkt prentverk
GUÐJÓNÓ VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 4. nóvember 2009 – 27. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is



**Sigríður B. Þormar:**
Fékk hugmyndina í námsferð til Indónesíu 10





**Breytingar hjá HBT:**
Hraður vöxtur kallar á aukið fjármagn 8

**Bólusetning borgar sig**
Kostnaður vegna svínaflensu gæti numið 20 milljörðum króna 2




## Krónan lífguð við

„Við höfum verið að undirbúa málið hér heima en það er ekki búið að biðja um neitt frá evrópska seðlabankanum. Við vildum ganga frá okkar málum, sérstaklega Icesave-málinu og fyrstu endurskoðun á efnahagsáætlun AGS. Formlegar umleitanir eru að hefjast,“ segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

Til hefur staðið síðan síðsumars að leita eftir því að fá Seðlabanka Evrópu til að aðstoða Seðlabanka Íslands í gjaldeyrismálum og stuðla að virkum viðskiptum með krónur.

Gylfi sagði í samtali við Fréttablaðið í sumar viðskiptin felast í kaupum og sölu á krónum og evrum. Um leið yrði til virkur markaður með evrópska seðlabankann að bakhjarli. Það kynni að gera markað með krónur nothæfan á ný. Það geti flýtt fyrir afnámi gjaldeyrishafta og uppfyllt að fullu skilyrði EES um frjálst fjármagnsflæði. -jab / -sh

## Útboði lokið

Lokuðu útboði Össurar lauk í gær, degi fyrr en áætlað var. Í boði voru 29,5 milljónir nýrra hluta sem seldir voru í Danmörku fyrir 3,6 milljarða króna.

Blásið var til útboðsins vegna skorts á hlutabréfum félagsins í Evrópu en Össur var skráð á markað í Kaupmannahöfn í september.

Mikill áhugi var á útboðinu meðal fjárfesta í Evrópu og í Bandaríkjunum. - jab

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Tíska slær út rokk** Tískukóngurinn Yves Saint Laurent hefur ýtt rokkkónginum Elvis Presley af stalli sem tekjuhæsti látni einstaklingurinn í heiminum. Elvis er fallinn ofan í fjórða sæti listana. Á undan honum koma lagahöfundarir Rodgers og Hammerstein og poppkóngurinn Michael Jackson.



**Jákvæð teikn** Merki um bata eftir kreppuárið mikla verða nú sterkari. Framleiðendur í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu segja framleiðsluna vera að aukast og útlit fyrir aukna atvinnu. Svo virðist sem óseldar vörur sem hlóðust upp séu nú farnar að ganga út.

**Danske Bank afskrifar** Danske Bank afskrifar 20,7 milljarða danskra króna, eða sem svarar ríflega 500 milljörðum íslenskra króna, á fyrstu níu mánuðum ársins.

**Bankamenn kærðir** Fjármálaeftirlitið í Danmörku hefur kært fimmtán fyrrverandi stjórnendur Hróarskeldubankans til efnahagsbrotadeildar lögreglunnar. Um er að ræða meint brot á lögum um fjármálastarfsemi og á hlutafélagalögum. Enn sem komið er hefur enginn hafa verið yfirheyrður.

# Skráning bankanna á markað farsælust

## Nauðsynlegt er að opna hluthafaskrá bankanna sem fyrst, segir kauphallarforstjóri. Ekki tímabært, segja skilanefndir.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Ég tel mikilvægt að skrá bankana strax á markað eftir að kröfuhafar hafa tekið við þeim. Þó ekki nema til þess að þeir lúti þeim reglum um gagnsæi og upplýsingaskyldu sem þar gilda,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Kröfuhafar Glitnis samþykktu fyrir skömmu að taka 95 prósenta hlut í Íslandsbanka á móti ríkinu. Til stóð að kröfuhafar Kaupþings myndu ákveða sig fyrir síðustu helgi. Því var frestað fram að næstu mánaðamótum. Ekki liggur fyrir hverjir kröfuhafarnir eru enda kröfulýsingarfrestur ekki runninn út. Frestur til að lýsa kröfum í bú Íslandsbanka rennur út í enda þessa mánaðar. Endanleg mynd af hópi kröfuhafa verður ekki dregin upp fyrr en á næsta ári.

Rætt hefur verið um að á meðal kröfuhafa séu sömu vogunarsjóðir og keyptu skuldatryggingar íslensku bankanna og áttu þátt í falli þeirra. Aðrir kröfuhafar eru sögð erlend og asísk fjármálafyrirtæki auk innlendra aðila.

Þórður segir eignahluti í bönkunum hafa skipt um hendur frá falli bankanna og muni gera það áfram. Því muni ekki liggja endanlega fyrir hverjir þeir verði þótt kröfulýsingarfresti ljúki. „Ég myndi helst vilja að kröfur um flöggunarreglur yrðu virtar frá upphafi. Það er jafnframt hollt fyrir þá sem eignast bankana innan tíðar að þeir viti af því. Það má færa sterk rök fyrir því að bankarnir komi strax inn á markaðinn, þó ekki endilega með það fyrir augum að efla viðskipti með hlutabréfin heldur til að sjá hverjir eigendur bankanna eru hverju sinni,“ segir hann.



ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hæstaréttarlögmaður og stjórnarmaður í bæði Nýja Kaupþingi og skilanefnd Kaupþings, segir ekki tímabært að huga að skráningu bankans. „Við höfum frá í október í fyrra rætt um það hvernig best sé að koma bankanum í hendur kröfuhafa. Skráning er ein leið af mörgum,“ segir hann og bætir við að ekki megi útiloka að skrá félög í eigu Kaupþings banka á markað. Hann áréttar að þetta sé hugmynd, sem ekki sé tímabær.

Undir þetta tekur Kristján Óskarsson, framkvæmdastjóri Glitnis. Hann telur ólíklegt að skýr mynd komist á kröfuhafahópinn fyrr en árið 2010 og hugsanlegt að kröfuhafar geti í fyrsta lagi haft formlega aðkomu að búi Glitnis á árinu 2011. Hann bendir á að Glitnir muni hafa 95 prósenta hlutafjáreign sína í Íslandsbanka í sérstöku eignarhaldsfélagi. Glitnir muni fara óbeint með bankahlutinn í gegnum félagið og fái erlendu kröfuhafarnir því ekki formlega aðkomu að Íslandsbanka. Þá sé mat á eignarhlutnum í Íslandsbanka aðeins um fjórtán prósent af áætluðum endurheimtanlegum eignum Glitnis. Farið verði með þennan eignahlut líkt og aðrar eignir og reynt að hámarka virði hans.

sjá síðu 6-7




## BANKABÓKIN

Samanburður á vaxtatöflum bankanna.

| Banki | Hæstu innlánsvextir* | | Yfirdráttarvextir |
|---|---|---|---|
| KAUPÞING | Markaðsreikningur: | 5,05 prósent | Yfirdráttarvextir eru á bilinu 15,6 og niður í 13,6%. Yfirdráttarvextir fyrirtækja: 15,25%. |
| Landsbankinn | Sparireikningur: | 7,05 prósent | Yfirdráttarvextir eru á bilinu 14,5 og niður í 11,5%. Yfirdráttarvextir fyrirtækja: 14,5%. |
| Íslandsbanki | Vaxtasproti: | 6,6 prósent* | Yfirdráttarvextir eru á bilinu 15,25 og niður í 13,5%. Yfirdráttarvextir fyrirtækja: 15% |

*Miðað við 250.000 króna innstæðu sem mætti binda í eitt ár, en slíkrar bindingar er ekki krafist í öllum tilfellum.

Gagnagrunnur um tengsl í viðskiptalífinu:

# Tekjustofn fyrir ríkið

Jón Jósef Bjarnason tölvunarfræðingur áætlar að opna nýjan gagnagrunn með upplýsingum um fyrirtæki og tengsl í viðskiptalífinu síðar í þessum mánuði.

Ríkisskattstjóri lét stöðva vinnslu gagnagrunnsins í september en að fengnu samþykki Persónuverndar hófst vinnsla við gagnagrunninn á ný. Jón Jósef segist hafa þurft að breyta hugmyndum sínum talsvert vegna gjaldskrár Ríkis-



skattstjóra en Ríkisskattstjóri mun innheimta 300 krónur fyrir hverja uppflettingu notenda grunnsins. Sú gjaldtaka byggist á reglugerð sem sett var árið 2006.

Jón Jósef áformar einnig að hafa í gagnagrunninum upplýsingar um stjórnir stéttarfélaga og lífeyrissjóða.

Persónuvernd hefur gert athugasemdir við þá fyrirætlan og hefur málið til meðferðar.

Einnig verða í grunninum upplýsingar um kvótakerfið; eigendur fiskveiðiheimilda og sölu og leigu aflaheimilda milli aðila.

# Efna til samkeppni í tölvuleikjagerð

Samtök tölvuleikjaframleiðenda á Íslandi, IGI, efna til samkeppni í tölvuleikjagerð nú í vikunni. Keppninni verður hleypt af stokkunum fimmtudaginn 5. nóvember en keppendur hafa frest þar til í mars á næsta ári til að skila inn sínu innleggi.

Samtök tölvuleikjaframleiðenda eru tiltölulega nýstofnuð grasrótarsamtök. Kristján Friðbertsson hefur ásamt Elísabetu Grétarsdóttur haft yfirumsjón með skipulagningu keppninnar. „Þegar samtökin voru stofnuð lögðum við upp með að halda árlega tölvuleikjakeppni," segir Kristján. „Við höfum verið að undirbúa þetta upp á síðkastið en hleypum þessu af stað núna á fimmtudaginn."



**KRISTJÁN FRIÐBERTSSON** Segir góða hugmynd á byrjunarstigi betri en vondahugmynd á lokastigi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kristján segir að keppendur hafi algjörlega frjálsar hendur. „Við erum að leita að hverju sem er, það er allt undir. Þetta þarf ekki endilega að vera fullkláruð útgáfa af leiknum, heldur er líka hægt að leggja fram góða hönnun eða vel útfærða hugmynd; góð hugmynd á byrjunarstigi er betri en vond hugmynd á lokastigi."

Keppnin er öllum opin, þátttaka er ókeypis og keppendur þurfa ekki að skrá sig til leiks fyrr en þeir skila inn sínu framlagi. Byrjendum stendur til boða að mæta í mánaðarlega vinnusmiðju til að læra grunnatriði tölvuleikjagerðar. Nánari upplýsingar um keppnina má finna á heimasíðu Samtaka tölvuleikjaframleiðenda igi.is. - bs



**BÓLUSETNING GEGN SVÍNAFLENSU** Samkvæmt útreikningum Vísbendingar verður heildarkostnaður við svínaflensubóluefni hér 380 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Yfir væntingum

Marel Food System skilaði 858 þúsund evra hagnaði á þriðja ársfjórðungi, sem jafngildir um 158 milljónum íslenskra króna, samkvæmt uppgjöri fyrirtækisins sem var kynnt í gær.

Á sama tíma í fyrra var hagnaður fyrirtækisins 4,5 milljónir evra.

Rekstrarhagnaður, fyrir gjöld og afskriftir, (EBITDA) nam tæplega 18 milljónum evra, tæpum þremur milljónum evra minni en fyrir ári.

Þótt hagnaður Marel Food System sé minni nú en fyrir ári er hann talsvert yfir væntingum stjórnenda Marels sem bjuggust



**MAREL** Fyrirtækið skilaði meiri hagnaði en búist var við á þriðja ársfjórðungi ársins. MYND/ÚR SAFNI

við um sjö milljón evra rekstrarhagnaði fyrir gjöld og afskriftir.

Þá námu tekjur af kjarnastarfsemi 111,9 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi, sem er 4,4 prósent hækkun miðað við síðasta ársfjórðung. - kh

# Flensubólusetning borgar sig

## Heildarkostnaður vegna svínaflensu gæti numið 20 milljörðum króna.

Beinn og óbeinn kostnaður af völdum svínaflensu gæti hér á landi numið 15 til 20 milljörðum samkvæmt útreikningum í síðasta hefti viðskipta- og efnahagsritsins Vísbendingar.

„Nú er allt útlit fyrir að svínaflensan illræmda, H1N1 verði einhver dýrasti faraldur sem herjað hefur á heimsbyggðina undanfarin ár. Kostnaðurinn er af margvíslegum toga," segir í umfjöllun ritsins. Stærsti kostnaðarliðurinn er sagður vinnutap, en þar á eftir kemur sjúkrahúslega og svo bólusetning. „Loks er talið að nokkur dauðsföll muni fylgja þessum faraldri. Auk þessa beina kostnaðar reikna margir erlendir sérfræðingar með óbeinum kostnaði við flensuna vegna minni umsvifa í hagkerfinu, en samkvæmt mati þeirra er hann allt eins mikill og sá beini."

Niðurstaða blaðsins er sú að beinn kostnaður Íslendinga geti numið um 0,8 prósentum af vergri landsframleiðslu. „Hér verður ekki fjölyrt um óbeina kostnaðinn en ef hann er milli 50 og 100 prósent af beina kostnaðinum verður heildarkostnaður við flensuna milli 15 og 20 milljarðar króna hér á landi," segir í umfjöllun blaðsins. Ritstjóri Vísbendingar er Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur.

Í umfjöllun Vísbendingar er bent á að samkvæmt mati Alþjóðabankans gæti kostnaður numið á milli 0,7 og 4,8 prósenta af vergri landsframleiðslu. Útreikningar Vísbendingar benda hins vegar til þess að hér verði kostnaðurinn nær neðri mörkum.

„Miklu skiptir auðvitað hver áhrif bólusetningar verða. Ef aðeins einn af sex sýkist í stað eins af þremur yrði kostnaðurinn ekki nema sex milljarðar króna í stað ellefu." Áréttað er að útreikningarnir sýni ljóslega hversu arðbært sé að bólusetja fólk. „Ef það hefði náðst að bólusetja alla fyrirfram hefði það skilað milli tíu og tuttugfaldri arðsemi af kostnaði við bóluefnið." - óká



Hvaða lausnir henta þinni starfsemi?

Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum VALITOR um hvaða lausnir henta þér best.

Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi og skjóta þjónustu.

VISA og Mastercard færsluhirðing!

Hafðu samband í síma 525 2080 og kynntu þér málið

VISA VISA ELECTRON MasterCard Maestro

VALITOR –Traustur íslenskur þjónustuaðili

FYRIRTÆKJALAUSNIR VALITOR • Laugavegi 77 • 101 Reykjavík • fyrirt@valitor.is • www.valitor.is

# TRX Kennaranámskeið





## TRX Suspension Training námskeið

Born in the US Navy SEALS



Fred Hoffman,
IDEA instructor of the year award

Einstakt tækifæri til að bæta við kunnáttu og auka tekjumöguleika á sviði líkams- og heilsuræktar með aðstoð Fred Hoffman, Master Trainer frá TRX. Eins dags námskeið fyrir kennara, einkaþjálfara ofl. sem gefur réttindi til einka-og hópkennslu TRX .

TRX Suspension Training gefur möguleika á yfir 300 æfingum fyrir efri og neðri hluta líkamans allt eftir þörfum og getu hvers og eins. Aukin og minni mótstaða fæst með breyttri líkamsstöðu.

Staðsetning: Heilsuakademian , Egilshöll
Tímasetning: 21. nóvember, kl. 09.00-17.00
Fjöldi: Hámark 20 nemendur
Verð: Kr. 39.900.-
Innifalið: Námskeið + námsgögn + Trainer Basics DVD
Réttindi: FAI (Level 1) Einka- og hópkennsla TRX
Annað: Sérverð til þátttakenda á TRX Supension Trainer



Þátttökutilkynning ásamt fullnaðargreiðslu berist til:
HREYSTI , Skeifunni 19 , Reykjavík fyrir þriðjud. 17. nóv.

Allar nánari upplýsingar hjá HREYSTI Sími: 577 5800
Þórhallur, Eggert, Vignir eða hreysti@hreysti.is



# LAGER HREINSUN

RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM VÖRUM

SMÁTÆKI - FÆÐUBÓTAREFNI O.FL.

**Aðeins í nokkra daga**
**Frábærar jólagjafir - Ótrúlegur afsláttur**

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Lítill stórmarkaður með fæðuauka og æfingatæki

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

# Flestir kjósa skugga

Velta með hlutabréf í svokölluðum ósýnilegum viðskiptum (e. dark pools) á evrópskum mörkuðum hefur fimmfaldast frá áramótum. Þá námu 9,5 milljörðum evra í enda október.

Með ósýnilegum viðskiptum er átt við það þegar kaup og sala hlutabréfa sjást ekki innan um önnur tilboð. Þau eru birt eftir að þau eru gengin í gegn. Fagfjárfestar og sjóðsstjórar munu helst nýta sér þennan möguleika.

Breska dagblaðið Financial Times segir aukið eftirlit með hlutabréfaviðskiptum valda því að sumir fjárfestar kjósi að fela slóð sína. Blaðið bendir þó á að heildarveltan í þessum ósýnilegu viðskiptum á hlutabréfamarkaði sé ekki stór sneið af heildarkökunni, eða 1,2 prósent af öllum viðskiptunum. **- jab**


**RÝNT Í MARKAÐINN** Sumir kjósa að sveipa hlutabréfaviðskipti sín leyndarhjúpi. MARKAÐURINN/AP

# Engin kreppa á bókamessunni

Kreppan virtist víðs fjarri á bókamessunni í Franfurt í Þýskalandi um miðjan mánuðinn. Rúmlega 290 þúsund bókaunnendur sóttu messuhaldið og hafa þeir aðeins einu sinni verið fleiri. Það var í fyrra.

Íslendingar gerðu það gott en Félag íslenskra bókaútgefenda og nokkur íslensk forlög kynntu íslenska höfunda áhugasömum kaupendum.

Athygli vakti hve mikla áherslu bandaríski bókarisinn McGraw Hill lagði á bók hagfræðingsins Ásgeirs Jónssonar, Why Iceland? Bókin var ein af helstu bókum útgáfunnar eins og sjá má á meðfylgjandi mynd frá bókamessunni.

Bókin kemur brátt út á þýsku og hollensku. Jafnframt er unnið að endurbættri og ítarlegri útgáfu hennar á íslensku og mun hún koma út hér eftir áramótin.

Þá var bók Ármanns Þorvaldssonar, Frozen Assets, sem um þessar mundir er mest selda bókin á Íslandi, einnig áberandi hjá bandaríska Wiley-útgáfurisanum á sýningarbás fyrirtækisins. **- jab**



**ÍSLANDSHRUNIÐ** Bók Ásgeirs Jónssonar kynnt við bás bókarisans McGraw Hill.

# Neyddir til breytinga

Svo gæti farið að vonir breska bankans Royal Bank of Scotland (RBS) um snarpa endurreisn verði að engu gangi kröfur samkeppnisyfirvalda Evrópusambandsins um uppstokkun á bankanum eftir.

Bankinn átti í erfiðleikum um það leyti sem fjármálaheimurinn var á barmi gjaldþrots fyrir rúmu ári. Hann leitaði eftir björgunarlínu hjá breskum yfirvöldum og fékk tuttugu milljarða punda til að fleyta sér yfir mestu erfiðleikana.

Stephen Hester, forstjóri bankans, hefur boðað að tekjustreymi frá átta kjarnadeildum bankans muni lyfta honum upp úr láginni og nálægt þeim grunni sem hann var á fyrir hrun.

Bloomberg-fréttaveitan hefur hins vegar eftir heimildum að útlit sé fyrir að bresk fjármálayfirvöld muni láta undan þrýstingi frá samkeppnisyfirvöldum hjá Evrópusambandinu og þvinga hann til að selja frá sér deildir og dótturfélög. Þetta mun sömuleiðis eiga við fleiri banka sem fengu neyðarfé, svo sem Lloyds og Northern Rock en stefnt er að því að nýir bankar og fjármálafyrirtæki muni efla samkeppni á breskum markaði. **- jab**


**EITT ÚTIBÚA RBS** Útlit er fyrir að nokkrir breskir bankar verði neyddir til að selja eignir að kröfu ESB. MARKAÐURINN/AFP

# Allt fór af veggjum Lehmans

Öll listaverk seldust á þéttsetnu uppboði úr þrotabúi bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers sem haldið var hjá uppboðshúsi Freeman's í Philadelphia-borg á sunnudag.

Bankinn fór í þrot um miðjan september í fyrra og hrinti fall hans fjármálaheiminum fram af bjargbrúninni, þar á meðal Glitni, Kaupþingi og Landsbankanum sem voru ríkisvæddir um hálfum mánuði síðar.

Almennt var reiknað með að listaverkauppboðið, sem er það fyrsta af þremur, myndi skila í kringum einni milljón Bandaríkjadala, um 125 milljónum króna.

Bandaríska stórblaðið Wall Street Journal segir kreppuna ekki hafa hert meira en svo að listunnendum að flest verkanna 238 sem boðin voru upp fóru á talsvert hærra verði en reiknað var með. Eitt verkanna, mynd af hundrað dala seðli með gylltu laufblaði eftir bandaríska listamanninn Tony King, fór á tífalt hærra verði en búist var við. Á uppboðinu voru meðal annars verk eftir Roy Lichtenstein, gjarnan kenndan við popplistastefnuna, auk fleiri verka eftir þekkta nútímalistamenn.

Afrakstur uppboðsins, 1,34 milljónir dala, gengur upp í kröfur þrotabúsins. Það er þó dropi í hafið því skuldir bankans námu rúmum sex hundruð milljörðum dala þegar hann fór á hliðina. **- jab**


**ÁHUGASAMIR SKOÐA VERKIN** Troðið var út úr dyrum á uppboði á verkum í eigu þrotabús fjárfestingarbankans Lehman Brothers um helgina. MARKAÐURINN/AP


**Atvinnueignir**
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

534 1020
www.atvinnueignir.is

✓ **Til leigu Ármúli 13a, fyrrverandi höfuðstöðvar Spron - Laust strax allt að 2.600 fm**






**Ármúli 13a, 108 Reykjavík**

**Til leigu - laust strax**

**Á verslunarhæð eru lausir um 630 fm fyrir verslun, skrifstofur eða þjónustu.**

**Á 2., 3. og 4. hæð eru lausir um 447 fm á hverri hæð, innréttað sem fyrsta flokks skrifstofur, bæði með opnum rýmum og lokuðum skrifstofum.**

**Í kjallara er starfsmannaaðstaða með sturtum, fundarherbergi, geymslur og mötuneyti, samtals um 610 fm.**

**Hægt er að leigja húsið í hlutum.**

**Allar frekari upplýsingar um þetta og önnur atvinnuhúnæði veita Ólafur Jóhannsson í síma 824-6703, Helgi Bjarnason í síma 663-2411 og Helgi Már Karlsson í síma 897-7086.**

Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA, löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali — Ólafur Jóhannsson, rekstrarfræðingur, löggiltur leigumiðlari

# Allt undir hjá Buffet

Ofurfjárfestirinn Warren Buffett hefur ákveðið að fara í stærstu yfirtökuna á ferli sínum. Fjárfestingafélag hans. Berkshire Hathaway, ætlar að kaupa 77 prósent hlut í járnbrautarfélaginu Burlington Northern Santa Fe Corp. Kaup Buffetts nema 26 milljörðum dollara eða um 3.250 milljörðum íslenskra króna. Í samtali við Business Wire notaði Buffett líkingu úr pókermáli yfir þessa fjárfestingu sína og sagði hana vera „allt undir“.

Fyrir utan Burtlington hefur Buffett verið að byggja upp eignarhlut í Fort Worth járnbrautarfélaginu í Texas. Buffett telur að með hækkandi eldsneytisverði muni járnbrautir verða hagkvæmari flutningsmáti en vörubílar.


**WARREN BUFFET** Hann ætlar að veðja á að hækkandi verð á eldsneyti muni verða til þess að járnbrautir verði hagkvæmari flutningsmáti en vörubílar. MYND/ÚR SAFNI

# Endurskoðandi Madoffs játar sekt

David Friehling, sem um árabil hefur verið endurskoðandi bandaríska fjársvikarans Bernards Madoff, játaði í gær sekt sína fyrir dómara alríkisdómstóls á Manhattan.

Dómarinn tók sér þó tíma til að ákveða hvort rétt væri að fallast á játninguna.

Saksóknarar í málinu sögðust hafa reiknað með því að hann myndi játa sig sekan. Friehling er sakaður um verðbréfasvik og fleiri brot, sem samtals varða 108 ára fangelsi. Reynist samborningurinn samvinnuþýður við réttarhöldin má þó búast við að refsingin verði mild. Saksóknararnir telja fullvíst að Friehling hafi vitað af Ponzi-svikamyllu Madoffs, sem talin er sú umfangsmesta í sögunni, enda hafði Friehling grandskoðað bókhaldið.


**DAVID FRIEHLING** Endurskoðandi stórsvikarans viðurkennir sekt sína. NORDICPHOTOS/AFP

Sjálfur sagði Friehling þó í gær við dómarann: „Ég gerði mér aldrei grein fyrir því að Bernard Madoff væri með Ponzi-svindl í gangi.“

Ponzi-svik ganga út á það að fjárfestum er greiddur arður með peningum sem nýir fjárfestar greiða, án þess að nokkur hagnaður hafi orðið. Fyrr eða síðar hlýtur slík svikamylla að hrynja, en upp komst um Madoff í desember í fyrra. Þá hafði hann stundað þennan leik í nærri tvo áratugi. Hann hlaut 150 ára fangelsisdóm í júní síðastliðnum. - gb


**JOAQUIN ALMUNIA** Framkvæmdastjóri efnahags- og peningamála. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hægur bati í ESB

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins spáir 0,7 prósent hagvexti á næsta ári, bæði innan evrusvæðisins sérstaklega og meðal aðildarríkja sambandsins í heild.

Þetta er heldur bjartsýnni spá en í maí síðastliðnum, þegar framkvæmdastjórnin spáði 0,1 prósents efnahagssamdrætti í aðildarríkjunum. Framkvæmdastjórnin segir að í kjölfarið á óvæntum efnahagsbata á seinni helmingi þessa árs muni líklega hægja aðeins á hagvexti næsta árið.

Áfram er spáð að samdráttur í evruríkjunum 16 verði 4 prósent á þessu ári, en á hinn bóginn telur framkvæmdastjórnin að samdráttur í öllum aðildarríkjunum 27 verði 4,1 prósent. - gb


**ATVINNULAUSIR Á SPÁNI** Fjölgunin er minni en í október í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP

# Atvinnuleysi á Spáni vex

Nærri hundrað þúsund manns misstu vinnuna á Spáni í október. Atvinnulausir þar eru nú 3,8 milljónir og hefur þeim fjölgað um 990 þúsund undanfarið ár.

Atvinnuleysi á Spáni er því 17,9 prósent um þessar mundir, en það er mesta atvinnuleysi sem mælist í Evrópu. Meginástæðan er hrun í byggingariðnaði.

Ástandið er þó heldur að skána, því í október á síðasta ári misstu 192 þúsund manns vinnuna.

„Þótt tölurnar fyrir október séu neikvæðar, þá hafa mánaðarbreytingar milli ára verið að minnka síðan í mars,“ segir Maravillas Rojo, ráðuneytisstjóri í vinnumálaráðuneyti Spánar. - gb





Hjól atvinnulífsins verða að snúast

SKULDABRÉFAÚTGÁFA Á RÍKAN ÞÁTT Í ÞVÍ

Stærsta einstaka hagsmunamál Íslendinga í þeirri endurreisn sem nú er hafin er að halda hjólum atvinnulífsins gangandi með áframhaldandi framkvæmdum og uppbyggingu. Þar skiptir aðgangur að lánsfé höfuðmáli. Saga Capital Fjárfestingarbanki hefur á síðustu misserum aflað íslenskum sveitarfélögum og fyrirtækjum 20 milljarða króna í framkvæmdafé með útgáfu skuldabréfa, sölu þeirra og skráningu.

Þannig tökum við þátt í endurreisninni.

Saga Capital

# Stund hægfara *stýrivaxta-lækkunar* runnin upp

**Skuggabankastjórn Markaðarins leggur til að Seðlabankinn lækki stýrivexti um eitt prósentustig á morgun. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson settist niður með þeim Ingólfi Bender, Ólafi Ísleifssyni og Þórði Friðjónssyni. Þeir segja það góðs viti eignist erlendir kröfuhafar meirihluta í Íslandsbanka og Kaupþingi. Þótt þeir séu orðnir langþreyttir á töfum AGS telja þeir forsendur í efnahagslífinu fyrir hófstilltu vaxtalækkunarskeiði næstu mánuði.**



SKUGGABANKASTJÓRNIN RÆÐIR MÁLIN Seðlabankinn á að hefja hægfara stýrivaxtalækkunar
hyggileg en við það þurfa bankarnir að lúta kvöðum regluverksins, opna hluthafaskrána og tilkynna

Eftir tiltölulega rólegt sumar – það fyrsta eftir hrunið fyrir ári – hrökk íslenskt efnahagslíf loks í annan gír í síðustu viku. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn samþykkti fyrstu endurskoðun á efnahagsáætlun landsins og Seðlabankinn steig fyrstu skrefin í átt til afnáms gjaldeyrishafta um helgina. Þá bíður ein stærsta skuldbinding þjóðarbúsins, Icesave-málið, við þröskuld Alþingis.

Fá mál jafnast á við Icesavedeiluna sem legið hefur sem mara yfir þjóðinni það sem af er ári. Þrátt fyrir gríðarlega umfjöllun og ítarlegar vangaveltur um málið er langt í frá að öllum spurningum um skuldbindinguna hafi verið svarað.

Þegar við setjumst niður í vikubyrjun hafði AGS frestað útgáfu skýrslu um endurskoðun á efnahagsáætlun sinni um Ísland án skýringa.

### ENDALAUSAR TAFIR

Þeir Ingólfur, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, Ólafur, sem er lektor við Háskólann í Reykjavík, og Þórður, forstjóri Kauphallarinnar, segja menn orðna langþreytta á endalausum töfum á málum tengdum AGS. Þrátt fyrir að seint gangi hafi verið rétt að leita til hans á sínum tíma. Það þýði þó ekki að Íslendingar verði að fylgja stefnu hans gagnrýnislaust. Stjórnvöld verði að standa í fæturna gagnvart honum. Líta beri á hann líkt og hverja aðra stjórn. „Ég tel sjóðinn þurfa að gæta að trúverðugleika sínum,“ segir Ólafur, sem sjálfur vann hjá AGS í tvígang. Hann vísar til þess að Bretar og Hollendingar hafi vísvitandi tafið fyrir lánaafgreiðslunni. „Menn geta sagt hvað þeir vilja um málaflutning Bjarna Benediktssonar á þingi Norðurlandaráðs um helgina. En hann dró upp úr þeim játningu,“ segir hann.

Ingólfur bætir við að AGS hefði fremur átt að hjálpa þjóðinni en að sækja kröfuna fyrir hönd Breta og Hollendinga. „Það er svolítið svínslegt, finnst mér,“ segir hann.

Undir það taka hinir.

### EIGUM EKKERT VAL

Fleiri landsmenn eru nú andsnúnir AGS hér á landi en áður, samkvæmt könnun Fréttablaðsins fyrir hálfum mánuði. Af þeim sem þátt tóku vildu 58 prósent segja upp samningum við sjóðinn. Afgangurinn var andvígur uppsögn hans.

Þórður segir þjóðina ekki eiga annarra kosta völ en að halda samninga við sjóðinn. „Við gátum hugsanlega endurskoðað samkomulagið í september. En nú þegar þeir eru komnir þetta langt þá er erfitt að gera það. Hvað þá að hætta samstarfinu. Það myndi setja allt í uppnám. Við þyrftum að byrja upp á nýtt,“ segir hann.

„Það er útilokað, alveg út úr kortinu,“ bætir Ólafur við. „Mér finnst sömuleiðis skipta máli, að nú þegar AGS hefur pínt okkur til að taka þessi lán með þessum vaxtagreiðslum frá fyrsta degi og falla ekki undir fyrirvara Alþingis, að hann sýni fram á það hvernig við eigum að ráða við þetta. Nú eru stærðirnar orðnar mun meiri en þeir gerðu ráð fyrir. Því finnst mér hver dagur skipta máli,“ segir hann.

Ingólfur bætir við að lánafyrirgreiðsla AGS og greiðslur frá hinum Norðurlöndunum skili sér ekki nema með samstarfi. Annað komi ekki til greina.

„Það er líka nauðsynlegt fyrir almenning og fyrirtæki landsins að fá efnahagsstefnu. Hún er fyrst til nú, með fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunarinnar. Síðan er náttúrulega búið að framlengja kjarasamninga og komið fram fjárlagafrumvarp.

Þótt óvissa sé enn um nokkra liði þá er þetta allt saman ákveðinn rammi um það hvert skuli halda á næstu tveimur til þremur árum. Þetta þurfum við að fá,“ bendir Þórður á.

### ENDURREISNIN

Kröfuhafar Glitnis ákváðu á dögunum að taka 95 prósenta hlut í Íslandsbanka og útlit fyrir að kröfuhafar Kaupþings taki 87 prósent í Nýja Kaupþingi. Skuggabankastjórnin segir að þótt endurreisn bankanna hafi tekið tiltölulega langan tíma sé aðkoma erlendra aðila inn í bankageirann jákvætt skref. Ljóst sé að ríkið þurfi ekki að leggja þeim til tugi milljarða króna auk þess sem það kunni að flýta fyrir bættu sambandi við erlendar fjármálastofnanir.

Þá telur skuggabankastjórnin mikilvægt að bankarnir komist á réttan kjöl með tiltölulega hreinan efnahagsreikning. Skuldaaðlögun og aðrar aðgerðir séu því ávísun á tiltölulega heilbrigða banka þegar upp verður staðið.

„Það er samt óþægilegt að þeir komast í hendurnar á aðilum sem við vitum ekki hverjir eru,“ segir Ólafur. „Það er ekki fullnægjandi hér í vestrænu lýðræðisríki að ekki er vitað hverjir eiga bankakerfi landsmanna.“

„Mér finnst niðurstaðan mjög jákvæð“ segir Ingólfur og bætir

## Mælir með vaxtalækkun



INGÓLFUR BENDER SKUGGABANKASTJÓRN

Frá síðasta vaxtaákvörðunarfundi peningastefnunefndar Seðlabankans hefur ýmislegt áunnist sem ætti að auka trúverðugleika íslensks efnahagslífs. Má þar nefna áfangasigra í uppbyggingu fjármálakerfisins og samþykkt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunar sjóðsins og íslenskra stjórnvalda. Þá hefur verið stigið fyrsta skrefið í afnámi gjaldeyrishafta, friður hefur verið tryggður á vinnumarkaði til árs og lagt hefur verið fram frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár þar sem boðað er talsvert aðhald. Síðan hefur verðbólgan hjaðnað nokkuð þó að það hafi verið öllu minna en spáð var. Einnig hafa vextir á millibankamarkaði með krónur hækkað í takti við það sem ráð var fyrir gert með ákvörðun um útgáfu innistæðu á síðasta fundi peningastefnunefndarinnar. Þannig hefur trúverðugleikinn verið aukinn á sama tíma og aðhaldsstig peningastefnunnar hefur farið vaxandi. Hvorutveggja gefur tilefni til lækkunar vaxta Seðlabankans nú.

Stöðugleiki krónunnar er markmið peningastefnunnar. Gengi krónunnar hefur verið nokkuð stöðugt frá síðustu vaxtaákvörðun Seðlabankans og er það svipað á aflandsmarkaði nú og það var þegar fundur peningastefnunefndarinnar fór fram í september. Gengi krónunnar hefur haldist stöðugt á innlendum markaði þó svo að Seðlabankinn hafi beitt tiltölulega litlum inngripum og er það ákveðið styrkleikamerki þó svo að gengi krónunnar sé enn nokkru lægra en Seðlabankinn vill sjá það. Hófleg lækkun vaxta Seðlabankans nú mun að mínu mati ekki hafa neikvæð áhrif á gengi krónunnar. Það er þó rétt að fara varlega í sakirnar og hafa borð fyrir báru í formi nokkurs munar á innlendum og erlendum vöxtum þegar kemur að því að setja krónuna á flot, sem er ætlunin á gera á tímabili efnahagsáætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda.

Eftir að nokkuð hratt dró úr áhættufælni á erlendum mörkuðum á fyrri helmingi ársins og skuldatryggingaálag ríkisins lækkaði hratt hefur það haldist nokkuð stöðugt frá síðustu vaxtaákvörðun. Almennt hafa erlendir markaðir hins vegar verið að taka við sér og erlend hagkerfi sem nýtist íslensku efnahagslífi vel. Eftirspurn á innlendum markaði er enn að dala og slakinn fer vaxandi á vinnumarkaði en niðursveiflan hefur verið minni en spáð var. Ætti þetta að hjálpa íslensku efnahagslífi að vinna sig upp úr kreppunni.

Í ljósi ofangreinds mæli ég með því að peningastefnunefnd ákveði að lækka stýrivexti bankans næstkomandi fimmtudag um 1,0 prósentustig, þ.e. úr 12% niður í 11,0%. Einnig legg ég til að innlánsvextir bankans, sem við aðstæður sem nú ríkja á fjármálamarkaði eru hinir raunverulegu stýrivextir og hinn raunverulegi mælikvarði á aðhald peningastefnunnar, verði lækkaðir um 0,50 prósentustig, þ.e. úr 9,5% í 9,0%. Þá legg ég einnig til að annar vaxtaákvörðunardagur verði tekinn í desember og að nefndin boði nú að svigrúm sé til frekari lækkunar vaxta í bráð. Mikilvæg mál eru á dagskrá alveg á næstunni og fyrir fundinn sem ætti að vera seint í desember og má þar nefna aðra endurskoðun AGS og frekari skref í uppbyggingu fjármálakerfisins.



**SKÁLI FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS** í Landmannalaugum er nú læstur og skálavörður kominn til byggða. Vilji ferðalangar komast þar í húsaskjól þarf að hafa samband við skrifstofu FÍ til að fá lykil. Gæsla hefst ekki í skálanum fyrr en á nýju ári. www.fi.is




















Karl ber Rússum vel söguna. „Þeir eru stórkostlegir upp til hópa, gestrisnir og almennilegir." FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Drakk í sig menninguna

**Karl Ferdinand Thorarensen eyddi einum vetri við nám í Sankti Pétursborg í Rússlandi, þar sem hann kynntist meðal annars eiginkonu sinni. Hann þurfti að venjast ýmsu nýju, en segir það hafa verið vel þess virði.**

„Í Rússlandi kynntist ég ótalmörgu sem ég hafði aldrei upplifað áður. Það var ýmislegt sem ég þurfti að venjast, en það var sannarlega þess virði," segir Karl Ferdinand Thorarensen, innkaupastjóri hjá Emmessís. Karl eyddi vetrinum 2001 til 2002 við nám í Sankti Pétursborg í Rússlandi og kynntist þar meðal annars henni Nataliu, sem er eiginkona hans í dag. Saman eiga þau soninn Alexander. Karl hefur því, eins og gefur að skilja, heimsótt Rússland margoft á síðustu árum enda heillaðist hann af landi og þjóð á námsárinu í Sankti Pétursborg.

Karl segist ungur hafa fengið mikinn áhuga á Rússlandi, sem tilheyrði Sovétríkjunum sálugu í þá daga. „Eftir að hafa séð Dolph Lundgren túlka boxarann Ivan Drago á listilegan hátt í kvikmyndinni Rocky IV varð ekki aftur snúið," segir hann og hlær. „Í kjölfarið fylgdi leiðtogafundurinn í Höfða; Gorbatsjov var á forsíðum allra dagblaða í mörg ár og ég smitaðist af miklum áhuga."

Karl sótti um námsstyrk í Pétursborg á vegum íslensku og rússnesku menntamálaráðuneytanna ásamt vini sínum. „Og á einhvern ótrúlegan hátt fengum við styrkinn. Við lentum í Rússlandi tveimur dögum áður en heimurinn snerist á hvolf hinn 11. september 2001. Það var ánægjulegt að upplifa hversu þétt Rússar stóðu við bakið á Bandaríkjamönnum í kjölfarið, enda sjálfir fengið að kynnast persónulega nokkrum misvitrum kónum úr mannkynssögunni eins og Ghengis Khan, Napóleon, Kaczynski-bræðrum og Dima Bilan."

Karl leigði blokkaríbúð ásamt vini sínum við bakka Nevu, og blasti sjálf Vetrarhöllin við út um eldhúsgluggann. „Húsakosturinn var ekki upp á marga fiska og hlutir eins og heita vatnið og salernið áttu það til að bila, en það vandist fljótlega. Við gerðum okkur grein fyrir því að við værum staddir í menningarborg þessa heimsveldis og hegðuðum okkur í samræmi við það, drukkum í okkur óperu- og listasýningar og smávegis af vodka með," segir Karl.

„Við ferðuðumst líka töluvert. Með því eftirminnilegra var að skoða grafhýsi Leníns í Moskvu. það var furðuleg tilfinning að líta augum löngu látinn mann í snyrtilegum jakkafötum, umkringdan vörðum með alvæpni. Það merkilega var að hann leit eiginlega betur út en við, enda höfðum við verið í veislu í íslenska sendiráðinu kvöldið áður," segir Karl og skellir upp úr.

Hann ber Rússum vel söguna. „Þeir eru stórkostlegir upp til hópa, gestrisnir og almennilegir en geta þó verið dálítið vænisjúkir; það eru óvinir við landamærin og heimurinn er á móti þeim. Af þessu verða þeir að láta og líta frekar í eigin barm þegar illa gengur. En þetta er reyndar nokkuð sem við Íslendingar erum alveg hörmulegir í líka. Ég mæli sannarlega með að þeir sem hafa tök á sæki landið heim. Þeir verða ekki fyrir vonbrigðum," segir Karl Ferdinand.

*kjartan@frettabladid.is*




**FORD** Motor Company skilaði 997 milljón dala hagnaði á þriðja fjórðungi ársins, þrátt fyrir meira en fjórðungs samdrátt á bandaríska bílamarkaðnum.



# Gengið á slóðum Inka

**ÍT ferðir bjóða upp á skemmtilegar gönguferðir á næsta ári. Þar ber hæst 22 daga ferð til Perú þar sem genginn verður Inkavegurinn en auk þess er áætlað að halda til Grand Canyon og í fjöll Póllands.**

„Ég hlakka óskaplega til að komast til Perú enda hefur mig lengi langað þangað,“ segir Hjördís Hilmarsdóttir sem verður fararstjóri í gönguferð ÍT ferða í Perú um páskana 2010. Hún hefur ekki komið til Perú áður en segir það ekki koma að sök þar sem ÍT ferðir leggi áherslu á að vera einnig með innlenda leiðsögumenn í öllum ferðum.

„Sonur minn fór til Perú í fyrra og við settum saman þessa ferð í sameiningu,“ segir Hjördís. Hún segist fyrst og fremst heillast af Inkamenningunni en fjöllin í Perú séu einnig mikið aðdráttarafl fyrir sig enda telur hún sig fjallasjúka.

Hjördís er nú beðin um að lýsa ferðatilhöguninni. „Ferðin tekur 22 daga. Við fljúgum um New York til Líma og áfram til Cusco. Við munum fara í ferð í Urubamba-dalinn, hinn heilaga dal Inkanna, og eftir það göngum við Inkaveginn frá Machu Picchu til Cusco á fjórum dögum,“ byrjar Hjördís. Eftir það verður flogið til borgarinnar Ariquipa. Þá verður farin tveggja daga gönguferð í Colca-gljúfrunum og í framhaldi tveggja daga gönguferð á fjallið El Misti sem er tæplega 6.000 metra hátt, en það er þó valkvætt. „Þá fljúgum við til Lima og þaðan förum við í rútu til Huaraz. Göngum síðan í fjóra daga í Cordilleira Blanca-fjöllunum, leið sem er kölluð Santa Cruz,“ lýsir Hjördís og getur vart beðið fram að páskum.

Fleiri spennandi gönguferðir verða farnar á vegum ÍT ferða á næsta ári. Til dæmis ganga um Grand Canyon og um fjöll í Póllandi. „Ég fór í Grand Canyon í fyrra og það var algjör ævintýraferð. Við förum til dæmis í indíánabyggðir þar sem íbúar lifa alveg utan við stjórn Bandaríkjanna og enduðum á að sigla á kanóum á Colorado-ánni,“ segir Hjördís sem einnig hefur gengið í Póllandi. „Pólland kom mér skemmtilega á óvart. Þar er bæði mjög fallegt, aðbúnaðurinn er góður og maturinn alveg stórgóður,“ segir hún og stefnir þangað í ágúst 2010.

ÍT ferðir bjóða upp á fjölda annarra ferða og þeim sem vilja kynna sér úrvalið er bent á vefsíðuna www.itferdir.is

*solveig@frettabladid.is*

MYND/ÚR EINKASAFNI



Perú er heillandi áfangastaður fyrir þá sem elska fallega náttúru og söguríka menningu. Hér gefur að líta týndu borgina Machu Picchu.





Hjördís í ferð sem hún fór til Grand Canyon í Bandaríkjunum í fyrra.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Nauðsynlegt er að vera rétt búinn þegar ferðast er um hálendi Íslands. Í bakpokaferðum skiptir máli að hafa það sem þarf en einnig að pakka ekki of miklu.



**www.fjalla-leidsogumenn.is**





HAUSTDAGAR
20% afsláttur
af BASLER vörum
18. okt. - 18. nóv
Parísar TÍZKAN
Tízkuhús, stofnsett 1963
Skipholti 29b • S. 551 0770




Korselett á **kr. 3.500,-**
buxur á **kr. 1.000,-**
MISTY
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - **www.misty.is**
opið mán-fös 10-18, lau 10-14

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

Smáauglýsingar Fréttablaðsins eru einnig á visir.is



FRÉTTABLAÐIÐ
vísir.is
"...ég sá það á vísi"



GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is
Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

# heilsa

MIÐVIKUDAGUR 4. NÓVEMBER 2009

## Holt og gott að elda úti

**Guðmundur Finnbogason kennir grunnskólanemum að elda úti undir berum himni.** SÍÐA 3






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Með barni *komið aftur!*

*Fjölþætt bætiefni fyrir barnshafandi konur*

MEÐ BARNI inniheldur flest þau vítamín og steinefni sem nauðsynleg eru á meðgöngu. Heilbrigðisyfirvöld mæla með því að barnshafandi konur taki 400 míkrógrömm (µg) af fólínsýru daglega.
MEÐ BARNI tryggir þetta magn af fólínsýru ásamt öðrum nauðsynlegum bætiefnum. MEÐ BARNI inniheldur auk þess OMEGA 3 og 6 fitusýrur sem hjálpa til að þroska heila og miðtaugakerfi.

*MEÐ BARNI er notað á meðgöngu og meðan barn er á brjósti.*

**Íslenskt bætiefni - framleitt samkvæmt ströngustu gæðastöðlum fyrir íslenskar aðstæður**
Við höfum breytt forminu en höldum sömu innihaldsefnum og áður. Í stað töflu notum við belgi með virku efnunum í vökvaformi sem auðveldar og flýtir upptöku - en það þýðir að líkaminn nýtir þau betur. Framleiðslan er samkvæmt ströngustu gæðakröfum og GMP framleiðslustaðli.




NÁTTÚRULEGT GMP GÆÐAVOTTAÐ
heilsa
–hafðu það gott
KRAFTAVERK



## ● ASPIRÍN AÐEINS ÞEGAR VIÐ Á



Lyfjaeftirlitið í Bretlandi varar fólk sem ekki þjáist af hjartakvillum við því að nota aspirín til að fyrirbyggja hjartaáföll og heilablóðföll. Aspirín er eitt algengasta læknislyf í heiminum og hefur verið frá því það kom fyrst á markað kringum aldamótin 1900. Lyfið hefur blóðþynnandi áhrif og erlendis er það í einhverjum tilvikum gefið fólki með hjartasjúkdóma þar sem það er talið draga úr líkum á frekari áföllum. Vitað er að of stórir skammtar af lyfinu geta hins vegar valdið slæmum magaverk, hækkandi líkamshita og jafnvel öndunartruflunum. Af þeim sökum leggst lyfjaeftirlitið eindregið gegn því að fólk taki aspirín nema þess sé virkilega þörf og hvetur lækna til að meta hvort sjúklingar þeirra þurfi virkilega á lyfinu að halda.

# Þunglyndi tengt slæmu mataræði

Mataræði getur haft áhrif á andlega líðan, að því er fram kemur í niðurstöðum rannsóknar á vegum University College í London sem birtust í British Journal of Psychiatry á dögunum.

Mataræði 3.500 miðaldra opinberra starfsmanna í Bretlandi var kannað og tíðni þunglyndis mæld fimm árum síðar. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að þeir sem neyttu unninnar matvöru í miklum mæli áttu frekar á hættu að glíma við þunglyndi en þeir sem neyttu hollara fæðis.

Þátttakendum var skipt í tvo hópa, annars vegar í þá sem neyttu grænmetis, ávaxta og fiskmetis í miklum mæli og hins vegar í þá sem borðuðu unnar kjötvörur, djúpsteiktan mat, feitar mjólkurvörur og sæta eftirrétti í miklum mæli. Í ljós kom að síðarnefndi hópurinn glímdi mun frekar við þunglyndi en sá fyrrnefndi að fimm árum liðnum. *- ve*



**Þeim sem borða mikið af unninni matvöru er hættara við þunglyndi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


# Frábærar og enn betri fréttir

**Til þeirra þúsunda Íslendinga sem nota Pro-Gastro8 við meltingarörðuleikum.**

50% meira er af góðgerlum í hverju hylki sem þýðir að sumir þurfa bara að taka inn 1 hylki á dag.

Pro-Gastro8 góðgerlanir vinna gegn erfiði meltingu.






Pro-gastro8 fæst í APÓTEKUM, HEILSUBÚÐUM OG HEILSUHILLUM STÓRMARKAÐANNA!



**Auglýsingasími**

**512 50 50**




– Mest lesið




**Hópurinn hóf samstarfið í fyrra og heldur því áfram í ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heilsusamlegt fæði, hreyfing og hugsun

**Nokkrir eldri borgarar í Kópavogi og níu ára nemendur Kópavogsskóla blanda geði reglulega. Fréttablaðið fylgdist með gjöfulli morgunstund.**

Börnin eiga fyrsta atriðið á dagskrá þennan morgun undir stjórn kennaranna Rögnu Sigurðardóttur og Gunnlaugar Thorarensen. Það er athöfn kringum almanakið og daga- og mánaðarnöfnin eru sungin. Eldra fólkið fylgist með. Svo er farið í sal og tónlist sett á fóninn. Byrjað er á línudansi sem allir virðast útfarnir í og dansa af mikilli list. Næst er hringdans og þá er komið að kennslu þeirra eldri, sem flestir eru úr íþróttafélaginu Glóð. Ein úr þeirra hópi, Steinunn Ingimundardóttir, hefur forystu og unga fólkið er fljótt að grípa sporin og klappa í takt við hljóðfallið.



**Eldra fólkið sem flest er úr íþróttafélaginu Glóð kennir því yngra þjóðdansa.**

Samstarfið milli eldri borgaranna og barnanna, sem nú eru í 4. bekk, hófst í fyrra. Afrakstur þess er snoturt kver, Heimaslóðarljóð, þar sem birt eru ljóð þeirra eldri, myndskreytt af þeim yngri. Verkefnið í ár snýst um hreyfingu, holla fæðu og hugsun. Hreyfingin felst í að dansa saman og þar miðla þeir eldri hinum yngri af kunnáttu sinni en eftir áramót er stefnt að því að fá Heiðar Ástvaldsson til að leiðbeina öllum hópnum.

„Holla fæðan“ snýst um útgáfu matreiðslubókar með uppskriftum sem hver og einn kemur með að heiman. „Þarf þetta að vera svona – æi – hollt?“ spyr ein skólastúlkan eftir að hafa rétt upp hönd til að biðja um orðið. Jú, það er talið æskilegt. Á hverri blaðsíðu verður málsháttur og þar reynir á hugsunina. „Þetta er málræktarverkefni. Við kryfjum málshættina með börnunum og þau búa til klippimyndir í tengslum við þá,“ útskýrir Ragna Guðvarðardóttir, ritari hjá Glóð.

Einmitt það næsta sem gert er þennan daginn. Fjórðu bekkirnir eru tveir og í hvorum þeirra fer einn úr eldra liðinu með málshátt. Betra er lítill fiskur en tómur diskur er farið með í annarri kennslustofunni og Matur er mannsins megin í hinni. Börnin giska á merkingu málsháttanna og eldra fólkið beinir þeim á rétta braut eftir þörfum. Svo dreifa kennararnir blöðum og bæklingum sem bíða endurvinnslu og börnin taka skæri í hönd og hefja klippimyndagerðina. *- gun*

# Ábyrgð á eigin heilsu

„Eins og ástandið er í þjóðfélaginu í dag finnst mér liggja í augum uppi að fólk eigi að hætta að hugsa um efnislegu hlutina og fara að hugsa meira um sjálft sig. Liður í því gæti verið að fara í svona meðferð eða aðrar meðferðir til að hressa upp á líkama og sál. Það er mjög mikilvægt að fólk beri ábyrgð á eigin heilsu,“ segir Pétur Hanna, Bowen-tæknir og heilari.

Bowen-tæknin á rætur sínar að rekja til Ástralans Toms Bowen og breiddist út um heiminn á áttunda áratug síðustu aldar. Fyrsta námskeiðið í fræðunum hér á landi var haldið árið 2002. Margeir Sigurðarson er sá eini sem kennir Bowen-tæknimeðferðina á Íslandi.

Helstu áhrif Bowen-tæknimeðferðar á líkamann eru verkjalosun og endurnýjun orku. „Þegar fólk kemur í fyrsta sinn er meðferðin alltaf sú sama,“ segir Pétur. „Fólkið segir mér ástæðuna fyrir komunni, leggst á bekk og ég geri rúllandi hreyfingar yfir ákveðna staði á líkamanum. Svo þegar fólkið kemur oftar fer ég að einbeita mér að ákveðnum vandamálum. Þá rúlla ég yfir ákveðna vöðva, vöðvafestingar og sinar.“

Pétur segir meðferðina hafa þau áhrif að hún ýti líkamanum í þá átt að lækna sig sjálfur. „Ég hef náð ótrúlegum árangri strax í fyrstu heimsóknum fólks. Til að mynda er meðferðin mjög góð við bakverkjum og einnig við grindargliðnun hjá barnshafandi konum,“ segir Pétur.

Vinnustofa Péturs er á heimili hans við Naustabryggju. *- kg*



**Pétur segist hafa náð ótrúlegum árangri með Bowen-tæknimeðferðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eldað þar sem allra veðra er von

**Færst hefur í vöxt að grunnskólanemum sé kennt að elda undir berum himni en það má að miklu leyti þakka heimilisfræðikennaranum Guðmundi Finnbogasyni.**



Guðmundur segir að matreiðslu megi kenna utandyra eins og aðrar greinar.



Guðmundur hefur haldið námskeið fyrir grunnskólakennara og hafa margir þeirra tekið upp útimatreiðslu í sínum skólum. MYND/VÖLUNDUR

Guðmundur Finnbogason er skáti og áhugamaður um útieldun. Hann starfar sem heimilisfræðikennari við Laugarnesskóla og kennir nemendum sínum að elda úti við. Auk þess hefur hann haldið námskeið fyrir kennara sem vilja kynna sér útieldun á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur.

Guðmundur hefur vegna skátabakgrunnsins alltaf haft áhuga á útieldun en þegar hann hóf störf við Laugarnesskóla var engin heimilisfræðistofa í skólanum. „Ég var því knúinn til að fara aðrar leiðir sem var mér svo sem ekkert á móti skapi. Nú er búið að byggja handa mér heimilisfræðistofu en við höldum þó uppteknum hætti og förum reglulega út.“ Guðmundur kennir krökkunum ýmsar aðferðir til að elda úti í náttúrunni. „Við eldum á prímus og kolum og notum þá þar til gerða potta og pönnur,“ segir Guðmundur og nefnir „dutch“-pott, eða svokallaðan Hollending sem dæmi. Honum er komið fyrir á kolum og kolum síðan raðað ofan á lokið. Þannig er hægt að elda allt sem annars er eldað í ofni svo lengi sem það kemst í pottinn. Á prímusnum gerum við svo súpur, kakó og jafnvel pönnukökur.“

Útikennsla er liður í því að bjóða upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir og segir Guðmundur ekkert því til fyrirstöðu að kenna heimilisfræði undir berum himni eins og aðrar greinar. „Krakkarnir læra að elda við þær erfiðu aðstæður sem geta skapast þegar allra veðra er von og ættu því að vera fullfær ir um að elda innivið. Þau fá líka aðra sýn á eldunartækin auk þess sem hreyfing og útivera fylgir í kaupbæti.“ Á kennaranámskeiðunum hefur Guðmundur kennt kennurunum að kveikja eld og vinna með hann. „Síðan höfum við eldað í álpappír sem býður upp á marga möguleika og er ódýr kostur fyrir þá sem eru að byrja að kenna útieldun. Auk þess er farið í aðrar eldunaraðferðir og veit ég til þess að margir kennarar eru farnir að taka þetta upp og þá sérstaklega í þeim skólum sem eru í útjaðri borgarinnar og nálægt skógarsvæðum.“

Guðmundur stefnir að því að bjóða upp á kennaranámskeið fyrir jól auk þess sem hann segir allar líkur á því að hann muni bjóða upp á almenningsnámskeið með vorinu. Nánari upplýsingar er að finna á www.utieldhus.is -ve



**● BARNSHAFANDI KONUR LÁTI BÓLUSETJA SIG** Alþjóða heilbrigðisstofnunin ráðleggur barnshafandi konum og öðrum áhættuhópum eindregið að láta bólusetja sig gegn svínaflensu nú þegar kólnar í veðri á norðurhvelinu. Þetta kemur fram hjá Reutersfréttastofunni. Talsmaður stofnunarinnar lýsti í gær yfir áhyggjum af því að fólk í áhættuhópum væri ekki nógu duglegt að láta bólusetja sig gagnvart flensunni. Þá lagði hann á áherslu að bólusetningarlyfið hefði ekki valdið neinum óvenjulegum aukaverkunum hjá þeim hundruðum þúsunda sem þegar hefðu verið bólusettar víða um heim. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar hafa að minnsta kosti 5.712 látist af völdum svínaflensunnar. -kg



Ingibjörg syndir 500 metra á hverjum degi og slakar svo á í heita pottinum á eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Birkilaufin drógu úr bólgu og sársauka

Ingibjörg Stefánsdóttir er sjötug en syndir 500 metra á hverjum degi auk þess sem hún stundar sundleikfimi í Laugardalslauginni fjórum sinnum í viku. Hún hefur lent í ýmsum skakkaföllum sem hafa haft slæm áhrif á líkamlegt ástand hennar en hefur náð sér á strik með reglubundinni hreyfingu og með því að taka inn birkilauf sem hún segir svínvirka.

„Ég tók birkiösku á hverjum degi í fimm ár eftir að vinkona mín og nágranni sem er á níræðisaldri benti mér á hana og fannst hún virka vel við bólgum,“ segir Ingibjörg. Hún hætti um tíma að taka hana í vor þegar hún varð að fara í stóra aðgerð en ástæður hennar mátti rekja til slæms bílslyss sem hún lenti í árið 1998.

„Ég brotnaði svo illa á fæti að skrúfa þurfti hann allan saman. Síðasta vetur voru skrúfurnar farnar að losna og mjaðmarliðurinn var eitthvað úr lagi genginn,“ lýsir Ingibjörg. „Eftir aðgerðina mátti ég ekki stíga í fótinn í fjóra mánuði,“ segir hún. Þegar hún loks mátti keyra í september ætlaði hún að kaupa birkiöskuna á ný en kom að tómum kofanum. „Ég hringdi í Selmu Ósk Kristiansen til að athuga hverju sætti og hún benti mér á að nú væri hægt að kaupa í apóteki svokölluð birkilauf í staðinn. Ég keypti þau og var búin að taka þau í svona þrjár vikur þegar ég fann mikinn mun á mér,“ segir Ingibjörg, sem er einnig illa farin af slitgigt. „Ég hef verið haldin handadoða og vaknað við mikla verki á nóttunni. Öll liðamótin á hnúunum voru bólgin og sár viðkomu en núna er þetta allt annað líf, ég get strokið um hnúana án þess að finna mikið fyrir því,“ segir hún og heldur áfram: „Ég hef einnig fundið mikið til í fótunum í gegnum árin, sérstaklega í tánum og upp í ristarnar, enda tábeinin að ganga út. Sársaukinn var alltaf að aukast. Núna finn ég ekki nærri eins mikið til,“ segir Ingibjörg, mjög sátt við árangurinn. -sg



**100% náttúrulegt**

# metasys®



# Fékk heilsuna aftur með Metasys

## -bónusinn var að missa 29 kg.

Sandra Fannarsdóttir 45 ára, fjárfesti í fyrsta Metasys pakkanum fyrir 4 árum. Hún heyrði frá góðri vinkonu að Metasys væri mjög orkugefandi og var það einmitt það sem Söndru vantaði og það heldur betur. Á þessum tíma þjáðist hún af vefjagigt, háþrýstingi og ýmsum kvillum og tók inn ótalmörg lyf, hafði gert árum saman og var ekki tilbúin að gefast upp. Ekki aldeilis. „ Ég var orðin algjörlega orkulaus og við það að bugast sem í huganum var eiginlega ekki í boði, móðir í ábyrgðarstöðu og í fullu kennaranámi. Vinkona mín sagði einnig að Metasys væri frábært fitubrennsluefni og fussaði ég bara við því, þar sem ég taldi mig vera búin að prófa allt undir sólinni í þeim efnum. Á þessum tímapunkti var ég 40 kílóum of þung og má segja að það sé orsök og afleiðing af þeim kvillum sem ég hafði verið að kljást við. Ég var fyrst og fremst á höttunum eftir ORKU, og aukakílóin voru aukaatriði! Eftir að ég byrjaði að taka inn Metasys fann ég nánast strax fyrir frábærri orkubreytingu og var þá yfir mig ánægð með áhrifin af Metasys. Eftir rúman mánuð uppgötvaði ég að ég var nánast verkjalaus og hreinlega bara leið rosalega vel. Ég er geðgóð að eðlisfari og viðurkenni að þegar mér leið sem verst var ég ekki eins glöð og ánægð með lífið eins og mér er eiginlegt. Svo fóru kílóin að fjúka sem var frábær bónus. Á þessum 4 árum hef ég prófað að hætta á Metasys og lengst í tvo mánuði og satt að segja ætla ég ekki að gera það aftur. Verkir og slen komu aftur og gamlir kvillar fóru að gera vart við sig. Metasys eitt heldur mér heilbrigðri og þarf ég engin lyf lengur. Á þessum 4 árum sem ég hef tekið inn Metasys hefur þyngdin rokkað og náði mest af mér á tímabil 19 kg. en ég vildi ná meiri árangri. Hóf samstarf við frábæran einkaþjálfara, Nonna Hjaltalín, sem hefur hjálpað mér að ná settum markmiðum og átta mig á því að ábyrgðin er í mínum höndum og ekkert gerist nema að tekið sé á vandamálinu. Metasys er frábær hjálp en hreyfing og hollt mataræði verður að fylgja með enda kemur það fram í leiðbeiningunum sem fylgja Metasys. Ég mun aldrei þreytast að mæla með Metasys ég er í langtum betra formi og léttari en þegar ég var tvítug" Segir Sandra að lokum kát í bragði.



*Sandra Fannarsdóttir*

Metasys er þróað og rannsakað sem þriggja mánaða áætlun og þeir sem þurfa léttast ná bestum árangri sem skrá matardagbók, auka hreyfingu og hyggja að mataræði!

Metasys hefur verið fáanlegt á Íslandi í 5 ár og er eitt vinsælasta fæðubótaefnið til að grennast ásamt því að vera mjög orkugefandi og heilsubætandi en hægt er að nálgast fjölmargar góðar reynslusögur á www.metasys.is



**20%**
afsláttur á meðan birgðir endast!

**Metasys er ekki "kraftaverkapilla" árangur þyngdarlosunar stjórnast af þrem megin þáttum.**

1. Taka inn METASYS reglulega og minnst þrjá mánuði
2. Viðhafa skynsamlegt mataræði, borða reglulega, forðast sykur, áfengi og óvönduð kolvetni
3. Stunda hæfilega hreyfingu minnst 3x í viku, minnst 30 mínútur í senn.

**METASYS er fáanlegt í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða**

metasys®
Náttúruleg leið til þyngdarstjórnunar

prentun.is



ferli, að mati skuggabankastjórnar Markaðarins. Bankastjórnin telur mjög jákvætt að kröfuhafar taki ráðandi hlut í bönkunum enda muni þeir geta rekið þá vel. Skráning þeirra á markað er um hreyfingar á eignarhlutum í bönkunum. MARKAÐURINN/ANTON

við að þeir bjartsýnustu hafi spáð því að erlendir aðilar myndu vilja smávægilegan hlut og ríkið verða meirihlutaeigandi. „Þetta er einn af stærstu sigrunum síðustu mánuði, bæði fyrir bankakerfið og uppbygginguna þess.“

Ingólfur telur kröfuhafana, hverjir svo sem þeir kunni að verða, líklegri til að sníða bankana eftir vexti hagkerfisins. „Ég held að þessir aðilar verði miklu líklegri til að halda upp hagkvæmu bankakerfi en áður. Þetta eru þeir aðilar sem ég tel í raun þá sem munu fara í þann niðurskurð sem nauðsynlegur er á kerfinu. Þeir eru líka vísir til að vera lausir við þá pólitík sem ríkið gæti rekið sig á. Þetta verður erfitt, en nauðsynlegt,“ segir hann.

**LÆKKUN Í SPILUNUM**

Skuggabankastjórn Markaðarins mælir með hundrað punkta lækkun stýrivaxta á vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans á morgun og fimmtíu punkta lækkun innlánsvaxta. Bankastjórnin vísar til jákvæðra vísbendinga í efnahagslífinu. Þá hafi lánsfjármögnun Orkuveitu Reykjavíkur sem greint var frá í vikunni mikla þýðingu. Þar hafi verið send út skýr skilaboð til umheimsins um traust á endurreisn efnahagslífsins.

Þórður bendir á að sérstaklega hafi verið tekið fram í minnisblaði af síðasta vaxtafundi Peningastefnunefndar að Már Guðmundsson seðlabankastjóri hafi mælt fyrir lækkun stýrivaxta. „Það er óvenjulegt að nafngreina fólk í nefndinni,“ bendir hann á. „Nú eru forsendur fyrir því að ganga enn lengra.“

Ólafur bendir sömuleiðis á að í ljósi þess að gjaldeyrishöftum sé beitt til að verja gengi krónunnar sé síður ástæða til að halda stýrivöxtum svo háum sem raun ber vitni. AGS hafi látið í veðri vaka eftir fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunarinnar að sjóðurinn hafi linast gagnvart háum stýrivöxtum. Því liggi fyrir að lækka megi vextina umtalsvert.

Ingólfur slær varnagla við þeim skilaboðum sem lækkun stýrivaxta kann að fela í sér. „Þetta ástand er tímabundið. Breyting stýrivaxta getur haft áhrif á markaðsvexti. Út frá því tel ég rétt að fara sér hægt,“ segir hann og ítrekar þó ákvörðun sína um eins prósentustigs lækkun.

Undir þetta taka hinir meðlimir skuggabankastjórnarinnar. Þeir draga þó í efa væntingar um hugsanlega styrkingu krónunnar. „Ég held að hún verði hægfara. Það er hollt fyrir efnahagslífið,“ segir Þórður.

**VILJA BÆTA VIÐ VAXTADEGI**

Á morgun er síðasti vaxtaákvörðunardagur Seðlabankans á árinu, samkvæmt dagskrá bankans. Ingólfur segir nauðsynlegt að bæta einum vaxtaákvörðunardegi við eftir aðra endurskoðun AGS á efnahagsáætlun Íslands í jólamánuðinum. Þá verði sömuleiðis búið að skera úr um hvað kröfuhafar Kaupþings ætli að gera auk þess sem mynd verður komin á fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. „Það væri kannski rétt hjá Seðlabankanum að kynna þá vaxtalækkunarferil næstu mánuða, jafnvel fram á vor,“ bætir Ólafur við.

„Það ætti að gefa skýrt merki um að ákveðin tímamót séu nú. Að lækkun á morgun sé ekki einangrað tilvik,“ segir Þórður og bætir við nauðsyn þess að taka hófleg skref í einu næstu mánuði.

# Efnahagsáætlunin komin á sporið

Tekið hefur verið fyrsta skrefið til að aflétta gjaldeyrishöftum sem ætlað er að halda bærilegum stöðugleika í gengi krónunnar. Stjórnvöld og AGS virðast telja gengið hafa náð jafnvægi á gengisvísitölunni 235 eða þar um bil. Höftin sýnast frekar en stýrivextirnir valda miklu um gengi krónunnar. Tengsl stýrivaxta við almenna bankavexti hafa rofnað og hafa háir stýrivextir ekki staðið í vegi fyrir því að viðskiptabankar hafa breytt vöxtum sínum í ýmsum atriðum. Við þær aðstæður sem hafa skapast í efnahagsmálum virðist sem stýrivextir Seðlabankans gegni óljósum tilgangi.



ÓLAFUR ÍSLEIFSSON

Frá þessu er þó sú undantekning að dráttarvextir skulu lögum samkvæmt vera 7% yfir stýrivöxtum Seðlabankans. Þess vegna eru dráttarvextir nú 19%. Virðist sem stjórnvöld telji svo háa dráttarvexti hæfilega í landi þar sem stökkbreyttar skuldir ógna atvinnufyrirtækjum og heimilum sem virðist ekki ætlað að eiga möguleika að vinna sig út úr vanskilum. Dráttarvextir á lánum sem miðast við erlenda mynt fylgja stirðu austurþýsku kerfi með fimm ára viðmiðunum. Enginn vilji sýnist uppi af hálfu stjórnvalda um að hnika neinu í þessum efnum.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi verður ekki séð að nein skynsamleg ástæða sé til að halda stýrivöxtum Seðlabankans í 12%. Andstaða AGS við lækkun stýrivaxta hefur linast merkjanlega eftir fyrstu endurskoðun á efnahagsáætluninni. Fyrir liggur því að taka ákvörðun um umtalsverða lækkun stýrivaxta Seðlabankans.

Efnahagsáætlun stjórnvalda í samvinnu við AGS er nú aftur komin á sporið eftir að hafa sætt töfum á vettvangi sjóðsins. Stjórnvöld hljóta að nýta ársfjórðungslegar endurskoðanir til að leitast við að tryggja að áætlunin taki á hverjum tíma mið af íslenskum hagsmunum og breytilegum ytri skilyrðum.

# Stýrivexti í ellefu prósent

Ég tel að lækka eigi stýrivexti úr tólf prósentum í ellefu og innlánsvexti úr 9,5 prósentum í níu. Hér að baki liggja þau tímamót sem felast í fyrstu endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á efnahagsáætlun Íslands. Þar með hefur stefnan í efnahagsmálum verið mörkuð fyrir næstu ár.

Margt hefur gerst frá síðustu vaxtaákvörðun í lok september – og flest jákvætt. Fyrst ber þar að telja umrædda endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessi endurskoðun leggur grunninn að efnahagsstefnunni, varðar þá leið sem við höfum ákveðið að fara út úr kreppunni. Í öðru lagi hefur náðst samkomulag um Icesavemálið, þótt Alþingi hafi ekki enn afgreitt það. Í þriðja lagi hafa kjarasamningar verið framlengdir. Loks hefur fjárlagafrumvarpið verið lagt fram og þótt þar eigi eftir að vinna í mörgum liðum hefur það að geyma mikilvægan leiðarvísi um áherslur stjórnvalda í ríkisfjármálum. Þannig hefur ramminn um efnahagslífið verið mótaður fyrir næstu ár. Þótt sitt sýnist hverjum um þennan ramma blandast engum hugur um að afar brýnt er að hann liggi fyrir – í því felast jákvæðu skilaboðin sem jafnframt gefa fullt tilefni til lækkunar vaxta.

Þróun efnahagsmála hefur jafnframt um flest verið fremur hagfelld borið saman við spár, bæði hér á landi og erlendis. Að mínu viti er enginn vafi á að erfiðasti hjallinn er að baki á alþjóðavettvangi og hér innanlands hefur ýmislegt gengið betur en áætlað var. Í því efni nægir að benda á umskiptin í viðskiptum við önnur lönd, heldur minni samdrátt en spáð var og nokkru minna atvinnuleysi. Þann skugga ber helst á að verðbólgan er meiri en reiknað var með. Í mínum huga er þó enginn efi á að öll efnisleg hagræn rök styðja lækkun vaxta – og í raun meiri lækkun en hér er lagt til. Það sem vegur á móti, hvetur til að hægar verði farið í sakirnar, er ímyndarvandi þjóðarinnar. Mikil vaxtalækkun gæti leitt til lækkunar gengis krónunnar og fyrir vikið valdið aukinni verðbólgu. Jafnframt liggur í hlutarins eðli að það er afar þýðingarmikið að Seðlabankinn setji fram og skýri ákvörðun sína vel. Einkum þarf að skýra vel fyrir útlendingum að í raun felist lítil breyting á aðhaldsstigi efnahagslífsins í þessari vaxtalækkun.



ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON

ÚR FORTÍÐINNI



# Þegar stórveldið SÍS vildi Útvegsbankann

Um miðjan ágúst árið 1987 gerði Sambandið (SÍS) og þrjú félög þess, Samvinnusjóður Íslands, Jötunn hf. og Dráttarvélar hf. tilboð í 67 prósenta hlut Útvegsbankans. Til stóð að sameina bankann Samvinnubankanum, sem þá var í eigu SÍS, en það teygði þá anga sína vítt og breitt um samfélagið allt. Málið varð að pólitísku deilumáli og varð ekkert úr kaupunum.

Fyrir miðju á myndinni er Valur Arnþórsson, stjórnarformaður SÍS. Valur átti sæti í stjórn margra dótturfélaga KEA og Sambandsins. Á vinstri hönd hans situr Guðjón B. Ólafsson, forstjóri SÍS. Á móti honum situr Hermann Sveinbjörnsson, blaðafulltrúi SÍS.

Á hægri hönd Hermanns situr fjölmiðlamaðurinn Hallur Hallsson. Kristín Þorsteinsdóttir, þá fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu, stendur vinstra megin við Val. Fjölmiðlamaðurinn Bjarni Vestmann er talinn standa honum á hægri hönd.

Þremur árum eftir að myndin var tekin var SÍS að sökkva í skuldafen. Landsbankinn kom til bjargar, keypti Samvinnubankann og sameinaði hann rekstri sínum. Þremur árum síðar var skuldastaðan orðin slík að bankinn neyddist til að taka SÍS yfir og afskrifaði helming skulda félagsins, þá í kringum 700 milljónir króna. Öllu starfsfólki SÍS var sagt upp í kjölfarið og heyrði reksturinn sögunni til.

Á miðjum níunda áratugnum varð Útvegsbankinn gjaldþrota vegna vangoldinna skulda Hafskipa. Hann sameinaðist Iðnaðarbankanum, Verslunarbankanum og Alþýðubankanum og varð að Íslandsbanka, sem síðar varð Glitnir.

Valur Arnþórsson tók nokkru síðar við stöðu bankastjóra Landsbankans. Hann lést í flugslysi í október 1990, þá 55 ára að aldri.

Guðjón B. Ólafsson missti starf sitt ásamt öðrum við fall SÍS. Hann lést árið 1993, 58 ára að aldri.

Hermann Sveinbjörnsson lést um mitt ár 2003. Hann var 54 ára.

- jab

Auglýsingasími
512 5050




– Mest lesið

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330
FRÉTTABLAÐIÐ





**FRÁFARANDI OG VIÐTAKANDI** Jóhann R. Benediktsson hefur fram til þessa starfað sem framkvæmdastjóri HBT. Ingvar Hjálmarsson, markaðsstjóri fyrirtækisins, tók nú um mánaðamótin við keflinu. MYND/ANTON

# *Hraður vöxtur kallar á aukið fjármagn*

Sprotafyrirtækið HBT í Reykjanesbæ leggur nú áherslu á markaðssetningu á orkusparandi búnaði fyrir skip. Um mánaðamótin urðu framkvæmdastjóraskipti hjá fyrirtækinu. *Óli Kristján Ármannsson* settist niður með fráfarandi og nýjum framkvæmdastjóra og fór yfir horfurnar.

HBT, ríflega ársgamalt sprotafyrirtæki í Reykjanesbæ, er tilbúið með framleiðsluvöru og hefur þegar hafið sölu á búnaði sem dregið getur stórlega úr eldsneytisnotkun fiskiskipa. Fyrirtækið hyggur nú á stórfellda útrás og ætlar að nýta sér það forskot að vera einir á markaði með vöru sína. Félagið leitar fjárfesta, en starfsemin er þegar rekin með hagnaði, að sögn aðstandenda félagsins.

Jóhann R. Benediktsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri HBT, og Ingvar Hjálmarsson, sem nú tekur við starfinu, settust niður með blaðamanni og fóru yfir horfur í starfseminni. Ingvar var áður markaðsstjóri HBT en tók við af Jóhanni núna um mánaðamótin. Jóhann er þó ekki horfinn frá fyrirtækinu, en hann er einn eigenda, heldur tekur sæti í stjórn þess.

Jóhann og Ingvar eru stoltir af þeim árangri að hafa komið fyrirtækinu á þann stað sem það er í nú í miðju efnahagsfárviðri, hér heima og erlendis. Og nýverið fékk Árni Bergmann Pétursson, hugvitsmaður og forstjóri Rafs á Akureyri, umhverfisverðlaun LÍÚ 2009 fyrir rannsóknar- og þróunarvinnu við rafbjögunarsíu HBT.

Jóhann og Ingvar segja þetta mikla viðurkenningu fyrir fyrirtækið og þann undirbúning og rannsóknir sem það byggi á, en unnið hafi verið að þróuninni í tíu ár áður en kom að stofnun HBT. „Sprotafyrirtæki eins og okkar gæti ekki vaxið jafnhratt og raun ber vitni nema það hefði traustan grunn til að byggja á,“ segir Jóhann og bætir við að frumkvöðlarnir og aðalhugmyndafræðingar fyrirtækisins séu þeir Árni Bergmann og svo bróðir Jóhanns, Kristjón Benediktsson.

Kristjón er stjórnarformaður og stærsti einstaki eigandi félagsins með um 50 prósenta hlut. Fjölskylda hans á stóran hlut, en saman fara fimm manns með um 30 prósenta hlut. Fimmtungurinn sem eftir stendur er svo í eigu smærri hluthafa og starfsmanna.

Rafbjögunarsíða HBT hreinsar upp rafmagn sem kemur inn í hús eða er framleitt með olíuknúnum rafölum sem um borð eru í skipum. „Það þýðir að minni olíu þarf til að framleiða jafnmikið rafmagn,“ segir Ingvar og áréttar að tæknin sé einstök í heiminum.

„Með seiglu og þrautseigju tókst okkur að koma framleiðslu af stað, fá leyfi, vottorð og viðurkenningar, skipuleggja alþjóðlegt sölu- og dreifingarnet og erum nú um 30 talsins með starfsemi í sex löndum,“ segir Jóhann, en um átta manns voru hjá fyrirtækinu fyrir ári síðan. Hann segir greinilegt að skorti á reynslu í bankakerfinu við að styðja við sprotafyrirtæki, en lánafyrirgreiðsla hafi verið um margt þung. Fyrirtækið hafi hins vegar notið stuðnings Smith & Norland, helsta birgis síns í útrásinni. „Ef okkar aðalbirgir hefði ekki verið jafntraustur þá er ljóst að vöxtur okkar hefði orðið hægari,“ segir Jóhann, en bætir um leið við að HBT sé á lokametrunum í að treysta fjárhagslegar stoðir fyrirtækisins.

Jóhann og Ingvar segja helst horft til þess að fá erlenda fjárfesta að félaginu, en þeir hafi orðið varir við mikinn áhuga á því erlendis frá. Þá sé gengi krónunnar um þessar mundir ákveðinn hvati í þeim viðræðum. „Við skjótum á næstu vikum traustari stoðum undir sóknina sem er fram undan,“ segir Jóhann, en kveður þó ekki tímabært að fara nánar út í þá sálma. Ingvar segir horft til þess að nýir fjárfestar gætu eignast allt að 35 prósenta hlut.

Vera kann að verðið á tækjum HBT stingi í augu einhverra, litlar 113 þúsund evrur, en Ingvar áréttar þó að það ætti ekki að vera mikil fyrirstaða. Tækið borgi sig upp með sparnaði í eldsneytiskaupum á 10 til 18 mánuðum. „Síðan bætist við lánafyrirgreiðsla þar sem afborgunum er dreift á tímabilið,“ bætir Jóhann við og segja þeir félagar því að tækin borgi sig í raun upp sjálf. Þá hefur HBT tekið ákvörðun um að festa gengið, ekki ósvipað og Microsoft hefur gert. Í sölu innanlands er því fremur horft til gengisins 125 en 185 króna fyrir evruna og rafbjögunarsían því að nálægt 14 milljónir króna hér.

Aðaláhersla er á sölu tækisins í sjávarútvegi en Jóhann og Ingvar árétta engu síður að möguleikarnir séu líka miklir í öðrum iðnaði, bæði þar sem notast sé við dýran tæknibúnað sem viðkvæmur sé fyrir tíðnisveiflum og í verksmiðjum sem noti mikið rafmagn.

„Heimurinn horfir til Íslendinga þegar kemur að sjávarútvegi, þótt hann geri það ekki lengur í bankastarfsemi. Það hjálpar okkur því að vera íslenskt fyrirtæki,“ segir Ingvar og áréttar að HBT hitti líka beint inn í auknar alþjóðlegar áherslur á minnkandi útblástur og betri orkunýtingu. Marorka er annað fyrirtæki sem einbeitir sér að orkusparandi búnaði fyrir skip, en Jóhann og Ingvar segja að starfsemi þeirra skarist þó ekki, heldur sé áherslan á ólíka þætti orkunýtingarinnar. „Í rauninni vinnur tækni þessara tveggja fyrirtækja vel saman,“ segir Jóhann og telur ekki útilokað að finnast kynni grundvöllur til sameinaðs átaks í markaðsstarfi.

# Landsteinar Strengur býður Subway velkomna í hóp ánægðra viðskiptavina

Subway á Íslandi gerði nýverið samning við Landsteina Streng um kaup á Microsoft Dynamics NAV, LS Retail ásamt Cenium tímastjórnunar- og vaktakerfinu. Með innleiðingu kerfisins skerpir fyrirtækið enn betur á öllum rekstrarþáttum, auðveldar yfirsýn og tryggir viðskiptavinum sínum enn betri og hraðari þjónustu.

Subway á Íslandi er nú komið í stóran og sívaxandi hóp ánægðra viðskiptavina Landsteina Strengs, sem velja þjónustu og verslunarlausnir er gefa fyrirtækjum forskot inn í rekstrarumhverfi framtíðarinnar. Íslensk fyrirtæki, stór og smá, velja verslunarlausnir Landsteina Strengs í síauknu mæli því þau vilja eitt kerfi sem sér um allan resktur fyrirtækisins.

Lausnir Landsteina Strengs eru í notkun hjá hundruðum íslenskra og erlendra fyrirtækja út um allan heim.
Ef þú vilt koma fyrirtækinu þínu úr ládeyðunni yfir í framtíðina, hafðu þá samband við sölufulltrúa okkar eða kynntu þér málið á **www.ls.is**

LANDSTEINAR STRENGUR
*Okkar þekking - þitt forskot!*

# Mikki mús verður ofurhetja í tölvuleik

Epic Mickey er væntanlegur 2010.




Áttatíu árum eftir að Mikki Mús var kynntur til sögunnar á hvíta tjaldinu hefur honum verið úthlutað aðalhlutverkinu í tölvuleik, Epic Mickey, sem settur verður á markað fyrir Wii-leikjatölvur Nintendo á næsta ári.

Vonir framleiðendanna standa til þess að Mikki verði jafn kunn tölvuleikjahetja og Mario-bræðurnir. Höfundur leiksins, Warren Spector, segir í samtali við breska blaðið Guardian að Mikki hafi verið tekinn af heimavelli sínum, teiknimyndaheiminum, og inn í heim leiksins, Eyðiland teiknimyndanna (Cartoon wasteland). Spector dásamar innblásturinn sem heimur Disney-teiknimyndahetjanna veitir en í leiknum er Mikki á ferð um Eyðilandið þar sem fallnar hetjur teiknimyndanna búa. Oswald, heppna kanínan, fyrsta teiknimyndapersónan sem Walt Disney skapaði, er meðal persóna í leiknum.






**SIGRÍÐUR B. ÞORMAR** Rekur verslunina Lítil í upphafi samliða doktorsnámi í áfallasálfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fékk hugmyndina í námsferð í Indónesíu

## Sigríður B. Þormar er doktorsnemi í áfallasálfræði en rekur auk þess verslunina Lítil í upphafi þar sem áhersla er á vörur sem framleiddar eru við mannúðlegar kringumstæður.

**Sigríður Björg Tómasdóttir**
skrifar

Sigríður B. Þormar fékk hugmyndina að versluninni sem hún rekur, Lítil í upphafi, þegar hún var stödd í Indónesíu haustið 2006. Hún var ekki þar í erindagjörðum kaupsýslumanns heldur var hún þar vegna doktorsverkefnis síns í áfallasálfræði sem gengur út á að rannsaka hvaða áhrif starf á vettvangi hefur á sjálfboðaliða Rauða krossins. Vorið 2006 varð snarpur jarðskjálfti í Indónesíu, mörg þúsund manns létust og mörg hundruð þúsund slösuðust, meðal annars misstu mörg börn hendur og fætur. Sjálfboðaliðar sem unnu að rústabjörgun og fleiri verkefnum í kjölfar skjálftans skiptu hundruðum og doktorsverkefni Sigríðar er að rannsaka áhrif starfsins á sjálfboðaliðana sem að stórum hluta eru nemendur því þeir geta oft brugðist við með stuttum fyrirvara.

„Í þessari ferð heyrði ég af endurhæfingarstöð sem hefur það að markmiði að endurhæfa börn sem hafa misst hendur og fætur. Sum þeirra koma í kjölfar skjálftans. Mikið atvinnuleysi er í Indónesíu og fatlaðir fá oft enga vinnu. Markmið stöðvarinnar er því að endurhæfa fötluð börn þannig að þau geti verið virkir og sjálfstæðir fullorðnir einstaklingar,“ segir Sigríður sem fór að heimsækja stöðina og hreyfst af vinnunni á staðnum.

„Verkefnið er frábært, börnunum er boðið upp á endurhæfingu, iðjuþjálfun og sálrænan stuðning. Hluti af iðjuþjálfuninni er að búa til gervilimi,“ útskýrir Sigríður sem segir að börnin hjálpi til við að endurhanna sína eigin gervilimi. „Þegar þau eru orðin fullorðin þá stendur þeim til boða að vinna á þessari stöð og hefur þannig tekist að búa til starfsvettvang fyrir fatlaða, þar sem þeir njóta fullra starfsréttinda.“

### HUGMYND EN EKKI VIÐSKIPTAÁÆTLUN

Endurhæfingarstöðin fjármagnar sig með sölu á leikföngum sem búin eru til þarna og segir Sigríður að við heimsóknina hafi kviknað með henni löngun til þess að selja vörurnar á Íslandi. „Mig hafði lengi langað til að gera eitthvað skapandi, ég er alltaf að lesa vísindarit og skrifa vísindagreinar og langaði til að gera eitthvað skapandi meðfram. Ég fór heim með hugmyndina í maganum, enga viðskiptaáætlun eða neitt slíkt og fór af stað.“

Vorið 2008 opnaði svo verslunin Lítil í upphafi. Auk leikfanganna sem framleidd eru í Indónesíu hafði Sigríður leitað uppi fleiri hliðstæð verkefni og vörur sem hana langaði til að hafa í búðinni. „Ég ákvað að gera ekki út á að ég væri að selja vörur sem eru framleiddar við mannúðlegar aðstæður, heldur hafa upplýsingar um verslunina og vörurnar aðgengilegar á Netinu,“ segir Sigríður sem sjálf gengur úr skugga um að vörurnar sem hún selur í búðinni séu framleiddar við góðar aðstæður. Fæstar af þeim hafa hins vegar Fair trade-stimpilinn sem margir þekkja, ástæðuna segir hún vera þá að vegna þess að ferillinn sem framleiðandi þarf að fara í gegnum til þess að fá þann stimpil á vöruna sé dýr og að þær vörur séu núna í kjölfar hrunsins orðnar það dýrar í innkaupum, að erfitt sé að selja þær á Íslandi.

„Því reyni ég að ganga úr skugga um það sjálf að vörurnar sem ég sel séu framleiddar við góðar aðstæður, að verkamennirnir séu fullorðnir og njóti starfsréttinda og svo framvegis eða með öðrum orðum að þær séu Fair trade.“ Sigríður hefur fengið upplýsingar um suma framleiðendurna í gegnum störf sín fyrir Rauða krossinn, einnig verslar hún mikið við viðurkenndar heildsölur í Hollandi sem selja vörur frá mannúðlegum verkstæðum án þess að bera Fair trade-stimpilinn. Sumar vörur koma líka frá framleiðendum sem sjálfir styrkja mannúðarmál.

### RÁÐLEGT AÐ SPYRJA UM UPPRUNA VÖRU

Hún segir viðskiptavini búðarinnar oft hafa áhuga á uppruna varanna en fólk spyrji mismikið um þær.

Sigríður leggur til að kaupendur sem hafi áhuga á að kaupa Fair trade eða réttláta vöru spyrji verslunareigendur um uppruna vörunnar, hvar hún sé framleidd og við hvaða aðstæður. Það sé líklegra til að skila því markmiði sem fólk leitar eftir, að styðja við réttláta framleiðslu.

Verslunin Lítil í upphafi er nú rúmlega árs gömul og þó að tímarnir séu kannski ekki þeir bestu til þess að standa í rekstri ber Sigríður sig ágætlega. „Ég fór heldur ekki með önnur markmið en að borga sjálfri mér laun, ég ætlaði mér ekki að framfleyta fjölskyldunni á búðinni. Maður fer ansi langt á fastakúnnum“ segir Sigríður sem meðfram doktorsnámi sínu vinnur í búðinni.

## Mannúðarsjónarmið við framleiðslu

Hér eru nokkur dæmi um verkefnin að baki þeirrar vöru sem til er í versluninni.

- Yakkum-tréleikföngin koma frá endurhæfingarstöð í Yogyakarta í Indónesíu. Starfsmenn stöðvarinnar eru allir fatlaðir eftir slys eða hafa slasast í kjölfar jarðskjálftans sem reið yfir Yogyakarta og nágrenni í maí 2006. Nánari upplýsingar: www.allsaintsjakarta.org/yakkum.htm
- Zutano styrkir samtökin Global Action for Children, sem hafa það að markmiði að öll börn skuli hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu, menntun, fæði og stuðningsríku umhverfi svo þau geti átt innihaldsríkt og heilbrigt líf. Nánari upplýsingar: www.globalactionforchildren.org
- Kalinga-verkefnið í Hollandi framleiðir viðarkort sem renna til uppbyggingar skólastarfs fyrir börn sem fæðast inn í ruslahaugasamfélagið á Manila á Filippseyjum. Tengiliður verslunarinnar í Hollandi heimsækir verkefnið reglulega og sér til þess að peningarnir fari á rétta staði og skólastarfið fari fram eins og markmið segja til um. Nánari upplýsingar: www.kalinga.nl



Heimasíða verslunarinnar: www.litiliupphafi.is




*22. október - 18. nóvember*

# Villibráðarhlaðborðið

## *Ef hægt væri að senda lykt af villibráðarhlaðborði Perlunnar þyrfti engar myndir.*

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

Verð 8.290 kr.
*Tilboð mán. - mið.*
***7.290 kr.***

## Jólahlaðborð
*19. nóvember - 30. desember*
*(Jóla- og skötuhlaðborð í hádeginu þann 23. des.)*

Það borgar sig að panta borðið strax á jólahlaðborði Perlunnar — enda eitt vinsælasta jólahlaðborð landsins.
Verð 7.890 kr. - Tilboð mán.-mið. 6.890kr.



## Nýárskvöldverður
*1. janúar 2009*

5 rétta hátíðarseðill valinn af matreiðslumeisturum okkar. Lifandi kvöldverðartónlist með Þremur röddum og dansað fram eftir kvöldi með hljómsveit Þóris Baldurs.



Hönnun & ljósmyndir: Hringbrot

## Allt í steik
*Hefst 8. janúar 2009*

Hinn árvissi 4ra rétta „Allt í steik" seðill gleður bragðlaukana. Skyldumæting fyrir alla sem unna góðum mat á góðu verði.
Verð frá 5.590 kr.

**Tilvalið fyrir árshátíðina!**

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

BANKAHÓLFIÐ

## Ég vissi það!



Það voru dómsdagsspámennirnir sem vöruðu við yfirvofandi hruni svo mánuðum skipti áður en efnahagslífið fór á hliðina í fyrra. Þeir sem töldu sig vita hvert stefndi fengu í flestum tilvikum á sig stimpil leiðindapúka og voru harðlega gagnrýndir fyrir bölsýnina. Margir telja sig í dag hafa vitað hvert vegvísar efnahagslífsins bentu. Þvílíka ástundun má nefna páskildagatíðarsagnfræði en hún einkennist af því að vita í dag um orðna hluti í fortíðinni. Kenniorð þeirra sem slíka sagnfræði praktísera er: ég vissi þetta alltaf!

## Saklausir spámenn?



Ekki skal fingri bent á einstaka páskildagatíðasagnfræðinga sem farið hafa mikinn í prent- og ljósvakamiðlum. Að bloggurum ónefndum hefur Ríkisútvarpið fetað slóðina. Þar hafa fjölmargir fengið að opna sig í mismeitluðu máli gegn ýmsu sem telst neikvætt í dag, svo sem útrás íslenskra fyrirtækja og einstaklinga sem mikið bar á í uppsveiflunni. Bent hefur verið á að einn ónefndur gagnrýnandi hafi ekki sparað stóru orðin gegn flestum. Á Glitni hafi hins vegar verið tekið með silkihönskum. Þeir sem flagga fílsminni sakna umfjöllunar viðkomandi um útrásarskýrslu sem hann vann fyrir bresk-íslenska viðskiptaráðið haustið 2005. Skýrslan hét því skemmtilega heiti „Útrás íslenskra fyrirtækja til Lundúna“ og var byggð á hugmyndum gagnrýnandans. Helstu útrásarfyrirtæki þjóðarinnar styrktu skýrsluna enda tilgangur hennar að skýra öðru fremur árangur útrásar íslenskra fyrirtækja í Lundúnum.

## Tekur hálfan dag

Endurskoðunarfyrirtækið KPMG stendur fyrir ráðstefnu um endurreisn landsins á morgun. Yfirskriftin er „Endurskipulagning á erfiðum tímum“ og veitir sannarlega ekki af ráðum um slíkt athæfi. Fjöldi fyrirlesara heldur erindi; Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, Sigurður Jónsson, forstjóri KPMG, og Craig Masters, sérfræðingur um endurskipulagningu fyrirtækja, svo einhverjir séu nefndir. Ekki telur fyrirtækið endurreisn landsins mikið mál, ef marka má þann tíma sem fer í ráðslagið. Hálfan dag þarf til að komast að því hvað ber að gera til endurreisnar. Vonandi að sem flestir hlusti þessa nokkra klukkutíma og læri réttu handtökin.

**2.000** er sú upphæð sem hver Dani þarf að borga fyrir gjaldþrot Hróarskeldubankans, eða um 50 þúsund íslenskar krónur. Í ljós hefur komið að tap danska ríkissjóðsins er mun meira en áður var talið.

**115** er fjöldi banka sem hefur orðið gjaldþrota í Bandaríkjunum í ár. Á föstudaginn var urðu níu bankar gjaldþrota í Bandaríkjunum.

**1998** er nafnið á einkahlutafélaginu sem Jón Ásgeir Jóhannesson og fjölskylda eiga og er móðurfélag Haga sem rekur meðal annars Bónus og Hagkaup. Nafnið vísar til þess hvaða ár fyrirtækið var stofnað.


Skrifstofuhúsgögn













Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Níðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is




SAMSUNG Á SKRIFSTOFUNA – HEIMA EÐA Í VINNUNNI!

FRÁBÆRT FJÖLNOTATÆKI

**LITA LASERPRENTARI**: Upplausn: 2400 X 600 dpi
**SKANNI OG LJÓSRITUN**: Upplausn: 600 X 1200 (max 4800 X 4800)
**FAXTÆKI**: Leshraði: 3 sek pr/bls · Númeraminni: 30 beint
**ALMENNT**: Pappírsbakki inn/út: 150/100 blöð · Minni: 128 MB
**TENGING**: USB 2.0, Ethernet 10/100BaseTX

TILBOÐSVERÐ: 69.900,-
VERÐ ÁÐUR: ~~89.900,-~~




NÝR LITA LASER-PRENTARI

NÝR, NETTUR, HLJÓÐLÁTUR OG SKARPUR LASER LITA-PRENTARI

**Upplausn**: 2400 X 600 dpi
**Minni**: 32MB
**Hljóðmagn**: <49dB
**Stuðningur**: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux
**Tenging**: USB 2.0

VERÐ: 45.900,-




FÍNN LASERPRENTARI

**Laserprentari**: Svart-hvítur
**Prenthraði**: 16 bls./mín.
**Upplausn**: 1200 x 600dpi
**Stuðningur**: Windows, Mac OS, Linux
**Tenging**: USB 2.0

VERÐ: 19.900,-

ORMSSON

SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

3ja herb. 103 fm íbúð m/sérinng og verönd í N-bæ Hfj. Uppl. í s. 891 6768.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**

Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www. leigulidar.is eða 517 3440.

Til leigu herb. í Álftamýri. Reglusemi áskilin. S. 865 9637.

**Leigjendur, takið eftir!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu, lítil og stór. S. 895 2138.

## Húsnæði óskast

Er að leita að leiguhúsnæði í jaðri þéttbýlis á Suðvesturhorninu. Má vera sumarhús. Upplýsingar í símum 567 2101 eða 694 8101.

Enskumælandi hjonum vantar 2ja herbergja íbúð í 107 eða 101. Uppl. 618 9574

Óska eftir íbúð ekki minni en 3ja herb. S. 860 3948.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta. com eða annalilja@stracta.com

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir litlu skrifstofuhúsnæði í miðbæ Reykjavíkur. Einar, sími: 695 2413.

Lager/geymslu- og skrifst.húsnæði laust í Ármúla. 694 3113, leiga.armuli@gmail. com

Vilt þú minnka lagerhúsnæðið hjá þér? Vantar c.a. 100 fm. Uppl í S:8400470

## Geymsluhúsnæði

**Sparaðu þér sporin**

Sparaðu þér sporin Upphituð geymsla fyrir bíla, ferðavagna, mórorhjól og báta í pósnúmeri 105 Reykjavik. Uppl í síma 824-8425

**Geymsluhús.is**

Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH! gott verð!! Uppl, í síma 770-5144

Upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjum fyrir tjaldvagna og fellihýsi. Uppl. í s. 865 1166.

**www.buslodageymsla.is**

Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Er með upphitað geymsluhúsnæði fyrir Fellihýsi - tjaldvagna - hjólhýsi - pallhýsi. S. 867 1282.

**geymslur.com**

Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Atvinna í boði

SECURITY
ÖRYGGISFÉLAGIÐ

**Öryggisfélagið**

Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki á dag og næturvaktir í verslunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund og hreint sakarvottorð. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir á staðnum. www.115.is

**Viltu vinna hjá góðu og rótgrónu fyrirtæki?**

**Kringlukráin óskar eftir að bæta við sig starfsmann í ræstingu 40% - 60% starf fyrir hádegi. Aðeins íslensku-mælandi umsækjendur koma til greina. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is eða S.893-2323**

FISK KAUP HF.

**Gæðastjóri í fiskvinnslu**

Fiskkaup hf. óskar eftir gæðastjóra. Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu af gæðamálum og fiskvinnslustörfum. Þekking á HACCP er kostur. Áhugasamir sendi ferilskrá á agla@fiskkaup.is.

Óska eftir að ráða húsasmiði til starfa í allrahanda breytinga- og viðhaldsverkefni. Uppl í síma 6188418

Óskum eftir faglærðum iðnaðarmönnum. Sendið ferilskrá á noregur@gmail. com

Íslendingur með ljósmyndunarfyritæki í Danmörku óskar eftir fólki í myndvinnslu á Íslandi sem fyrst. Reynsla ekki aðalatriði en mikill áhugi fyrir myndvinnslu í Photshop áskilinn. einarmatthiasson@ gmail.com 616 2908 Einar Óli

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir úthringjurum til starfa á kvöldin. Góð laun í boði fyrir réttan aðila, uppl veitir Arnór í s: 772-3780 eða skari@tmi.is

Aukavinna í boði fyrir 25 ára og eldri við sölustörf nokkur kvöld í viku, erum í Hafnarfirði. Uppl í S: 844-5222

Starfsfólk óskast í sal á veitingastað í Skeifunni. Vinnutími 10-17 virka daga. Uppl. í s. 822 8830

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

30 ára járnsmiður/bifvélavirki með mikla reynslu leitar 100% vinnu. Einnig góð kunnátta á AutoCAD/Inventor/CNC S:697-8677/cobra@islandia.is

## Viðskiptatækifæri

Frábært þóknunarkerfi. Miklir tekjumöguleikar. Áhugasamir hafi samband bjornelmar@hotmail.com

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Símadömur 908 1616**
**okkur langar að heyra í þér !**

**Símadömur. 908 66666 & 908 2000.**

**Hringdu þegar þér hentar,engin bið!! Opið allan sólahringin.**



**Samkynhn. KK ath:**

Nú er mikið af auglýsingum samkynhneigðra karlmanna á Rauða Torginu Stefnumót, sem leita bæði skemmri og lengri kynna. Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 535-9923 en heyrir auglýsingar annarra í s. 905-2000 og 535-9920.



**Konur í ævintýraleit ath!**

Rauða Torgið Stefnumót kemur þér fljótt og örugglega í sambandi við karlmennina sem þú vilt kynnast. Þú auglýsir og spjallar frítt í s. 555-4321. Karlar heyra auglýsingar kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.



Dömurnar á Rauða Torginu eru fjölbreyttur og síbreytilegur hópur yndislegra kvenna sem njóta þess að daðra við karlmenn í síma. Hver þeirra verður vinkona þín í kvöld? símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).

## Atvinna

**Kanada kallar á þig!**



**Viltu lifa og starfa í Kanada ?**

Kynningarfundir Laugardaginn 7.nóv. n.k. að Hótel Loftleiðum og hefjast kl 10.00 Fundir verða á klukkustundar fresti til kl. 16. 00.

**Komdu og kynntu þér málið.**

Uppl. Í síma 773-4800

**peggy@pic-canada www.pic-canada.com**

## Fasteignir

**TIL SÖLU**



**Sumarbústaður við Valhallarstíg á Þingvöllum til sölu. Einstök staðsetning með virðulegri aðkomu og undurfögru útsýni yfir vatnið.**

Þessi virðulegi bústaður var byggður 1929. Húsið er 125 fm og er á tveimur hæðum. Húsið hefur verið mikið endurnýjað gegnum árin. Lóðarstærð: 5600fm. Tilboð óskast. Hægt er að nálgast frekari upplýsinga á netfangi: gammak@simnet.is



**Páll Guðmundsson**
Sölufulltrúi
S: 861-9300



**Þórarinn Jónsson**
Lögg.fast. hdl.

RE/MAX LIND

**Dalshraun 15 Hfj.**

**TIL LEIGU EÐA SÖLU**



Húsið er skráð 3409,7 fm og skiptist niður í verslun og lagerrými, á efstu hæð hússins var áður veislusalur og eldhús en hefur verið stúkað niður í íbúðir í dag. Gott útisvæði afgirt port er með húsinu. Byggingarréttur og teikningar eru til af nýju húsi sem mætti byggja með Reykjanesbrautinni. Húsið leigist að hluta eða í heilu lagi. **Allar nánari upplýsingar gefur Páll í síma 8619300 eða pallb@remax.is**

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 4 - 201 Kópavogur**

RE/MAX

Rúnar S. Gíslason
lögg. fasteignasali

**Bær**

**VERKTAKAFYRIRTÆKI**
**ÓSKAST TIL KAUPS**

Höfum kaupanda af verktakafyrirtæki á sviði jarðvegsvinnu.

Kaupandi vill skipta á luxusíbúðum í lokuðu hverfi á Spáni.

**Upplýsingar veitir Kristinn í síma 898 4125 eða kristinn@remax.is**

**RE/MAX Bær - Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík**

## Tilkynningar

Hef opnað læknastofu í Læknastöðinni Glæsibæ

Jóhannes Árnason

Sérfræðingur í Lýtalækningum
Plastic Surgery

Tímapantanir í síma: 535-6800

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Hólmsheiði, nýtt athafnasvæði**

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Hólmsheiði, nýtt athafnasvæði merkt A3 á Aðalskipulagi. Svæðið er staðsett norðan Suðurlandsvegar milli Hafravatnsvegar og hesthúsasvæðis í Almannadal. Megin markmið tillögunnar eru fjölbreytt framboð lóða með góðum tengingum við megin umferðarkerfi ásamt því að fella byggðina vel að náttúrulegum aðstæðum. Heildarstærð svæðisins er 132 ha og þar af eru u.þ.b. 69 lóðir af ýmsum stærðum allt frá 0,1 ha upp í 10 ha, flestar eru lóðirnar 0,1 – 0,5 ha. Jafnframt eru til kynningar greinargerð um skilmála svæðisins og umhverfisskýrsla. Auglýsing varðandi sama svæði frá 2007 fellur úr gildi við auglýsingu þessa og er þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við fyrri tillögu sérstaklega bent á kynna sér nýja tillögu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

**Starengi 6**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Engjahverfi vegna lóðarinnar að Starengi 6. Í breytingunni felst að nýtingu áhaldahúss á lóðinni er breytt í íbúðareiningu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

**Keilugrandi 12**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Eiðsgranda vegna lóðar Grandaskóla að Keilugranda 12. Í breytingunni felst að boltagerði verður staðsett á suðausturhluta lóðar og lóðarafmörkun skólans breytt.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

**Egilsgata 3**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar að Egilsgötu 3. Í breytingunni felst að byggð verður þriggja hæða viðbygging norðvestan við núverandi hús Domus Medica ásamt bílgeymslu á tveimur hæðum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

**Áland/Furuborg**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Borgarspítala vegna lóðar leikskólans Furuborg. Í breytingunni felst stækkun lóðar og byggingareits auk fjölgunar á bílastæðum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

***Auglýsing þessi er birt á ný þar sem röng dagsetning var á lokafresti til að skila inn athugasemdum í fyrri auglýsingu.***

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 4. nóvember 2009 til og með 16. desember 2009**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 16. desember 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 4. nóvember 2009
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

**PUFF DADDY ER FERTUGUR Í DAG.**

*„Mér líður vel í hvítu af því að innst inni er ég engill.“*

***Sean Combs, P. Diddy eða Puff Daddy er bandarískur tónlistarmaður, leikari og fatahönnuður.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 4. OKTÓBER 2008

## *Barack Obama kjörinn forseti*



Barack Obama var kjörinn forseti Bandaríkjanna þennan dag árið 2008.

Barack Hussein Obama yngri, sem er fæddur 4. ágúst 1961, er 44. forseti Bandaríkjanna og fyrrverandi fulltrúi Illinois í öldungadeild bandaríska þingsins. Samkvæmt Wikipedia-vefnum er Obama fimmti blökkumaðurinn sem setið hefur í öldungadeildinni en sá fyrsti sem gegnt hefur embætti Bandaríkjaforseta. Kona hans er Michelle, fædd Robinson, og eiga þau dæturnar Maliu Ann og Natöshu.

Hinn 10. febrúar árið 2007 tilkynnti Obama að hann hygðist bjóða sig fram sem fulltrúa Demókrataflokksins í bandarísku forsetakosningunum 2008. Aðalkeppinautur hans var Hillary Clinton. Barátta þeirra var löng og tvísýn framan af en eftir því sem á leið jókst forskot Obama og svo fór að lokum að Clinton játaði sig sigraða.

Obama sigraði síðan John McCain, öldungadeildarþingmann Repúblikanaflokksins, í forsetakosningum 4. nóvember 2008. Obama var settur í embætti 20. janúar á þessu ári.

### MERKISATBURÐIR

- **1869** Tímaritið Nature kemur fyrst út í Bretlandi.
- **1922** Breski fornleifafræðingurinn Howard Carter kemur niður að gröf Tutankamuns konungs.
- **1956** Sovéskar hersveitir gera innrás í Ungverjaland til að binda enda á byltinguna þar í landi.
- **1966** Áin Arnó flýtur yfir bakka sína við Flórens og færir hálfa borgina í kaf.
- **1969** Tveir strætisvagnar skella saman á Skúlagötu í Reykjavík og slasast sautján farþegar.
- **1984** Dell-tölvufyrirtækið er stofnað
- **1995** Yitzhak Rabin, forsætisráðherra Ísraels, er skotinn til bana af öfgasinnuðum Ísraela.

# Ráðstefna um hrossarækt



Árleg ráðstefna hrossaræktarinnar verður haldin á Hótel Sögu laugardaginn 7. nóvember og hefst hún klukkan 13.

Ráðstefnan er öllum opin sem láta sig íslenska hrossarækt varða. Þar verða flutt ir áhugaverðir fyrirlestrar auk þess sem heiðursverðlaun afkvæmahryssa verða afhent og viðurkenningar til ræktunarbúa 2009.

**HROSS** Ráðstefnan er opin öllum sem láta sig íslenska hrossarækt varða.




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S·HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


### AFMÆLISBÖRN



**KARL ÁGÚST ÚLFSSON** leikari er 52 ára í dag.



**MATTHEW MCCONAUGHEY** leikari er fertugur í dag.



**LUIS FIGO** knattspyrnumaður er 37 ára í dag.




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




**HALDA MÁLÞING** Í tilefni afmælisins verður efnt til málþings sem ætti að gefa góða mynd af því sem er að gerast í atferlisgreiningu á Íslandi í dag. MYND/ÚR EINKASAFNI

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ATFERLISGREININGU: ER FIMM ÁRA

# Ekkert mannlegt óviðkomandi

Samtök áhugafólks um atferlisgreiningu á Íslandi (SATÍS) fagna fimm ára afmæli um þessar mundir og munu félagar af því tilefni efna til málþings um stöðu atferlisgreiningar á Íslandi. Þar verður meðal annars farið yfir sögu atferlisgreiningar auk þess sem rannsóknir og starf í leikskólum, grunnskólum og á klínískum vettvangi verður kynnt.

„Málþingið ætti að gefa ágæta mynd af því sem er að gerast í rannsóknum og hagnýtri vinnu í atferlisgreiningu á Íslandi í dag og þarna verða allir helstu frumkvöðlarnir saman komnir,“ segir Kristín Guðmundsdóttir, formaður samtakanna, sem eru skipuð atferlisfræðingum, foreldrum barna sem hafa hlotið atferlismeðferð, kennurum, þroskaþjálfum og öðrum sem hafa áhuga á faginu.

„Atferlisgreining hefur verið kennd við Háskóla Íslands frá árinu 1974 en í tengslum við atferlismeðferð fyrir börn með einhverfu, sem var farið að bjóða upp á á tíunda áratugnum, héldu margir til frekara náms. Þegar þetta fólk sneri aftur þótti þörf fyrir sérstök samtök og voru SATÍS stofnuð í framhaldinu,“ segir Kristín.

Hún segir atferlisgreiningu vísindagrein sem fáist við rannsóknir og hagnýtingu á lögmálum hegðunar. „Fagið skiptist í vísindagrein þar sem unnar eru frumrannsóknir á tengslum umhverfis og hegðunar, hagnýta atferlisgreiningu þar sem einnig eru stundaðar rannsóknir og áhersla lögð á að nota vísindalegar aðferðir til að leysa samfélagsleg vandamál og að lokum í unga starfsgrein.“

Stór hluti atferlisfræðinga vinnur í skólakerfinu með börnum með frávik í þroska og hegðunarvanda. „Það sem færri vita er að við leggjum líka mörg hver stund á kennslu og búum til kennsluefni sem byggist á lögmálum hegðunar, en kjarninn í því sem við erum að gera er að kenna einstaklingnum nýja hegðun til að auðvelda þeim að taka þátt í samfélaginu. Atferlisfræðingar starfa síðan á ýmsum öðrum vettvangi og má í raun segja að ekkert mannlegt sé okkur óviðkomandi, en allt sem við gerum byggist á rannsóknum.“

Kristín telur mikla þörf á atferlisgreiningu nú þegar kreppir að. „Það eru margir sem glíma við erfiðleika og því meiri líkur á að það komi upp vandamál. Markmið SATÍS er að koma þeirri þekkingu sem er til á framfæri, styðja við rannsóknir, styðja við fólk sem vill fara í nám og kynna fagið fyrir almenningi, foreldrum og stjórnsýslunni.“

Afmælismálþingið fer fram í Odda föstudaginn 6. nóvember næstkomandi milli klukkan 13 og 18 og er öllum áhugasömum opið. **vera@frettabladid.is**



†

*Elskulegur bróðir og vinur okkar,*

**Björn Skaftason**

frá Hornafirði,

varð bráðkvaddur föstudaginn 30. október. Jarðarförin fer fram frá Hafnarkirkju laugardaginn 7. nóvember kl. 14.00. Kveðjuathöfn verður frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 4. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er góðfúslega bent á að láta líknarfélög njóta þess.

**Hildigerður Skaftadóttir**
**Elvar Örn Unnsteinsson**
**Íris Dóra Unnsteinsdóttir**
**Selma Unnsteinsdóttir**
**og fjölskyldur.**

**Unnsteinn Guðmundsson**
**Elínborg Ólafsdóttir**
**Hilmar Stefánsson**
**Pétur Magnússon**



†

*Fyrrverandi eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Haukur Þorleifsson**

áður til heimilis að Árgötu 1, Reyðarfirði,

lést á Dvalarheimilinu Dalbæ, Dalvík föstudaginn 30. október sl. Jarðsungið verður frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 7. nóvember kl. 13.30. Jarðsett verður í Garðakirkjugarði, Garðabæ.

**Þórey Baldursdóttir**
**Baldur Hauksson**
**Sveinborg L. Hauksdóttir**
**Þóra Kristín Hauksdóttir**
**og afabörnin.**

**Stefán Arinbjarnarson**
**Davíð Jóhannsson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Vilhelm Sigurður Annasson**

skipstjóri,
Norðurbakka 23, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 13.00.

**Særún Axelsdóttir**
**G. Margrét Vilhelmsdóttir**
**Guðný Anna Vilhelmsdóttir**
**Sjöfn Vilhelmsdóttir**
**Jónas Hlíðar Vilhelmsson**
**og barnabörn.**

**Jörgen Fröik**
**Trausti Magnússon**

**Bylgja Hilmarsdóttir**

# Til stuðnings stórri fjölskyldu

Styrktarleikur í knattspyrnu fyrir Sigurð Hallvarðsson og fjölskyldu hans verður háður 8. nóvember milli meistaraflokks Þróttar og Stjörnuliðs Willum Þórs. Sigurður, betur þekktur sem Siggi Hallvarðs, er í áttunda sæti yfir flest skoruð mörk með meistaraflokki karla á landinu frá upphafi. Hann hefur átt við veikindi að stríða undanfarið, fór nýlega í sinn þriðja uppskurð vegna illkynjaðs heilaæxlis og telur að loks hafi tekist að fjarlægja það. Hins vegar lamaðist hann vinstra megin eftir uppskurðinn og er nú í endurhæfingu á Grensásdeild. Siggi og Inga María Friðriksdóttir kona hans eiga samtals átta börn á lífi, eitt þeirra er fjölfatlað og dvelur ekki heima en þrjú börn eru á heimilinu, þar af eitt barnabarn.

Leikurinn á sunnudaginn hefst klukkan 13 á gervigrasinu við Þróttarheimilið í Laugardal. Meðal leikmanna Stjörnuliðsins eru Guðni Bergsson, Arnór Guðjohnsen og margar fleiri kempur. Aðgangseyrir er að eigin vali. Þá hefur verið stofnaður reikningur fyrir alla sem vilja styðja við bakið á Sigga. Reikningsnúmerið er 324-13-720, kt. 020163-2409. Gamlir félagar hans úr Þrótti vonast til að sem allra flestir sjái sér fært að styðja þennan gamla baráttuhund í þeim erfiða leik sem hann hefur neyðst til að spila. - gun




**SIGGI HALLVARÐS** Er í endurhæfingu á Grensásdeild eftir uppskurð.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fylgt í fótspor Fjalla-Bensa

Aðventa Gunnars Gunnarssonar verður meðal atriða á menningarhátíðinni Dagar myrkurs sem haldin er á Austurlandi 5. til 15. nóvember. Möguleikhúsið mun sýna einleik þar sem Pétur Eggerz, í hlutverki Fjalla-Bensa, fylgir áhorfendum í eftirleitir um fjöll og firnindi.

Sýningar verða tvær. Í Miklagarði á Vopnafirði 5. nóvember klukkan 20.30 og í Végarði í Fljótsdal 6. nóvember klukkan 21. Klausturkaffi á Skriðuklaustri mun bjóða upp á þjóðlegan kvöldverð fyrir sýninguna í Végarði.

Laugardaginn 7. nóvember verður svo haldið í fótspor Fjalla-Bensa á gæðingum nútímans og áð á völdum stöðum, lesið og leikið úr sögunni og rifjaðar upp sagnir af Benedikt Sigurjónssyni, fyrirmynd aðalpersónu Gunnars. Með í för verða Arngrímur Geirsson í Álfagerði sem kynntist Benedikt í æsku og Pétur Eggerz leikari. Notið verður kjarngóðra veitinga í Möðrudal um leið og sögulok verða rifjuð upp.

Ferðin er í samvinnu við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og Austurlandsdeild 4x4. Fólk getur komið á eigin jeppum á 35 tommu dekkjum sem hægt er að hleypa úr. Skráning er á ferdafelag@egilsstadir.is og í síma 863-5813 til 5. nóvember. - gun



**DROTTNINGIN** Farið verður langleiðina í Herðubreiðarlindir. MYND/ÚR EINKASAFNI

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við fráfall ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Kristrúnar Birgittu Kristjánsdóttur (Víp)**

áður til heimilis á Hellubraut 3, Hafnarfirði.

Starfsfólk hjúkrunarheimilisins Grundar fær sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun og góða framkomu.

**Steindór Olsen**
**Árný S. Steindórsdóttir** **Bragi Jóhannsson**
**Ásrún S. Steindórsdóttir** **Rögnvaldur Þ. Höskuldsson**
**og barnabörn.**

---



*Elskulegur bróðir okkar og mágur,*

**Hallberg Sigurjónsson**

Stuðlaseli 2, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu laugardaginn 31. okt. Jarðarförin auglýst síðar.

Fyrir hönd ættingja og vina,

**Sigurður Sigurjónsson** **Elísabet Guðmundsdóttir**
**Alda Rut Sigurjónsdóttir** **Ólafur Haraldsson**

---



*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Loftsdóttir**

frá Vilborgarstöðum, Vestmannaeyjum, Blöndubakka 12, Reykjavík,

sem lést 16. október verður jarðsungin frá Breiðholtskirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 13.00.

**Loftur Harðarson**
**Friðrik Harðarson** **Guðrún Sveinsdóttir**
**Ágústa Harðardóttir** **Jón Snorri Ásgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir mín, frænka og amma,*

**Guðríður Ásta Björnsdóttir**

frá Haukatungu, áður til heimilis að Barðavogi 11, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 2. nóvember. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 10. nóvember kl. 13.00.

**Ásgrímur Ágústsson**
**Valgarð S. Halldórsson**
**Unnur Halldórsdóttir**
**Valgerður Solveig Pálsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Arndís Ágústsdóttir**

frá Valhöll á Bíldudal,

sem andaðist á Landspítalanum 29. október sl. verður jarðsungin frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 5. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Bíldudalskirkju.

**Gústaf Jónsson** **Erla Árnadóttir**
**Jakobína Jónsdóttir** **Sigurþór L. Sigurðsson**
**Kolbrún D. Jónsdóttir** **Kristófer Kristjánsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini.**

---



*Faðir okkar, sonur, bróðir og mágur,*

**Steingrímur Eyfjörð Guðmundsson**

lést 2. nóvember á Landspítalanum. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sigurður Árni Steingrímsson**
**Sindri Már Steingrímsson**
**Guðmundur Pétursson**
**Bergljót Björg Guðmundsdóttir**
**Sveinn Haraldsson**

---



*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óli Júlíus Björnsson**

frá Siglufirði, til heimilis að Urðarbraut 2, Blönduósi,

verður jarðsunginn frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 7. nóvember kl. 14.00.

**Sigríður G. Pálsdóttir**
**Sverrir S. Ólason** **Björg V. Zophoníasdóttir**
**Birna Óladóttir** **Arnar E. Ólafsson**
**Helga Óladóttir** **Óskar B. Elefsen**
**Júlía Óladóttir** **Reynir Karlsson**
**afa- og langafabörn.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Baldvin Ásgeirsson**

fyrrverandi framkvæmdastjóri, Furulundi 15c, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar miðvikudaginn 28. október sl. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 5. nóvember kl. 13.30.

**Ívar Baldvinsson** **Valur Baldvinsson**
**Óttar Baldvinsson** **Ásrún Baldvinsdóttir**
**Vilhjálmur Baldvinsson** **Gunnhildur Baldvinsdóttir**
**Aðalbjörg Baldvinsdóttir** **Stefán J. Baldvinsson**
**og fjölskyldur.**

---



*Ástkær eiginmaður minn,*

**Jóhann Þórir Alfonsson**

sem andaðist sunnudaginn 25. október, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hans láti Parkinsonsamtökin á Íslandi njóta þess.

**Margrét Vigfúsdóttir Alfonsson.**

# Lægri greiðslubyrði

## Greiðslujöfnun sett sjálfkrafa á verðtryggð lán sem eru í skilum

Greiðslujöfnunin gildir frá og með gjalddaga í desember nema lántaki hafni því formlega fyrir 20. nóv. Lán í frystingu fer sjálfkrafa í greiðslujöfnun að frystingartíma liðnum. **Ef lán er í vanskilum** er lántaka bent á að leita til lánveitanda síns um leiðir til að koma því í skil og öðlast þá rétt til greiðslujöfnunar.

## Alltaf hægt að hafna greiðslujöfnun 10 dögum fyrir gjalddaga

Upplýsingar um tilkynningarform veita viðkomandi lánveitendur. Þeir sem hafna greiðslujöfnun nú geta sótt um hana síðar.

## Greiðslujöfnun á fasteignaveðlán í erlendri mynt þarf að sækja um sérstaklega og einnig vegna bílasamninga og bílalána.

### Almenn aðgerð:
### Það er sett á lengingu fasteignaveðlána vegna greiðslujöfnunar:




### Almenn aðgerð:
### Það sett á lengingu bílasamninga vegna greiðslujöfnunar:

- Afborganir lækka og verða tengdar greiðslujöfnunarvísitölu
- Gengistryggðir bílasamningar lengjast að hámarki um 3 ár
- Í lok þess tíma geta lántakar leyst til sín bifreiðina gegn greiðslu hugsanlegra eftirstöðva eða skilað bifreiðinni



## Dæmi um áhrif greiðslujöfnunar:

### Verðtryggt íbúðalán:
10 milljónir króna til 40 ára
tekið 1. júlí 2007, vextir 4,15%




### Gengistryggt íbúðalán og bílasamningar:
Íbúðalán: 20 milljónir kr.
Bílasamningur: 2 milljónir kr.
Karfa: Yen og svissneskur franki




### Gengistryggður bílasamningur:
2 milljónir kr. til 7 ára
tekið 1. júlí 2007, gengiskarfa




Upphafleg greiðslubyrði | Greiðslubyrði 1. október 2009 | Greiðslubyrði eftir aðgerðir

Íbúðalánasjóður · RÁÐGJAFARSTOFA UM FJÁRMÁL HEIMILANNA · NÝI KAUPÞING BANKI · SP-FJÁRMÖGNUN · LÝSING · AVANT

# nýjar leiðir

## Greiðslujöfnun, þak á lengingu lána, greiðsluaðlögun og sértæk skuldaaðlögun

Stjórnvöld hafa undirritað samninga við fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóði og Íbúðalánasjóð um úrræði vegna skuldavanda einstaklinga og heimila og framkvæmd þeirra.

Samningarnir fela m.a. í sér:

a. Almennar aðgerðir sem létta greiðslubyrði fólks.
b. Sértækar lausnir sem nýtast einstaklingum í alvarlegum greiðsluvanda.

Úrræðin ná jafnt til verðtryggðra sem gengistryggðra íbúða- og bílalána.

Úrræðin sem samningarnir taka til eru m.a. greiðslujöfnun fasteignaveðlána, greiðslujöfnun bílalána og bílasamninga og samkomulag um sértæka greiðsluaðlögun og sértæka skuldaaðlögun. Þau fela í sér umtalsverða lækkun á greiðslubyrði af fasteignaveðlánum og bílalánum og nýjar leiðir til að laga skuldir fólks að núverandi eignastöðu og greiðslugetu.

## Kynntu þér kostina

Fjárhagslegar aðstæður fólks eru mismunandi. Ekki henta öllum sömu lausnir. Kynntu þér úrræðin, kosti og galla, og leitaðu ráða ef þú ert í vanda vegna skulda eða tekjumissis – úrræðin eru til staðar.
Hjá viðskiptabanka/sparisjóði þínum, Íbúðalánasjóði og Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna starfar fólk sem hefur það hlutverk að veita þér upplýsingar um hvaða lausnir henta þér og aðstæðum þínum. Sjá nánar spurningar og svör á island.is

### Greiðslubyrði af íbúðalánum og bílasamningum lækkar umtalsvert í greiðslujöfnun og miðast við dagsetningar 2008:

Greiðslubyrði vegna verðtryggðra lána miðast við 1. janúar 2008:

**Algeng lækkun 15-20%**

Greiðslubyrði vegna gengistryggðra lána miðast við 2. maí 2008:

**Algeng lækkun 20-35%**

## Sértækar aðgerðir:

### Greiðsluaðlögun

Þetta úrræði er sérstaklega ætlað þeim sem orðið hafa fyrir umtalsverðu tekjufalli.

Greiðslubyrði láns verður sniðin að aðstæðum einstaklings og staðan endurmetin síðar.

### Sértæk skuldaaðlögun fjármálastofnana

Fyrir fólk í verulegum greiðsluvanda sem nægir ekki almenn leiðrétting eða önnur vægari greiðsluerfiðleikaúrræði.

Skuldir og eignir verða lagaðar að greiðslugetu með langtímahag heimilis í huga. Skuldaaðlögun getur átt sér stað með sölu eða yfirtöku eigna, hlutfallslegri lækkun krafna, framlengingu lána eða tímabundnum gjaldfresti. Vinnubrögð lánastofnana samræmd. Miðað er við að skuldarinn haldi að hámarki hóflegu húsnæði og bíl og geti staðið undir afborgunum vegna þessara eigna.

Landssamtök lífeyrissjóða · Sparisjóðirnir á Íslandi · Landsbankinn · Íslandsbanki · island.is · Efnahags- og viðskiptaráðuneytið · Félags- og tryggingamálaráðuneytið



SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

Námsbraut á meistarastigi

Einnig í fjarnámi

• Fjölmenningarfræði – málefni innflytjenda -LÁNSHÆFT NÁM

Námsbrautir á grunnstigi

• Gæðastjórnun
• Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun
• Rekstar- og viðskiptanám (Einnig í fjarnámi)
• Matsfræði
• Framkvæmdarferli mannvirkjagerðar – fjármögnun, samningar, útboðsreglur og uppgjör

Endilega kynntu þér námsbrautirnar

Umsóknarfrestur er til 1. desember nema í Matsfræði og Framkvæmdaferli mannvirkjagerðar sem er 20. janúar.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar

sími 525 4444

endurmenntun.is


# Bútasaumur stjórnvalda

BAKÞANKAR Kolbeins Óttarssonar Proppé



Einu sinni ákvað borgarstjórn Reykjavíkur að skynsamlegasta leiðin til að skipuleggja byggð í Vatnsmýrinni væri sú að skipuleggja svæðið heildstætt – eins og það heitir á hinu ástkæra ylhýra stofnanamáli. Hástemmdar ræður voru haldnar um hið stórkostlega tækifæri sem skipulagsyfirvöldum gæfist nú; heilt hverfi inni í ráðsettri borg yrði skipulagt frá a til ö. Háleitar hugmyndir um grænt hverfi litu dagsins ljós, hér skyldi kveða við nýjan tón.

**EN SVO** vantaði stórt fyrirtæki lóð og klipið var af Vatnsmýrinni. Þá vantaði skóla lóð – hótaði annars að fara í annað sveitarfélag – og klipið var af Vatnsmýrinni. Einhverjir vildu samgöngumiðstöð og klipið var af Vatnsmýrinni. Allt í einu varð nauðsynlegt að leggja sex akreina hraðbraut á svæðinu og klipið var af Vatnsmýrinni. Og allt í einu var einstaka tækifærið til nýrra vinnubragða fyrir bí. Skipulagið þarf nú að laga að bútasaumnum.

**EINU SINNI** ákváðu stjórnvöld á Íslandi að gera rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þar væri tekin ákvörðun um hvaða svæði skyldi virkja og hver yrðu vernduð. Með því yrði vonandi komið í veg fyrir deilur um hverja virkjun og þeir sem vildu virkja vissu þá hvaða svæði þeir ættu að láta í friði. Þessari framsýnu vinnu átti að ljúka árið 2000.

**SÍÐAN** hefur mikið vatn runnið til sjávar í gegnum túrbínur virkjana. Eitt verkefni kallar á þessa virkjun, annað á hina. Þarna var ákveðið að rannsaka, hér væri tilefni borana. Á þessum stað væri rétt að hafa iðnað og því væri nauðsynlegt að virkja á hinum.

**SKEMMST** er frá því að segja að rammaáætluninni er ekki enn lokið. Nýjustu fregnir herma að hún líti dagsins ljós á fyrri hluta næsta árs. Þá er búið að kippa ýmsum kostum undan henni sem þar voru þegar ákveðið var að fara í gerð áætlunarinnar. Staðan nú og þá er því allt önnur og það stjórntæki sem áætlunin er hefur ekki enn verið brúkað. Fjöldi ríkisstjórna og ráðherra hefur ekki getað klárað þetta mikla hagsmunamál; enda auðveldara að skella í eitt og eitt verkefni en að taka stóra slaginn um framtíðina.

**MIKIÐ** væri gaman ef framsýni og fyrirhyggja réði meiru hjá stjórnvöldum en bútasaumshugsunin.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**KÖRFUBOLTALIÐ GRINDAVÍKUR:** GENGUR ILLA EN EKKI HEITT UNDIR ÞJÁLFARANUM

# *Vandamálið er í hausnum á mönnum*

Karlalið Grindavíkur í körfubolta hefur farið skelfilega af stað í Iceland Express-deildinni. Unnið tvo leiki en tapað þremur. Fyrir mót var því spáð að Grindavík myndi rúlla yfir deildina en engir meistarataktar hafa sést hjá liðinu það sem af er móti.

„Við erum að spila með lítið sjálfstraust og hittnin er léleg. Við erum bara búnir að vera slakir. Við erum með frábærar skyttur sem hitta bara ekki. Þeir urðu ekki lélegir bara á einni nóttu og það er ljóst að vandamálið er í hausnum á mönnum,“ sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari liðsins. „Ég veit ekki hvort það er pressan sem var sett á liðið fyrir mót sem hefur þessi áhrif. Það er samt eins og menn séu hræddir við að tapa. Það er hallærisleg tilfinning og sérstaklega þegar menn hafa ekki unnið neitt,“ sagði Friðrik, sem fundaði með sínum mönnum í gærkvöldi til þess að fara yfir vandamálið.

Hefur þjálfarinn eitthvað velt sinni stöðu fyrir sér?

„Ég hef bara ekki tíma til þess. Ég er skuldbundinn þessu verkefni og mun gera mitt besta til að koma liðinu á flot aftur. Ef ég verð rekinn þá er það bara þannig,“ sagði þjálfarinn, sem þarf ekki að óttast brottrekstur eftir því sem formaður körfuknattleiksdeildarinnar, Magnús Andri Hjaltason, segir.

„Friðrik hefur algjört traust stjórnar deildarinnar. 150 prósent traust. Hann er toppmaður og það eru allir ánægðir með hann,“ sagði Magnús Andri og bætti við að Grindvíkingar myndu fá sér nýjan Kana þegar Friðrik væri búinn að finna rétta manninn.



**sport**

sport@frettabladid.is

# Jafntefli hjá risaliðunum

**AC Milan og Real Madrid gerðu jafntefli, 1-1, í fjórugum leik í Mílanó. Man. Utd og Chelsea skriðu í sextán liða úrslitin en bæði lið gerðu jafntefli í gær.**

**FÓTBOLTI** Manchester United og Chelsea eru bæði komin áfram í sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu eftir jafntefli í leikjum sínum í gær.

United lenti í kröppum dansi gegn CSKA Moskvu á heimavelli. Liðið lenti 1-3 undir en átti magnaðan endasprett eins og svo oft áður. Paul Scholes minnkaði muninn þegar sex mínútur voru eftir af leiknum og Shennikov varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark í uppbótartíma. Skot Antonio Valencia fór þá af honum og í netið. Valencia fagnaði markinu ekki með brosi frekar en fyrri daginn. Jafntefli dugði United til að komast áfram.

Didier Drogba kom til baka úr leikbanni í lið Chelsea og átti magnaðan leik. Eftir að Sergio Aguero hafði komið Atletico Madrid yfir skoraði Drogba í tvígang og virtist hafa unnið leikinn fyrir Chelsea. Hinn magnaði Aguero hafði ekki sagt sitt síðasta orð og jafnaði leikinn fyrir Madrid í lokin. Chelsea samt komið áfram.

Stórleikur AC Milan og Real Madrid var fjörugur. Real meira með boltann og átti fleiri skot að marki en Milan fékk betri færi í leiknum. Benzema kom Madrid yfir á 29. mínútu. Dida hélt þá ekki skoti frá Kaká, Benzema tók frákastið og skoraði af stuttu en þröngu færi.

Á 35. mínútu fékk Milan svo víti er boltinn fór í hönd Pepe. Ronaldinho tók spyrnuna og skoraði af ótrúlegu öryggi. Afar umdeilt atvik átti sér stað mínútu síðar. Þá vann Pato, leikmaður Milan, boltann í einvígi við varnarmann Real, lagði hann fyrir sig og skoraði glæsilegt mark. Markið var dæmt af sem var glórulaus dómur.

Síðari hálfleikur var rólegri og minna um færi. Raul fékk reyndar gullið færi undir lokin en Dida varði glæsilega. Jafntefli því niðurstaðan. Porto og Bordeaux tryggðu einnig sæti sín í sextán liða úrslitum keppninnar í gær.

**henry@frettabladid.is**




**MARKI FAGNAÐ** Ronaldinho skoraði af fáséðu öryggi úr víti í gær og hann fagnar hér markinu. Hann sýndi glæsileg tilþrif í leiknum. NORDIC PHOTOS/AFP

### *Meistaradeild Evrópu:*

**A-RIÐILL:**

FC Bayern-Bordeaux 0-2
0-1 Yoann Gourcuff (37.), 0-2 Marouane Chamakh (90.)
Maccabi Haifa-Juventus 0-1
0-1 Mauro Camoranesi (45.).
**STAÐAN:** Bordeaux 10, Juventus 8, FC Bayern 4, Maccabi 0.

**B-RIÐILL:**

Man. Utd-CSKA Moskva 3-3
0-1 Alan Dzagoev (25.), 1-1 Michael Owen (29.), 1-2 Milos Krasic (31.), 1-3 Vasili Beretzutsky (47.), 2-3 Paul Scholes (84.), 3-3 Georgy Shennikov, sjm (90.).
Besiktas-Wolfsburg 0-3
0-1 Zvjezdan Misimovic (14.), 0-2 Christian Gentner (80.), 0-3 Edin Dzeko (87.)
**STAÐAN:** Man. Utd 10, Wolfsburg 7, CSKA Moskva 4, Besiktas 1.

**C-RIÐILL:**

AC Milan-Real Madrid 1-1
0-1 Karin Benzema (29.), 1-1 Ronaldinho, víti (35.).
Marseille-FC Zurich 6-1
1-0 Silvan Aegerter, sjm (3.), 2-0 Fabrice Abriel (11.), 2-1 Alexandre Alphonse (31.), 3-1 Mamadou Niang (52.), 4-1 Vitorino Hilton (80.), 5-1 Benoit Cheyrou (87.), 6-1 Brandao (90.).
**STAÐAN:** Real Madrid 7, AC Milan 7, Marseille 7, FC Zurich 3.

**D-RIÐILL:**

Apoel Nicosia-Porto 0-1
0-1 Radamel Falcao (84.)
Atletico Madrid-Chelsea 2-2
1-0 Sergio Aguero (66.), 1-1 Didier Drogba (82), 1-2 Didier Drogba (88.), 2-2 Sergio Aguero (90.).
**STAÐAN:** Chelsea 10, Porto 9, Atletico Madrid 2, Apoel Nicosia 1.

Liverpool án Gerrard og Torres ekki heill heilsu er liðið mætir Lyon í Frakklandi:

# Stund sannleikans runnin upp

**FÓTBOLTI** Það er ansi mikið undir hjá Liverpool í kvöld er liðið sækir Lyon heim í Meistaradeildinni. Nánast ekkert annað en sigur kemur til greina ætli liðið sér að komast áfram í keppninni. Taki liðið ekki þrjú stig er staðan afar svört og félagið mun missa af gríðarlegum fjármunum komist það ekki áfram.

Lyon er efst í riðlinum með níu stig, Fiorentina er með sex stig og mætir slakasta liðinu í riðlinum, Debrecen, í kvöld. Liverpool er svo í þriðja sæti með þrjú stig. Tapi liðið í kvöld og Fiorentina vinnur verður munurinn sex stig á milli liðanna og aðeins tveir leikir eftir.

Liverpool mætir til leiks án fyrirliðans Steven Gerrard, sem er meiddur, og svo er Fernando Torres ekki heill heilsu þó svo hann hafi ferðast með liðinu. Hefur Benitez verið varaður við því að nota hann sparlega til að minnka áhættuna á því að Torres þurfi að leggjast undir hnífinn. Þess utan eru þeir Glen Johnson og Fabio Aurelio frá vegna meiðsla.

Staðan er því afar viðkvæm á þessum mikilvæga tímapunkti hjá félaginu þegar nánast allt er undir. **- hbg**



**BROTINN EN EKKI BUGAÐUR** Torres mun líklega aðstoða Liverpool í leiknum mikilvæga. NORDIC PHOTOS/AFP

### LEIKIR KVÖLDSINS

**E-riðill:**

Lyon-Liverpool Stöð 2 Sport
Fiorentina-Debrecen

**F-riðill:**

Rubin Kazan-Barcelona
Dynamo Kiev-Inter Sport 4

**G-riðill:**

Sevilla-Stuttgart
Unirea Urziceni-Glasgow Rangers

**H-riðill:**

Arsenal-AZ Alkmaar Sport 3
Standard Liege-Olympiacos

BÓNUS BÓNUS

Íslandsnaut
100% hreint
ungnautakjöt
30% afsláttur




FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 1049 kr.kg.




FERSKT UNGNAUTASNITSEL
MERKT VERÐ 2398 1679 kr.kg.




FERSK UNGNAUTAPIPARSTEIK
MERKT VERÐ 2998 2099 kr.kg.




FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS
MERKT VERÐ 2398 1679 kr.kg.




UNGNAUTAHAMBORGARAR
4 STK. MEÐ BRAUÐI
MERKT VERÐ 798 KR. 559 kr.

BÓNUS
BÝÐUR BETUR

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 6 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE INFORMANT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| THE INFORMANT | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| GAMER | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| GAMER | kl. 6 | VIP |
| FAME | kl. 5:50 - 8 | L |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8 SÍÐ SÝN | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 10 SÍÐ SÝN | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE INFORMANT | kl. 8:10 - 10:30 | L |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6:15(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8:10D - 10:30D | 12 |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 6:15D | L |
| ORPHAN | kl. 10:30 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8:30 SÍÐ SÝN | 12 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 6:15 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 8 | 12 |
| ORPHAN | kl. 8 | 16 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THIS IS IT LÚXUS | kl. 5.30 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| 9 | kl. 4 | 10 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| CAPITALISM | kl. 6 - 9 | 7 |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND SÍÐUSTU SÝNINGAR | kl. 5.45 | L |

facebook.com/smarabio AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS IT | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| JÓHANNES | kl. 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.40 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| WANTED AND DESIRED | kl. 5.45 | 12 |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| BROKEN EMBRACES | kl. 6 - 9 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 | 16 |


# Er þetta hamborgarastaður?

„Ég veit ekkert hver Emmsjé Gauti er. Makk-Gauti, þetta hljómar svolítið eins og hamborgarastaður," segir Ingó Veðurguð.

Rapparinn Emmsjé Gauti skaut föstum skotum að Ingó í fylgiriti Fréttablaðsins, Popp, og lagði til að það ætti að banna tónlistina hans, sérstaklega lagið Bahama.

Ingó þykir lítið til ummælanna koma. „Það er ekki hægt að taka mark á gæja sem skírir sig í höfuðið á hamborgarakeðju. Ég hef sagt það milljón sinnum áður að ég er ekki að spila fyrir Makk-Gauta eða einhvern álíka töffara. Á meðan hann er ofan í kjallara að reyna að semja frábæru tónverkin sín hef ég nóg að gera," segir hann. „En ég myndi pottþétt mæta ef hann myndi opna hamborgarastað."

Ingó er á leiðinni í fjölskyldu- og barnatúr um landið sem hefst í dag og stendur til 10. nóvember. Þar spilar hann bæði á hefðbundnum tónleikastöðum og í grunnskólum. „Ég held að þetta verði stemning. Ég hef aðeins spilað í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu en ekkert farið út á land áður í sérstakan túr. Ég spilaði í grunnskólanum á Akranesi um daginn og það var þvílíkt gaman. Krakkarnir kunnu öll lögin." - fb



**INGÓ** Ingó veit ekkert hver Emmsjé Gauti er. Hélt fyrst að um hamborgarastað væri að ræða.

**EMMSJÉ GAUTI** Vill láta banna tónlist Ingós Veðurguðs og þolir ekki lagið Bahama.

## FJÖLSKYLDU OG BARNATÚR INGÓS:

- 4. nóvember Egilstaðir
- 5. nóvember Akureyri
- 6. nóvember Akranes
- 7. nóvember Grindavík
- 7. nóvember Reykjanesbær
- 9. nóvember Ólafsvík
- 10. nóvember Mosfellsbær

# Fullorðnir og hjátrúarfullir

**Popphljómsveitin Á móti sól gefur á morgun út sína áttundu plötu. Meðlimir sveitarinnar hafa fullorðnast undanfarin ár, svo mjög að tveir þeirra eru á leiðinni í aðgerðir á næstunni.**



**Á MÓTI SÓL** Hljómsveitin vinsæla gefur á morgun út sína áttundu plötu, sem heitir einfaldlega 8.

Upptökur á 8 hófust í Danmörku árið 2006 en síðan hefur ýmislegt gengið á. Söngvarinn Magni fór í Rockstar-ævintýrið og vegna alls brjálæðisins í kringum það var ákveðið að gefa í staðinn út safnplötu um jólin 2006 með þremur nýjum lögum. Hún féll gríðarvel í kramið og seldist í tæplega átta þúsund eintökum, sem kemur ekki á óvart miðað við dyggan aðdáendahóp Á móti sól. „Árið eftir vorum við lítið að spila. Magni kom með sólóplötu og það passaði ekki að koma með plötu þá, þannig að við ákváðum að hún kæmi út fyrir jólin 2008 en þá kom kreppa," segir Heimir Eyvindarson hljómborðsleikari. „Við vonuðumst til að kreppan myndi líða hjá en svo hefur það náttúrulega ekkert gerst. Það var ákveðið haustið 2008 að fresta henni um ár og núna er hún loksins komin."

Sex ár eru liðin síðan síðasta plata Á móti sól, eingöngu með frumsömdum lögum, kom út. Hún hét Fiðrildi og náði gullsölu, fimm þúsund eintökum. Í kjölfarið komu út tvær tökulagaplötur sem seldust eins og heitar lummur, í um tuttugu þúsund eintökum. Heimir segir þá félaga hafa þroskast mikið síðan Fiðrildi kom út og það sannist á nýju plötunni. „Við erum orðnir fullorðnir menn. Árið 2006 var ég sem lagahöfundur búinn að taka ákvörðun um að taka þetta fastari tökum. Við vorum allir ákveðnir í að gefa okkur meiri tíma í þetta og reyna að vera svolítið alvarlegri. Það voru alls konar hlutir sem við ræddum markvisst um, eins og að vanda texta betur og allt svoleiðis," segir hann.

Til marks um það hversu fullorðnir þeir félagar eru orðnir er gítarleikarinn Sævar Helgason á leiðinni í mjaðmaskiptiaðgerð. Auk þess þarf Magni að gangast undir sína aðra magaaðgerð vegna bakflæðis. Fyrir vikið ætlar Á móti sól í frí eftir áramót í óákveðinn tíma. „Þetta er fyrsta alvöru fríið. Við tókum smá frí þegar Magni fór í Rockstar en við höfum aldrei tekið yfirlýst frí," segir Heimir. „Það verður ágætt að hvíla sig aðeins og hlaða batteríin. Við verðum byrjaðir aftur áður en við vitum af."

Nafn plötunnar 8 er tilvísun í fjölda platna með Á móti sól en einnig táknar talan allt í senn, vaxandi hamingju, hið óendanlega og eilífa vináttu. „Hönnuðinum okkar fannst þetta flott og fór að segja okkur alla þessa hluti um hvað átta táknaði. Hann er á kafi í allri þessari táknfræði. Við erum svo sem ekkert á kafi í hindurvitnum og hjátrú en við erum reyndar pínu hjátrúarfullir," segir Heimir. „Platan kemur út á fimmtudegi því ef við frumflytjum lög eða sendum frá okkur plötu er það alltaf á fimmtudögum. Er það ekki fimmtudagur til frægðar? Er maður ekki alltaf að vona að maður verði frægari og frægari?" segir hljómborðsleikarinn og hlær.

freyr@frettabladid.is

# Frostrósir velta tugum milljóna

„Við erum bara í skýjunum," segir Samúel Kristjánsson, skipuleggjandi Frostrósa-tónleikanna. Aðeins klukkustund eftir að miðasala hófst í gærmorgun höfðu selst yfir tíu þúsund miðar á tónleika Frostrósanna um allt land. Þar af er uppselt á tvenna tónleika í Laugardalshöll og nánast uppselt á Akureyri, þar sem tæplega tvö þúsund sæti eru í boði. Í Laugardalshöll seldist upp í tæplega sex þúsund sæti. „Þetta er miklu meira en við bjuggumst við og þess vegna erum við gjörsamlega óviðbúin því að bæta við fleiri tónleikum. Við ætlum að fara alan hringinn og sjá hvort það er gerlegt," segir Samúel. Meðal annars kemur til greina að halda þriðju tónleikana í Laugardalshöll 13. desember.

Miðað við viðtökurnar og væntanlega aukatónleika stefnir í að gestir Frostrósa í ár verði hátt í tuttugu þúsund talsins, sem er mun meira en síðustu ár þegar rúmlega tólf þúsund gestir mættu hvort árið. „Miðað við selda miða er ljóst að veltan hleypur á tugum milljóna króna. Þrátt fyrir þessar háu fjárhæðir segir Samúel að lítið standi eftir þegar búið sé að borga öllum sem að tónleikunum koma. Nefnir hann sem dæmi söngvara og hljóðfæraleikara, auk greiðslu fyrir tækjabúnað og leigu á tónleikastöðum. „Svo má benda á að síðustu ár höfum við stutt við bakið á alls konar góðgerðarmálum og látið gott af okkur leiða. Þegar vel gengur gerum við það enn betur." - fb



**ÞAKKLÁTUR FYRIR VIÐTÖKURNAR** Samúel Kristjánsson er mjög ánægður með góðar viðtökur við tónleikum Frostrósanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rangar aðsóknartölur á bíólista

„Það kom upp atvik sem benti til að um rangar tölur væri að ræða," segir Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri Smáís, Samtaka myndrétthafa á Íslandi.

Vikulegur listi yfir mest sóttu kvikmyndir landsins var ekki sendur út frá Smáís í byrjun vikunnar. Ástæðan er sú að átt hafði verið við tölurnar, samkvæmt niðurstöðum endurskoðunarskýrslu á helgaraðsókn nokkurra mynda. Er þetta kallað samningsbrot í tilkynningu frá Smáís.



**SÁTTASEMJARI** Snæbjörn í Smáís vinnur að því að ná sátt um vinsældarlista bíóhúsanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins beinast spjótin að Sambíóunum í málinu, en Snæbjörn staðfestir það ekki þrátt fyrir að þau hafi sent sérlista frá sér í gær.

Hann segir möguleika á að um mistök sé að ræða og að slíkt kalli á endurskoðun á ferli sem tryggir að upplýsingarnar séu réttar. „Nú greinir menn á innan samtakanna um hvernig ferlið á að vera og það náðist því miður ekki sátt í því áður en listinn var gerður," segir Snæbjörn.

Í Morgunblaðinu í gær kom fram að engin yfirlýsing yrði gefin út fyrr en forstjóri og framkvæmdastjóri fyrirtækisins kæmu til landsins. Forsvarsmenn Sambíóanna svöruðu ekki óskum Fréttablaðsins um viðtal í gær.

- afb

# Lífseigari en allir áttu von á

**Afmælistónleikar Todmobile eru í Óperunni í kvöld. Eyþór Arnalds segist engu hafa gleymt þótt hann hafi einbeitt sér að öðru en tónlist að undanförnu.**



**EINS OG AÐ HJÓLA** Todmobile 2009 – heldur upp á 20 ára afmælið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta er eins og að hjóla, gleymist ekkert þótt maður geri eitthvað annað á milli. Þetta er allt í fingrunum á manni. Verst að siggið er alveg farið af puttunum. Þetta er þó allt að koma," segir Eyþór Arnalds, sellóleikari og söngvari Todmobile. Hann hefur staðið í ströngu með félögum sínum við að æfa fyrir tónleika í Íslensku óperunni í kvöld. Það er verið að halda upp á að nú eru liðin tuttugu ár síðan fyrsta plata Todmobile kom út.

„Við héldum einmitt útgáfutónleika í Óperunni þá líka. Það þótti mörgum bratt því þetta voru fyrstu tónleikarnir okkar," segir Eyþór. „Bandið er lífseigara en allir áttu von á. Þetta átti bara að vera hliðarverkefni með tónsmíðadeildinni sem við Þorvaldur vorum í. En ég veit svo sem ekki hvort það verður haldið upp á fimmtíu ára afmælið."

Hljómsveitin hefur aldrei hætt, en spilað mismikið; síðast á afmælistónleikum Kaupþings á Laugardalsvelli haustið 2007. „Það gigg var tímanna tákn og það hefur margt breyst síðan þá. Ég vona að tónlist Todmobile sé kreppuvæn," segir Eyþór.

Mikill safnpakki kemur út með bandinu í dag. Pakkinn heitir Spiladósin og inniheldur tvo tóndiska og einn mynddisk. Tvö ný lög má finna í pakkanum, annað þeirra heitir „Ert ekkjað djókí mér" og er með hrunatexta eftir Andreu Gylfa.

Finnst Eyþóri ekkert erfitt að svissa úr sveitarstjórnarmálunum á Selfossi í Todmobile-poppið? „Nei, nei, það hefur aldrei truflað mig að sinna mörgu í einu. Samfélagið er fullt af sérfræðingum og því þykir kannski skrítið að hægt sé að gera fleira en eitt í einu. Afi minn var bóndi, en hann sá líka um rafstöðina og reri til fiskjar. Mér finnst þetta frekar spurning um að gera eitthvað skemmtilegt og að gera uppgötvanir. Það er fátt leiðinlegra en að endurtaka sig. Þess vegna reynum við alltaf að bæta einhverju við í hvert skipti sem við spilum og prófa eitthvað nýtt."

Og stutta hárið kemur ekki að sök í að ná upp fílingi á sellóinu. „Nú sveiflar maður bara hrossshárinu í boganum í staðinn. Það er svo sem ekki líffræðilega útilokað að ég safni faxi aftur, en ég stórefast um að það gerist. Allt hefur sinn tíma."

Langt er síðan uppselt varð á tónleikana í Íslensku óperunni í kvöld og verða aukatónleikar haldnir miðvikudaginn 18. nóvember á sama stað.

drgunni@frettabladid.is







> **Stephen Moyer**

„Ég hugsa að það sé auðveldara fyrir breskan leikara en bandarískan að leika vampíru. Okkar þjálfun byggist að svo miklum hluta á leikverkum sem skrifuð voru á 17. og 18. öld að við eigum auðveldara með að temja okkur fas og framkomu persónu sem hefur lifað í 200 ár.“

***Moyer fer með hlutverk vampírunnar Bill Compton í þættinum True Blood sem Stöð 2 sýnir í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HUGSAR TIL BERLÍNAR

# *Um menntunarþátt ríkisútvarpsins*

Þeir voru mættir á Sprengisand á sunnudag Jón og Páll Magnússynir og voru að þvarga um ríkisútvarpið. Jón fór með gamla rullu og það náði ekki inn í hans gráa haus að ríkisútvarpið sinnti einhverju öðru hlutverki en aðrir ljósvakamiðlar. Páll varðist fimlega, rökfastur, eins og hann getur verið á góðum degi. Rökum hans um Gufuna var ósvarað, rökum hans um gildi Rásar 2 fyrir innlendan menningariðnað í tónlist líka, enda sér maður ekki Jón Magnússon festa yndi við þá tegund tónlistar. Ég hló hátt þegar Páll tók fram að á þessum vetri sýndi RÚV gommu af íslenskum heimildarmyndum sem enginn annar sýndi. Sú staða hefur stillt framleiðendum upp við vegg; RÚV skammtar þeim úr hnefa gjald fyrir slíkt efni. Svo verður áfram nema sett séu lög á aðrar sjónvarpsstöðvar um hlutfall innlends efnis svo einhver samkeppni verði til á því sviði.

Laugardaginn á Gufunni skreytti Hjálmar Sveinson fínum fléttuþætti í Krossgötum sínum um Berlín, Austur-Þýskaland og múrinn. Hann var fallega samsettur og var sönnun þess hvað almannaútvarp getur gert vel. Þættinum verður haldið áfram með öðrum hluta enda eru Krossgötur þáttur sem tekur á málum af víðsýni og þekkingu. Í þessum fyrsta hluta kynntumst við íbúum í Berlín á þeim árum þegar múrinn var að rísa. Það voru merkilegar lýsingar. Ég veit ekki hvort þeir Jón og Páll hafa heyrt þáttinn, en fullyrða má að hann hafi komið þeim til nokkurs þroska hafi þeir lagt eyrun við. Og líka má fullyrða að Krossgötur Hjálmars hafi að þessu sinni gert heim þeirra stærri – hafi þeir hlustað.

Hjálmar er fínn útvarpsmaður og hvergi annars staðar á byggðu bóli gæfist honum tækifæri til að vinna slíkan þátt. Hvergi í íslenskum ljósvakamiðli gætum við heyrt svona þátt nema í metnaðarfullu almenningsútvarpi.



HJÁLMAR SVEINSSON ÚTVARPSMAÐUR

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.30** Lyon – Liverpool, beint, STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.20** Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



▶ **21.25** Grey's Anatomy STÖÐ 2



▶ **21.45** Eldsnöggt með Jóa Fel STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.05** Lipstick Jungle SKJÁREINN

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var... - Maðurinn** (6:26) (e)
**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennablaðs sem gefur út tískutímarit í New York. Aðalhlutverk: America Ferrera, Alan Dale, Mark Indelicato, Tony Plana, Vanessa L. Williams, Eric Mabius, Ashley Jensen og Ana Ortiz.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Fégræðgi** (The Love of Money) (1:3) Heimildamyndaflokkur í þremur þáttum frá BBC. Reynt er að leita svara við spurningunum hvað olli hruninu, hvað gerðist og hverjar eru afleiðingarnar.
**23.20 Stóra planið** (5:5) Íslensk gamanþáttaröð með harmrænu ívafi. Aðalhlutverk: Pétur Jóhann Sigfússon, Ingvar Sigurðsson, og Eggert Þorleifsson.
**00.00 Viðtalið** (Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyja) (e)
**00.30 Kastljós** (e)
**01.10 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 Auddi og Sveppi**
**10.55 Back To You** (12:17)
**11.25 My Name Is Earl** (22:22)
**11.50 Smallville** (2:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 E.R.** (15:22)
**13.45 Aliens in America** (11:18)
**14.15 Sisters** (4:28)
**15.00 The O.C. 2** (20:24)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Stóra teiknimyndastundin og Dynkur smáeðla.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (3:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (16:23)
**19.45 Two and a Half Men** (14:24)
**20.10 Gossip Girl** (5:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**20.55 Ástríður** (12:12) Lokaþáttur.
▶**21.25 Grey's Anatomy** (2:23) Dramaþáttur sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**22.10 True Blood** (7:12) Anna Paquin leikur unga gengilbeinu sem fellur fyrir myndarlegum manni sem reynist vera vampíra. Sjálf býr hún yfir yfirnáttúrulegum hæfileikum því hún getur lesið hugsanir.
**23.05 Sex and the City** (13:18)
**23.30 Big Love** (8:10)
**00.20 Sjáðu**
**00.50 Eleventh Hour** (15:18)
**01.35 E.R.** (15:22)
**02.20 Dog Soldiers**
**04.00 Gossip Girl** (5:22)
**04.45 Grey's Anatomy** (2:23)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**12.00 Race of Champions** Bein útsending frá Race of Champions en að þessu sinni er mótið haldið í Peking í Kína.
**15.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin** Endursýndur leikur.
**16.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**17.20 Meistaradeild Evrópu: Rubin Kazan - Barcelona** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**19.20 Meistaradeild Evrópu: Upphitun**
▶**19.30 Lyon - Liverpool** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Sport 3: Arsenal – AZ Alkmaar. Sport 4: Dynamo Kiev – Inter Milan.
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**22.20 Arsenal - AZ Alkmaar** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 19.40.
**00.10 Dynamo Kiev - Inter** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn er sýndur beint á Sport 4 kl 19.40.
**02.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

### SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.00 Skemmtigarðurinn** (7:7) (e)
**08.00 Dynasty** (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Skemmtigarðurinn** (7:7) (e)
**13.00 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 What I Like About You** (e)
**17.10 Dynasty**
**18.00 Nýtt útlit** (5:10) (e)
**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
**19.05 King of Queens** (15:25) (e)
**19.30 America's Funniest Home Videos** (42:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
▶**20.00 Spjallið með Sölva** (7:13) Umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti.
**20.55 America's Next Top Model** (3:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**21.50 Fréttir** (e)
**22.05 Lipstick Jungle** (3:13) Þáttaröð um þrjár valdamiklar vinkonur í New York. Nico á fullt í fangi með nýjan yfirmann þegar Kirby vill opinbera sambandið. Það er farið að hitna í kolunum hjá Victory og verktakanum Rodrigo og Wendy er heltekin af nýjasta verkefni sínu.
**22.55 The Jay Leno Show**
**23.45 Californication** (11:12) (e)
**00.20 CSI. Miami** (2:25) (e)
**01.10 The Contender Muay Thai** (e)
**02.00 Pepsi MAX tónlist**

### BÍÓ

**08.00 Riding Alone for Thousands of Miles**
**10.00 The Murder of Princess Diana**
**12.00 The Sandlot 3**
**14.00 Riding Alone for Thousands of Miles**
**16.00 The Murder of Princess Diana**
**18.00 The Sandlot 3**
**20.00 Little Miss Sunshine**
**22.00 Jesse Stone. Night Passage**
**00.00 A Perfect Murder**
**02.00 Fauteuils d'orchestre**
**04.00 Jesse Stone. Night Passage**
**06.00 The Prestige**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Portsmouth - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**19.35 West Ham - Aston Villa** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**21.40 Coca Cola-mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**22.10 Arsenal - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**23.50 West Ham - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### ÍNN

**20.00 Maturinn og lífið** Fritz M. Jörgensson ræðir við gest sinn um lífið og tilveruna á meðan þeir fylgjast með matreiðslumeistara útbúa kræsingar.
**20.30 Neytendavaktin** Þáttur um málefni neytenda í umsjón Ragnhildar Guðjónsdóttur.
**21.00 60 plús** Umsjón: sr. Bernharð Guðmundsson, Guðrún Guðlaugsdóttir og Tryggvi Gíslason.
**21.30 Óli á Hrauni** Þáttur um stjórnmál í umsjón Ólafs Hannessonar.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





# Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn mun í vetur bjóða upp á röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin svo því sé unnt að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins og móta fjárhagslega framtíð fjölskyldunnar.

| | | |
|---|---|---|
| 5. nóvember | Ísafjörður | Fjármál heimilisins |
| 12. nóvember | Akranes | Fjármál heimilisins |
| 19. nóvember | Hamraborg | Fjármál heimilisins |

**Skráning fer fram á landsbankinn.is og í síma 410 4000.**

**Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á landsbankinn.is.**

**FJÁRMÁLARÁÐGJÖF** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080. ENNEMM / SIA / NM39420

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### Ástríður



Ætlar Davíð í alvöru að láta verða af því að flytja til Danmerkur? Skilur hann ástina eftir eða munu þau á endanum ná saman? Ástríður er rómantísk gamanþáttaröð um unga konu sem ræður sig til vinnu hjá fjármálafyrirtæki korteri fyrir hrun þar sem allt er auðvitað að gerast en um leið ekki neitt. En þótt Ástríði reynist erfitt að fóta sig í hörðum heimi viðskiptalífsins þá gengur henni enn verr í mun harðari heimi ástarinnar. Með aðalhlutverk fer Ilmur Kristjánsdóttir.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Fégræðgi**

### Sjónvarpið kl. 22.25

Fégræðgi (The Love of Money) er heimildarmyndaflokkur í þremur þáttum frá BBC um alþjóðlega efnahagshrunið. Hér er leitast við að útskýra hvernig efnahags- og menningarlegar ákvarðanir, sem teknar voru síðustu 20 árin, leiddu til hrunsins í fyrra.




## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Á eigin vegum
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kátir voru karlar
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**16.30 Doctors** (2:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem greiða þarf úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (3:25)
**17.30 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.
**18.15 Seinfeld** (12:24)
**18.45 Doctors** (2:25)
**19.15 Doctors** (3:25)
**19.45 Gilmore Girls**
**20.30 Seinfeld** (12:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
▶ **21.45 Eldsnöggt með Jóa Fel** (5:10) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel. Matreiðslan verður þjóðlegri en áður, góðar steikur, matarmiklir pottréttir, súpur og einfaldir fiskréttir.
**22.15 Chuck** (9:22) Chuck lifði fremur óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
**23.00 Burn Notice** (9:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.
**23.45 The Unit** (1:11)
**00.30 Fangavaktin** (6:8)
**01.00 Modern Toss** (4:6)
**01.25 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** My Hero **12.30** My Hero **13.00** Blackadder Goes Forth **13.30** My Family **14.00** My Hero **14.30** Never Better **15.00** The Weakest Link **15.45** Blackadder Goes Forth **16.15** My Family **16.45** My Hero **17.15** Never Better **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** After You've Gone **19.30** Extras **20.00** Never Better **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** Dalziel and Pascoe **21.50** My Family **22.20** Extras **22.50** The Catherine Tate Show **23.20** Never Better **23.50** EastEnders

## DR 1

**12.00** Aftenshowet med Vejret **12.40** By på Skrump **13.10** Landsbyhospitalet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserode panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Vestindiens hemmelighed **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren - Spogelsesbilisten **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Hævet over mistanke **21.45** Onsdags Lotto **21.50** Taggart **23.00** Backstage **23.30** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Doktor Åsa **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Olivia **17.15** Ugler i mosen **17.35** Plipp, Plopp og Plomma **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Berulfsens konspirasjoner **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** True Blood **23.40** Ei rituell verd

## SVT 1

**12.05** Niklas mat **12.40** Hook **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Fashion. Modeveckan i New York **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Morden **21.00** True Blood **21.55** Kulturnyheterna **22.10** Livet i Fagervik **22.55** Krönika Melodifestivalen 2009 **23.55** Jekyll




Gallery Restaurant



HÓTEL HOLT / PETER LEHMANN DAGAR / 5. – 8. NÓVEMBER

# PETER LEHMANN DAGAR

*Helgin 5. – 8. nóvember verður tileinkuð ástralska víngerðarmanninum Peter Lehmann. Boðið verður upp á spennandi fjögurra rétta matseðil og sérvalin eðalvín frá Peter Lehmann fylgja hverjum rétti.*



Auglýsandinn er Hótel Holt

## VÍNKYNNING:

Þegar Peter Lehmann, hinn margverðlaunaði vínframleiðandi, er nefndur hugsa flestir um Barossa-dalinn í Suður-Ástralíu og Shiraz-þrúguna. Lehmann skipar sér í hóp virtustu vínhúsa Ástralíu með Shiraz-vínunum frá Barossa sem eru enn flaggskip fyrirtækisins.

*Vínkynningin er innifalinn fyrir matargesti en kostar 2.900 kr. fyrir vínáhugafólk. Bóka þarf sérstaklega í vínsmökkunina.*

*Vínin sem boðið verður upp á eru nánast eingöngu fáanleg frá veitingastað og verslun vínhússins í Barossa-dalnum.*
*Á vínkynningunni verður boðið upp á m.a. eftirfarandi vín:*
*Barossa Riesling*
*Barossa Semillon*
*Barossa Shiraz*
*Clancy's*
*Mentor Cabernet Sauvignon*
*Stonewell Shiraz*

## PETER LEHMANN MATSEÐILL:

Bryggjulagaður bleikjufleki þakinn hvítum sjávarperlum á þeyttu ávaxtafljóti
*Eden Valley Riesling*

Háfleginn skötuselur að hætti haustsins á paprikudraumi
*Barossa Chardonnay*

Heilsteikt fyllt dúfa ásamt stökkum kartöfluvöfflum, jarðsveppum og hinu óvænta
*„Mudflat" Shiraz- Muscatelle*

„Peach Melba" frá 1892
Dame Nellie Melba útfærsla Gallery Restaurant 2009
*Semillon Late Harvest*

Verð 14.500 kr.
Innifalið í verði fyrir matargesti er:
Fjögurra rétta matseðill ásamt eðalvínum frá Peter Lehmann og vínsmökkun.

Vínsmökkun fyrir aðra en matargesti 2.900 kr.
*Borðapantanir í síma 552 5700 og á gallery@holt.is*

holt@holt.is www.holt.is HOTEL HOLT Bergstaðastræti 37 s. 552 5700

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst bestu skyndibitarnir vera heilsuréttirnir á Nings og grilluðu kjúklingabringurnar hjá BK Kjúklingi á Grensásvegi.“*

Magnús Þór Samúelsson vaxtarræktarmaður.

# Stór dagur fram undan hjá skeggkokkum

Úlfar Eysteinsson og Tómas Tómasson ætla að leigja sér hestvagn og jólasveinabúning og gefa öllum leikskólabörnum eina litla gjöf ef Seðlabankinn lækkar ekki stýrivexti niður fyrir tíu prósent á morgun. „Við ætlum að fá styrk hjá Seðlabankanum fyrir þessu. Þeir geta ekki sagt nei við þeirri bón,“ segir Úlfar.

Kokkarnir tveir hafa nú safnað skeggi í næstum hálft ár til að mótmæla háum stýrivöxtum. Úlfar viðurkennir að hann hefði aldrei grunað að það myndi taka svona langan tíma að fá stýrivextina niður. Og að það hefði kannski verið skynsamlegra að hefja þessi mótmæli nú í haust.

„Hitinn var alveg að drepa mann í sumar,“ segir Úlfar. Tómas er hins vegar nokkuð sáttur með sitt skegg og sér ekki eftir neinu. Þótt hann játi nú að það verði gott að losna við það. „Annars er svona dökkur tónn í skegginu sem minnir mig á hvernig ég var einu sinni,“ segir Tómas. Úlfar er bjartsýnn fyrir morgundaginn og trúir því að stýrivextirnir fari niður fyrir tveggja stafa tölu. „Það eru allar forsendur fyrir stýrivaxtalækkun; búið að semja um Icesave og aflétta gjaldeyrishömlum að einhverju leyti,“ segir Úlfar. Tómas er ekki jafn bjartsýnn. „Nei, ég held að þeir verði ellefu. Kannski tíu til að friða þjóðina. En ég hef engar áhyggjur, við ætlum ekkert að gefast upp.“ **- fgg**



**SPENNTIR** Úlfar og Tómas hlakka til morgundagsins en þá kemur í ljós hvort stýrivextir fara niður fyrir tíu prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT**
**2.** þræðir í vefnaði, **6.** í röð, **8.** fiskur, **9.** vætla, **11.** lést, **12.** hnappa, **14.** ávöxtur, **16.** hróp, **17.** auð, **18.** kvabb, **20.** drykkur, **21.** ögn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** eyja, **3.** hætta, **4.** aldaskil, **5.** skordýr, **7.** þreklaus, **10.** einkar, **13.** net, **15.** lokaorð, **16.** rjúka, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ívaf, **6.** rs, **8.** áll, **9.** ila, **11.** dó, **12.** talna, **14.** plóma, **16.** óp, **17.** tóm, **18.** suð, **20.** te, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** krít, **3.** vá, **4.** aldamót, **5.** fló, **7.** slappur, **10.** all, **13.** nót, **15.** amen, **16.** ósa, **19.** ðð.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Katrín Hall.
2. Ásta R. Jóhannesdóttir.
3. Dagur Sigurðsson.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



**ÚTFLUTNINGSVÖRUR** Árni Jón Sigfússon og Sófus Gústavsson senda meðal annars lýsi, pylsur og nammi til útlanda. Allt íslenskt að sjálfsögðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### SÓFUS GÚSTAVSSON: SENDIR ÚTLENDINGUM HANGIKJÖT OG LÝSI

# HRUNIÐ TÓLFFALDAÐI SÖLUNA

„Það er búið að vera hreint út sagt bilun að gera,“ segir Sófus Gústavsson, framkvæmdastjóri Nammi.is.

Gengisfall íslensku krónunnar hefur hleypt miklu lífi í útflutning á íslenskri vöru. Vefverslunin Nammi.is fór úr því að selja nánast eingöngu sælgæti yfir í útflutning á vörum eins og lýsi, lopa og tónlist.

„Við misstum alveg námsmennina í útlöndum, sem var reiðarslag í byrjun, en söluaukningin var það gríðarleg að það skiptir okkur kannski engu máli í dag. Við tólfölduðum fyrirtækið,“ segir Sófus. Hann sendir vörur um allan heim, en þessa dagana er mest sent alla leið til Asíu. „Lýsisvörurnar eru gríðarlega vinsælar í Asíu,“ segir hann.

Íslenskur matur er vinsæll á Nammi.is, en Sófus segir að sælgætið sé alltaf pantað með. „Við erum með íslenskan mat, skyrið, lambakjöt og hangikjöt,“ segir hann. „Það er rosalega mikil sala í því núna. Útlendingar eru sérstaklega hrifnir af hangikjötinu – og þeir kaupa líka malt og appelsín.“ Nú líður að jólum og Sófus býst við að það hleypi enn þá meira lífi í söluna. „Um jólin má búast við því að útlendingar kaupi jólagjafirnar hjá okkur. Það er auðvitað algjör snilld.“

Nammi.is var með eitt og hálft stöðugildi fyrir tveimur árum, en í dag eru þrír í fullu starfi ásamt fjölda fólks í alls kyns íhlaupastörfum. Síðunni var breytt og vöruúrvalið aukið í kjölfar bankahrunsins, þegar salan tók hressilega við sér. „Útlendingarnir vildu kaupa meira af íslenskri vöru og þá hófum við að selja vörur sem voru ekki áður í boði á síðunni,“ segir Sófus. „Nammi.is byrjaði fyrst og fremst sem nammisala.“

Nýjasta varan á síðunni í dag er hinn rammíslenski lopi, en Sófus segir að gríðarleg eftirspurn sé eftir honum: „Bæði lopi og lopapeysur. Salan er miklu meiri en við bjuggumst við.“

**atlifannar@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikstjórinn **Gunnar Sigurðsson**, sem vinnur að heimildarmynd um hrunið, lýsti því yfir í viðtali við DV á dögunum að hann væri hættur að greiða af lánum sínum. Svartnættið er þó ekki algjört hjá þessum baráttumanni þar sem hann sást spóka sig í baðstofunni í World Class Laugum á dögunum. Baðstofan er þekkt afdrep fyrir þá sem vilja ekki baða sig með almúganum, en ekki er vitað hvort tilvikið hafi verið einangrað eða hvort Gunnar sé tíður gestur.



Gríðarleg ánægja var með tónleika Lady & Bird – Keren Ann og Barða Jóhannssonar – sem haldnir voru í París í síðustu viku. Löngu var orðið uppselt í hina 1.800 manna tónleikahöll og eru viðræður þegar hafnar um að endurtaka leikinn annars staðar. Margt frægðarfólk lét sjá sig á tónleikunum, meðal annars sendiherra Ísraels, sem mætti í lögreglufylgd, og franska leikkonan **Melanie Laurent**, sem lék aðalkvenhlutverkið í Inglourious Basterds.

Ekkert lát virðist vera á velgengni **Hallgríms Helgasonar** í Danmörku. Nývorið kom bók Hallgríms, Tíu ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp, út á vegum Lindhardt og Ringhof-forlagsins og hafa danskir bókarýnar tekið henni opnum örmum. Danska stórblaðið Politiken gaf verkinu fjórar stjörnur: „Bókin er kannski ekki jafn stór og tvær síðustu en góð er hún,“ skrifar bókarýnir Politikens. Jótlandspósturinn gaf bókinni fimm stjörnur og í sjónvarpsviðtali sagði menningarritstjóri blaðsins að hún væri ein af tveimur bestu bókum haustsins.



**- afb, drg, fgg**

Hannaðu þína eigin myndabók á oddi.is

VERÐ FRÁ 6.900 KR. EINTAKIÐ



Farðu inn á www.oddi.is og búðu til persónulega gjöf.
Vegleg innbundin myndabók með þínum myndum.

ODDI

# Ófrýnilegur í Prince of Persia

„Þetta er mun meira en ég átti von á, kemur kannski svolítið á óvart,“ segir Gísli Örn Garðarsson. Honum bregður fyrir nokkrum sinnum í stiklu kvikmyndarinnar Prince of Persia: The Sands of Time þar sem Jake Gyllenhaal, Gemma Arterton og Ben Kingsley eru meðal helstu leikara. Stiklan gefur góða mynd af umfangi kvikmyndarinnar, þetta er alvöru „blockbuster“ eins og Kaninn myndi segja. Persóna Gísla, hinn ófrýnilegi Vesír, er kynnt sérstaklega til leiks og leikarinn útskýrir að þessi harðskeytti náungi sé nokkuð fyrirferðarmikill. Þegar hann er á annað borð á hvíta tjaldinu. „Hann er vondi gæinn og nokkuð auðþekkjanlegur sem slíkur.“ Gísli hefur reynt að tala þetta hlutverk sitt aðeins niður og látið að því liggja í sumum viðtölum að hann kynni að enda á klippiborðinu. „Maður veit aldrei,“ segir Gísli en stiklan bendir til annars.

Gísli kveðst ekki geta gefið neitt upp um framvindu mála og er þögull sem gröfin þegar hann er spurður að því hvort einhver möguleiki sé á því að hann geti leikið í framhaldsmynd. „Ég er samningsbundinn Jerry Bruckheimer og Walt Disney og fer ekki að tala af mér í einhverju viðtali þegar svoleiðis fyrirbæri eru annars vegar,“ segir Gísli en til stóð að leikarinn myndi mæta í tökur í London í síðustu viku. Ekkert varð hins vegar af þeim. „Maður sér það kannski í þessari stiklu hvað þetta er stórt umfangs, það kom mér í opna skjöldu.“ **- fgg**



**HÖRKUNAGLI** Vesírinn sem Gísli Örn Garðarsson leikur er náungi sem kallar ekki allt ömmu sína ef marka má stiklu kvikmyndarinnar Prince of Persia: The Sands of Time.

# Stórbrotin leikhúsveisla!

GB, Mbl



„Allt er svo satt og rétt í þessari túlkun... Stjörnurnar skína á Stóra sviði Borgarleikhússins.“
GB, Mbl 3/11

„Sigur leikstjórans Hilmis Snæs sem fær þetta til að virka svona skínandi vel.“
JVJ, DV 2/11

„Stjörnuleikur sem endar með flugeldasýningu.“
BS, pressan.is 1/11

„Eitt besta leikrit síðustu ára... afar kröftug sýning.“
LL, RUV 31/10

„Unnin af mikilli og aðdáunarverðri fagmennsku.“
MK, eyjan.is 1/11

# FJÖLSKYLDAN

*(ágúst í Osage-sýslu)*

Pulitzer verðlaun
**Besta leikrit ársins 2008**
Tony verðlaun
**Besta leikrit ársins 2008**
Drama Desk verðlaun
**Besta leikrit ársins 2008**

## AUKASÝNINGAR
## Vegna gríðarlegrar eftirspurnar
## Sala hefst í dag kl. 10!

| | | | | Nýjar aukasýningar | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 6/11 kl. 19 | UPPSELT | Sun 22/11 kl. 19 | UPPSELT | Mið 25/11 kl. 19 | Aukasýning |
| Sun 8/11 kl. 19 | UPPSELT | Fim 26/11 kl. 19 | UPPSELT | Fim 3/12 kl. 19 | Aukasýning |
| Fim 12/11 kl. 19 | UPPSELT | Fös 27/11 kl. 19 | UPPSELT | Sun 6/12 kl. 19 | Aukasýning |
| Fös 13/11 kl. 19 | UPPSELT | Sun 29/11 kl. 19 | UPPSELT | Fim 10/12 kl. 19 | Aukasýning |
| Sun 15/11 kl.19 | UPPSELT | Lau 5/12 kl. 19 | UPPSELT | Sun 13/12 kl. 19 | Aukasýning |
| Mið 18/11 kl. 19 | UPPSELT | Fös 11/12 kl. 19 | UPPSELT | Fös 18/12 kl. 19 | Aukasýning |
| Fös 20/11 kl. 19 | UPPSELT | Mið 30/12 kl. 19 | Örfá sæti | Lau 19/12 kl. 19 | Aukasýning |

Sýningin er þrír þættir, hver 1 klst. að lengd. Hlé er eftir 1. og 2. þátt.

**Njóttu leikhúsveislunnar til fulls og fáðu þér lystauka í hléi**
Glæsilegir smurbrauðsplattar fyrir tvo eða fleiri frá **2.490 kr.**
Pantaðu fyrir sýningu og þín bíður ljúffengur lystauki í hléi.

Miðasala í síma 568 8000 og á borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Svansmerkt prentverk
UMHVERFISMERKI SVANURINN
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Damien Rice lentur

Írski hjartaknúsarinn **Damien Rice** lenti á landinu eftir hádegi í gær og sást skömmu síðar spóka sig í Bláa lóninu í fylgd með sellóleikaranum Vyvienne Long og **Kára Sturlusyni**, sem hefur áður staðið fyrir komu Írans knáa til landsins. Rice verður með opnar upptökur á nýju efni í kvöld og á morgun og kemur hann fram alls fjórum sinnum. Uppselt varð í upptökurnar á aðeins níu sekúndum, en um 90 miðar voru í boði á hverja tónleika. Mikil leynd hvílir yfir hvar upptökurnar fara fram, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður það á höfuðborgarsvæðinu.



### Aðstoðarmaður á svið

**Sigtryggur Magnason** er leikskáld gott og verðlaunað; eftir hann liggja lofuð verk á borð við Herjólfur er hættur að elska og Yfirvofandi. Leikhúsunnendur voru að vonum uggandi yfir að missa spón úr aski sínum þegar Sigtryggur gerðist stallari Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra. Sá ótti reyndist þó ástæðulaus; milli þess að rýna í fjölmiðlafrumvörp og annað tilfallandi hefur Sigtryggur fundið rúm til skrifta. Hann hefur nú samið nýtt leikrit fyrir Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands, sem fer á fjalirnar skömmu eftir áramót.



### Segjum það bara hreint út

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði orð í belg í umræðu um kjör garðyrkjubænda á Alþingi í gær. Sagði hann þá stjórnarliða, Atla Gíslason og Björgvin G. Sigurðsson, tala eins og þeir væru í stjórnarandstöðu og spurði í framhaldinu hver stjórnaði eiginlega landinu. Það stóð ekki á svari hjá **Lilju Mósesdóttur**, þingmanni VG, sem galaði úr sæti sínu: „AGS!" - afb, bs



## Mest lesið vísir.is

1. Með agúrku í ræðustól Alþingis
2. Kompásperri handtekinn með fíkniefni í Argentínu
3. Víkur sæti í máli gegn fyrrum fjármálaráðherra
4. Byr-börnin fengu 180 milljónir alls
5. Dreifðu grænmeti fyrir utan þinghúsið og gáfu Jóni blóm





